allt
ÖRLYGUR ÓLAFSSON
*Nostrar við súpur í Borgartúni*
matur tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS



birta
INDRIÐI GUÐMUNDSSON
*Leitar að hinu fullkomna sniði*
tískan í ræktinni
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU




BUBBI MORTHENS
*Sendir DV tóninn í nýju lagi*
frumflutti það á rás 2 í gærmorgun
FÓLK 50




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. janúar 2006 — 12. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## Siðferði og blaðamennska

Sú ritstjórnarstefna sem byggir á því að hafa það sem aðalreglu að birta myndir og nöfn fólks sem fjallað er um er ekki byggð á skyldu blaðamannsins til að segja sannleikann, segir Birgir Guðmundsson.



Í DAG 24



## Hvetur fólk eindregið til að halda sig heima

Í dag er föstudagurinn þrettándi. Símon Jón Jóhannsson framhaldsskólakennari hefur kynnt sér hjátrú og ritað um hana nokkrar bækur.

TÍMAMÓT 28

## Ísland lagði Noreg

Íslenska landsliðið í handbolta vann nauman sigur á Norðmönnum í æfingaleik ytra í gær. Ísland vann 31-30 eftir að hafa verið nokkrum mörkum undir lengst af leiks.



ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐAST SNJÓKOMA EÐA ÉL** en þó rigning eða slydda allra austast um tíma í dag. Frost yfirleitt 0-5 stig í dag en allt að 3ja stiga hiti austast um tíma en svo frystir þar síðdegis.

VEÐUR 4

# Ný raforkulög leiða til hærra vöruverðs

**Raforkuverð hefur hækkað um tugi prósenta hjá mörgum iðnfyrirtækjum eftir að ný raforkulög tóku gildi. Sveinn Hannesson segir hækkunina koma á óvart.**

**IÐNAÐUR** „Raforkuverð hjá okkur hefur hækkað um tæp fimmtíu prósent eftir þessar breytingar á raforkulögum og við notum svipað mikið rafmagn og Stykkishólmur,“ segir Björn Jónsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Myllunnar.

„Til að gera okkur samkeppnishæfari við fyrirtæki frá nágrannalöndunum höfum við hagrætt með þeim hætti að koma upp afkastamiklum en raforkufrekum tækjum. Við getum ekki hagrætt frekar til að mæta auknum kostnaði,“ segir hann. Aðspurður hvort þetta muni hafa þær afleiðingar að Myllan hækki vöruverð svarar hann: „Það er kannski lítið annað sem við getum gert en það gæti reynst afdrifaríkt í þeirri samkeppni sem nú ríkir.“

Hann segir enn fremur að þessar breytingar skerði samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og menn freistist til að flytja framleiðslu sína til útlanda. „Því undra ég mig á því að forsætisráðherra skuli segja að matarverð ætti að geta verið mun lægra á meðan fyrirtæki búa við þennan kost. Svo er olíuverð hátt og gengið óhagstætt svo að ég skil þetta óábyrga tal alls ekki,“ bætir hann við.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að í fjölmörgum iðnfyrirtækjum hafi menn sömu sögu að segja. „Það sem hefur komið okkur sérstaklega á óvart er að það eru frekar stærri iðnfyrirtækin sem verða fyrir þessu,“ segir hann. „Þetta kemur til vegna þess að við breytingarnar fóru fyrirtækin yfir á almennan taxta og það þýddi verulega hækkun fyrir mörg þeirra.“



SVEINN HANNESSON

Breytingar á raforkulögum sem tóku gildi fyrir iðnfyrirtæki um þarsíðustu áramót voru gerðar með það að augnamiði að koma á samkeppni í raforkusölu. Sveinn segir hins vegar að fyrirtæki sem hafi leitað tilboða hjá öðrum raforkusölum hafi mætt litlum áhuga.

„Ástæðan er sú að rafveiturnar hafa ekkert umfram rafmagn og verða því að kaupa rafmagn af Landsvirkjun á hæsta taxta fyrir nýjan viðskiptavin. Ég veit dæmi þess að stórfyrirtæki hafi fengið tilboð sem eru hærri en almennur heimilistaxti,“ segir Sveinn. - jse



HLERUNARBÚNAÐUR Í SVISS Hlerunarbúnaður svissneska hersins í Zimmerwald.

Meint leynifangelsi CIA:

## Fjaðrafok í Sviss vegna lekamáls

**SVISS, AP** Upplýsingar úr leyniskjali um meint leynifangelsi bandarísku leyniþjónustunnar í Austur-Evrópu sem birtar voru í svissnesku blaði hafa nú valdið miklu fjaðrafoki í Sviss.

Skjalið kvað vera upprunnið frá leyniþjónustu svissneska hersins, sem hleraði leyniskeyti frá Egyptalandi til Lundúna, en því var lekið til vikublaðsins SonntagsBlick. Skeytið virðist staðfesta orðróminn um leynifangelsin. Fjölmiðlar í Sviss spyrja nú hvers vegna stjórnvöld hóti lögsókn á hendur SonntagsBlick og þeim sem láku skjalinu, en fordæmi ekki Bandaríkjastjórn fyrir gerðir sínar. ■



FJÖLDAÁREKSTUR Tíu bílar lentu saman í fljúgandi hálku í Ártúnsbrekku rétt fyrir klukkan tíu í gærkvöld. Slysið varð með þeim hætti að fyrst lentu tveir bílar saman sem voru á leið austur og snerust til á veginum. Við það rakst svo hver bíllinn á annan því erfitt var um vik við þessar aðstæður. Ökumenn og farþegar sluppu að mestu leyti án teljandi meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fríðindakort félagsmanna KEA:

## Kaupmenn hóta stríði við KEA

**VIÐSKIPTI** Kaupmannafélag Akureyrar gagnrýnir harðlega fyrirhugaða útgáfu Kaupfélags Eyfirðinga á fríðindakorti félagsmanna í KEA. „Það er okkar ósk að forsvarsmenn KEA snúi sér að uppbyggingu atvinnulífs á Akureyri í stað þess að stýra viðskiptum bæjarbúa til valdra fyrirtækja. Ef forsvarsmenn KEA láta ekki af áformum sínum eru kaupmenn tilbúnir í stríð við þá,“ segir Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélagsins.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi KEA, segir að félagið ætli ekki að breyta áformum sínum um útgáfu fríðindakorts enda hafi undirtektir kaupmanna verið góðar. - kk

Troðningur á síðasta degi hajj-pílagrímahátíðar múslima í Mekka:

# Hundruð manna tróðust undir

**SÁDI-ARABÍA, AP** Að minnsta kosti 345 manns tróðust undir í Mekka í gær, er þúsundir pílagríma þustu til að taka þátt í táknrænni grýtingu við lok hinnar árlegu hajj-hátíðar múslima. Troðningurinn hófst er fólk hnaut um farangur sem lá í götunni. Það með fór af stað keðjuverkun sem olli því að áður en varði lágu hátt á fjórða hundrað manns örendir, að sögn sádi-arabíska innanríkisráðuneytisins.

Atburðirnir gerðust á stað sem kallast al-Jamarat þar sem pílagrímunum býðst að grýta þrjár súlur, sem tákna djöfulinn, og hreinsa sig þar með á táknrænan hátt af syndum sínum. Allir pílagrímar sem leggja leið sína til Mekka og Medínu vilja ljúka ferðinni með því að koma við hjá al-Jamarat, en í gær var síðasti dagur hajj-hátíðarinnar í ár. Tugþúsundir pílagríma streymdu að grýtingarstaðnum um þröng strætin og í mannþrönginni þurfti ekki meira til en farangur í gangveginum til að hrinda af stað hinum mannskæða troðningi.

Að sögn læknis á vettvangi slösuðust um 1.000 manns.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem svona gerist á þessum stað. 1.426 manns tróðust þar undir árið 1990 og 244 árið 2004. - aa



HARMLEIKUR Á HAJJ-HÁTÍÐ Sádi-arabískir lögreglumenn, sjúkraliðar og pílagrímar á vettvangi í gær þar sem búið var að breiða yfir lík nokkurra þeirra sem tróðust undir.


LESTUR MEÐAL 25-49 ÁRA

**Atvinnuleitin hefst í Fréttablaðinu!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



Prófkjör X-D í Kópavogi 21. janúar

ÁRÆÐI OG UMHYGGJA
ÁRMANN KR.
2
Í ANNAÐ SÆTIÐ



Kosningaskrifstofa Bæjarlind 4.
Opið frá kl. 16.00 virka daga og frá kl. 13.00 um helgina.
*Verið velkomin!*
Símar: 586 9090 og 899 9490.
www.armannkr.is



## SPURNING DAGSINS

*Elfar Logi, ertu ekkert súr yfir þessu?*

„Ég er kannski pínulítið súr, en hlakka líka til þess að fást við Gísla þegar honum verður lyft úr súrnum og aftur á fjalirnar.“

Elfar Logi Hannesson leikari undirbýr þessa dagana uppsetningu á einleik sem heitir Dimmalimm, en lætur þá af sýningum á einleik um Gísla Súrsson á meðan.

Borgarráð Reykjavíkur leggst gegn sölu eignarhluta borgarinnar í Landsvirkjun:

# Algerlega óviðunandi verð

**REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar allra flokka í borgarstjórn Reykjavíkur eru sammála um að mat á verðmæti Landsvirkjunar sé of lágt og Reykjavíkurborg geti ekki selt hlut sinn í fyrirtækinu.

Landsvirkjun er metin á 56 milljarða króna og á Reykjavíkurborg 45 prósenta hlut í orkufyrirtækinu. Miðað við uppsett verð fengi borgin liðlega 25 milljarða króna fyrir hlutinn.

Meirihlutinn lét færa til bókar í borgarráði í gær að verðmatið væri ekki viðunandi. Borgarráð lagði áherslu á samfélagslegt eignarhald orkufyrirtækja og teldi yfirlýsingar um einkavæðingu orkufyrirtækja ekki til þess fallnar að greiða fyrir viðræðum um kaup ríkisins á eignarhluta borgarinnar í Landsvirkjun.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði lýstu sig sammála þessu og að 56 milljarða króna verðmat á Landsvirkjun væri ekki viðunandi. „Enda hvort eð er engin samstaða um það innan núverandi meirihluta í borgarstjórn að selja eignarhlutinn,“ eins og segir í bókuninni.

Ólafur F. Magnússon, áheyrnarfulltrúi F-listans, lýsti sig sammála öðrum borgarráðsmönnum og lét bóka að ábyrgð Reykvíkinga á lánum Landsvirkjunar yrði aflétt við sölu. - jh



**RISABOR NOTAÐUR VIÐ KÁRAHNJÚKA** Landsvirkjun kostar stærstu virkjunarframkvæmdir Íslandssögunnar við Kárahnjúka.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Hannes og Jón mætast tvisvar

**HÉRAÐSDÓMUR** Þingfest verður í dag í Héraðsdómi Reykjavíkur mál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar gegn Jóni Ólafssyni er varðar ágreining um framkvæmd fjárnámsgerðar sem fram fór á grundvelli hins enska meiðyrðadóms. Að sögn Heimis Arnar Herbertssonar lögmanns gerði Hannes Hólmsteinn meðal annars þær athugasemdir við fjárnámið að honum hafi verið synjað um heimild til að leggja fram tryggingu til að forða fjárnámi.

Þá verður fyrirtaka í máli Jóns gegn Hannesi sem sprottið er af ágreiningi um aðfararhæfi meiðyrðadómsins milli Bretlands og Íslands. tekið fyrir í dag. - jss

Kínverska mafían:

## Hefur náð fótfestu í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Starfsemi kínversku mafíunnar hefur nú náð fótfestu í Svíþjóð og rekur að mestu leyti löglega starfsemi á veitingahúsum, þó eru stundum ólögleg spil eftir lokun, að sögn vefútgáfu Aftonbladet.

Svenska Dagbladet vitnaði í gær í skýrslu ríkislögreglustjóraembættisins í Svíþjóð sem sagði að einnig væru dæmi um fjárkúgun, verndarstarfsemi og rán af hálfu mafíunnar. Starfsemin á rætur að rekja til héraðanna Zheijang og Fujian í Kína. ■



**LÖGREGLAN** Þeir sem hafa orðið fyrir innbroti eru ánægðari með þjónustu lögreglu en þeir sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Sex prósent kæra kynferðisbrot til lögreglu

**Þolendur kynferðisbrota eru óánægðari með þjónustu lögreglu en þolendur innbrota. Óánægðir telja að lögreglan hafi ekki sýnt nægan áhuga. Helmingur þeirra sem urðu fyrir kynferðisbrotum leit ekki á atvikið sem afbrot.**

**LÖGREGLAN** Rannsókn sýnir að rúmlega helmingur svarenda eða einhver á heimili þeirra hefur orðið fyrir því að brotið var á þeim á síðustu fimm árum, þar af um fjórðungur árið 2004. Tæplega sex prósent svarenda sögðust hafa orðið fyrir kynferðisbroti á síðustu fimm árum og tæplega tvö prósent árið 2004. Mun fleiri konur en karlar hafa orðið fyrir kynferðisbroti, eða 10 prósent en 1,3 prósent karla.

Meirihluti þeirra sem urðu fyrir kynferðisbroti lýsti því sem særandi framkomu en rúmlega fjórðungur lýsti því sem grófri kynferðislegri áreitni. Einum af hverjum tíu hafði verið nauðgað og svipaður fjöldi taldi ofbeldið tilraun til nauðgunar. Rúmur helmingur þeirra sem urðu fyrir kynferðisbrotum leit ekki á það sem afbrot.

Í langflestum tilfellum var um einn brotamann að ræða og þekkti tæplega helmingur brotaþola brotamanninn með nafni. Í flestum tilfellum var hann vinnufélagi eða náinn vinur en stundum ættingi eða núverandi eða fyrrverandi maki.

Algengasti vettvangur kynferðisbrota var annars staðar en á heimili þolanda eða vinnustað, næstalgengast á eigin heimili eða í vinnunni. Tíundi hluti kynferðisbrota átti sér stað erlendis. Gögn Stígamóta sýna hins vegar að langalgengast sé að brotin eigi sér stað á heimili.

Misjafnt er hvort ánægja ríkir með þjónustu lögreglu. Þrír fjórðu þeirra sem hafa orðið fyrir innbroti eru ánægðir en aðeins 43 prósent þolenda kynferðisbrota. Þeir sem voru óánægðir töldu að lögreglan hefði ekki gert nóg eða ekki sýnt nægan áhuga á málinu. Þetta átti sérstaklega við um þá sem voru óánægðir með úrlausn í kynferðisbrotamálum.

Aðeins 5,8 prósent þolenda kynferðisbrota tilkynntu kynferðisbrot til lögreglu. Guðrún Jónsdóttir, starfskona Stígamóta, segir að til Stígamóta leiti fólk sem ætli sér ekki að leita til lögreglu og það komi með gömul mál og í þeim tilgangi að láta sér líða betur. Það sé mun erfiðara að kæra brot sem framin eru af nákomnum.

Í bókinni Brotaþolar, lögreglan og öryggi borgaranna eru birtar niðurstöður úr íslenskum hluta Alþjóðlegu fórnarlambakönnunarinnar sem gerð var hér á landi í ársbyrjun í fyrra. Úrtakið var 3.000 manns og var svarhlutfallið 67 prósent. ghs@frettabladid.is



**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR** Tæplega sex prósent svarenda höfðu tilkynnt kynferðisbrot til lögreglu og er það í samræmi við vitneskju Stígamóta.



**FRJÁLS FERÐA SINNA** Mehmet Ali Agca, sem fangelsaður var fyrir að skjóta páfa, yfirgefur fangelsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilræðismaður páfa:

## Sleppt úr tyrknesku fangelsi

**TYRKLAND, AP** Tyrkinn Mehmet Ali Agca, sem setið hefur í fangelsi í tæp 30 ár fyrir að sýna Jóhannesi Páli II páfa banatilræði á Péturstorginu í Róm árið 1981 og fyrir að drepa tyrkneskan blaðamann, var látinn laus úr fangelsi í gær. Agca er þó ekki laus allra mála, því bæði vék hann sér undan lögboðinni herskyldu og strauk úr herfangelsi á áttunda áratugnum. Óljóst er hvort hann þurfi að gjalda fyrir þau verk.

Páfinn heimsótti hann í fangelsi tveimur árum eftir tilræðið og fyrirgaf honum, en Agca hefur enn ekki gefið ástæðu fyrir gjörðum sínum. - smk

Verðbólgan:

## Hærri en spáð hafði verið

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga mælist 4,4 prósent í janúar og er það mun meiri hækkun en spáð hafði verið. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,32 prósent frá því í desember en gert hafði verið ráð fyrir verðhjöðnun eða lítilsháttar hækkun.

Matvæli og drykkjarföng hækkuðu mikið milli mánaða, eða um tvö prósent, og segir á vef ASÍ að greinilegt sé að verðlækkanir í kjölfar verðstríðs Krónunnar, Bónuss og Nettó síðasta vor séu að engu orðnar.

Frá því í sumar hefur dagvara hækkað um sex prósent. - ghs

Útilokunarákvæði samninga:

## Brot á mannréttindum

**VINNUMARKAÐUR** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp þann dóm að útilokunarákvæði í kjarasamningum þess efnis að enginn megi vinna hjá viðkomandi atvinnurekanda nema félagsmaður sé í tilteknu verkalýðsfélagi brjóti gegn 11. grein Mannréttindasáttmála Evrópu.



**MAGNÚS M. NORÐDAHL** Lögfræðingur ASÍ.

„Við lítum svo á að þessi dómur hafi engin áhrif á ákvæði þeirra kjarasamninga sem við gerum. Svona ákvæði voru í kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ fram eftir síðustu öld en þau er ekki að finna lengur í kjarasamningum ASÍ,“ segir Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. - ghs

Brotinn eftir líkamsárás:

## Réðust á óboðinn gest

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fertugsaldri handleggs- og rifbeinsbrotnaði eftir að fimm menn á tvítugsaldri réðust á hann fyrir utan heimahús á Höfn í Hornarfirði á sunnudagsmorgun.

Að sögn lögreglu reyndi maðurinn, sem var á Höfn í helgarheimsókn, að komast inn í gleðskap ungmennanna sem haldinn var í heimahúsinu. Hann hefur nú lagt fram kæru vegna málsins. - jse

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson RE 200 kemur á loðnumiðin í dag:

# Nokkra daga tekur að mæla

**SJÁVARÚTVEGUR** Nokkra daga getur tekið að mæla hvort loðna norður og norðaustur af Langanesi er í veiðanlegu magni. Sveinn Sveinbjörnsson, leiðangursstjóri á Árna Friðrikssyni RE, rannsóknaskipi Hafrannsóknastofnunar, gerði síðdegis í gær ráð fyrir að komast á loðnuslóðina í dag.

Tekin var um það ákvörðun skömmu fyrir hádegi í gær að senda Árna á staðinn. „Við erum hér á siglingu í leiðindaveðri út af Austfjörðum,“ sagði Sveinn síðdegis í gær. Gera átti stuttan stans á Seyðisfirði áður en haldið yrði á miðin.

Síðustu daga hafa nokkur frystiskip verið við veiðar út af Langanesi og fréttir borist af því að líf sé á svæðinu, loðna og hvalur. „En við eigum eftir að krussa nokkrum sinnum yfir gönguna, það tekur einhverja daga,“ segir Sveinn.

Komist Hafrannsóknastofnun að því, eftir talningu, að loðnan sé komin, verða gefnar út aflaheimildir og opnað fyrir veiðar. Útvegsmenn bíða fregna í ofvæni enda hagsmunamál að geta hafið veiðar og vinnslu sem fyrst.

Í gær komu til hafnar einhver frystiskipanna sem verið hafa við veiðar út af Langanesi og lönduðu frystum afla, en þau hafa ekki nema lítinn kvóta til tilraunaveiða. - óká



**ÁRNI FRIÐRIKSSON RE 200** Árni var í leiðindaveðri út af Austfjörðum í gær á leiðinni norður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## UNDIRSKRIFTASÖFNUN

**Undirskriftum fjölgar** Nálægt því þú tíu prósent þjóðarinnar hafa skrifað undir áskorun til DV á netinu um að breyta ritstjórnarstefnu sinni. Klukkan níu í gærkvöld höfðu safnast 28.911 undirskriftir.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Varð fyrir bíl** Ekið var á starfsmann Orkuveitunnar þegar hann var að loka fyrir umferð um Rauðarárstíg um klukkan ellefu í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar hlaut maðurinn beinbrot og áverka á höfði.




**Auðvitað er gaman að fagna þegar þú vinnur en þú þarft samt ekkert að deila því með öllum sem þú hittir. Á þessu ári greiðum við út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,75 | 61,03 |
| Sterlingspund | 107,54 | 108,06 |
| Evra | 73,74 | 74,16 |
| Dönsk króna | 9,885 | 9,943 |
| Norsk króna | 9,123 | 9,177 |
| Sænsk króna | 7,895 | 7,941 |
| Japanskt jen | 0,5339 | 0,5371 |
| SDR | 88,3 | 88,82 |

*Gengisvísitala krónunnar*
103,1908

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saksóknari og verjendur í Baugsmáli ná samkomulagi um mat á gögnum:

# Afritun tölvugagna athuguð

**BAUGSMÁL** Saksóknari og verjendur sakborninga í Baugsmálinu náðu í gær samkomulagi um mat á afrituðum gögnum úr tölvum, sem lögð voru fram sem málsgögn.

Afritun gagnanna verður borin saman við rafræn frumgögnin og þannig gengið úr skugga um að þau séu haldbær.

Fyrir liggur að Halldór Kristjánsson verkfræðingur og Hjörleifur Kristinsson tölvunarfræðingur verði fengnir til verksins, en þeim er ætlað að skila skriflegri matsgerð ekki síðar en 23. febrúar næstkomandi.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, fór fram á að gögnin yrðu metin sérstaklega þegar hann tók við embætti sem saksóknari í málinu í nóvember síðastliðnum. Taldi hann nauðsynlegt að þau yrðu metin, ekki síst vegna athugana hans á þeim ákæruliðum í Baugsmálinu sem vísað var frá dómi.

Verjendur töldu að þeir ættu fyrst að fá öll gögn í hendur áður en tölvugögnin yrðu athuguð af matsmönnum en ekki hefur verið orðið við því ennþá. Kröfðust þeir dómsúrskurðar vegna tafarinnar en héraðsdómur hefur ekki sagt álit sitt enn í því máli. Verjendur gerðu þrátt fyrir þetta ekki athugasemdir vegna samkomulagsins í gær. **- jh**



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SAKSÓKNARI OG GESTUR JÓNSSON VERJANDI Í BAUGSMÁLI** Þeir sömdu í gær um að gildi tölvugagna yrði metið af sérfræðingum.

Stálu byssum og skotfærum:

# Tveir dæmdir fyrir þjófnað

**HÉRAÐSDÓMUR** Tveir menn, um tvítugt, voru dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir innbrot í Garðabæ síðasta sumar og fyrir að hafa fíkniefni í vörslu sinni. Eftir innbrotið höfðu þeir á brott með sér byssur, skotfæri og raftæki. Þriðji maðurinn, sem tók við þýfinu og hafði einnig í fórum sínum fíkniefni og kasthnífa, hlaut einnig dóm.

Annar innbrotsmannanna var dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af fjóra skilorðsbundið, en hinn skilorðsbundið í fimm mánuði. Þriðji maðurinn var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, þar af voru þrír skilorðsbundnir. **- jss**




**HERFORINGJA MÓTMÆLT** Kona heldur uppi mynd af Ricardo Miguel Cavallo sem ákærður er fyrir þjóðarmorð.

Spænskur saksóknari:

# Krefst 17.000 ára fangelsis

**SPÁNN, AP** Argentískur herforingi á allt að 17.000 ára fangelsisvist yfir höfði sér fyrir þjóðarmorð, hryðjuverk og glæpi gegn mannkyni á tímum herforingastjórnarinnar í Argentínu.

Ricardo Miguel Cavallo situr í varðhaldi í Madríd og verður dæmdur þar. Þó að dæmdir fangar megi ekki sitja lengur í fangelsi en 30 ár, er ekki óalgengt að menn séu dæmdir til hundraða eða þúsunda ára í fangelsi. Allt að 30.000 manns hurfu í tíð herforingjastjórnarinnar á áttunda og níunda áratugnum. **- smk**

## FINNLAND

**Vilja banna svalareykingar** Finnsk heilbrigðisyfirvöld velta fyrir sér hvort og þá hvernig þau geti takmarkað réttinn til að reykja úti á svölum eða bannað þær algjörlega, að sögn finnska dagblaðsins Keskisuomalainen. Húsfélög geta nú þegar bannað reykingar úti á svölum en erfitt er að framfylgja banninu.

## DANMÖRK

**Hafmeyjan eignast systur** Hafmeyjan í Kaupmannahöfn eignast nú systur í nokkur hundruð metra fjarlægð frá steininum sem hún situr á við Löngulínu í Kaupmannahöfn. Dagbladet greinir frá því að myndhöggvarinn Bjørn Nørgaard muni gera nýja og nútímalega útgáfu af hafmeyjunni.

# Segja Íransdeilu í öngstræti

**Ráðherrar Evrópuveldanna þriggja sem staðið hafa í miðlunarviðræðum um kjarnorkuáætlun Írana segja þær lentar í öngstræti og vilja að öryggisráð SÞ taki málið fyrir. Fyrrverandi Íransforseti sagði hins vegar að deilan hefði þegar náð hámarki og ítrekaði að Íranar myndu ekki beygja sig fyrir „nýlendukúgun“.**

**ÍRAN, AP** Áreksturinn við Vesturlönd vegna kjarnorkuáætlunar Írans hefur náð hámarki, að því er Rafsanjani, fyrrverandi Íransforseti, fullyrti í gær, en utanríkisráðherrar Evrópuveldanna þriggja sem farið hafa fyrir miðlunartilraunum alþjóðasamfélagsins sammæltust um að vísa bæri málinu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem getur ákveðið þvingunaraðgerðir.

Miðlunartilraunir Evrópu-þríeykisins Bretlands, Frakklands og Þýskalands hafa haft að markmiði að tryggja að áætlun Írana þjóni í raun aðeins friðsamlegum tilgangi en nýtist ekki til kjarnorkuvopnavæðingar klerkastjórnarinnar. Utanríkisráðherrar landanna þriggja og Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, komu saman til fundar í Berlín í gær til að ákveða hvernig bregðast skyldi við ákvörðun Írana um að hefja aftur vinnu við kjarnorkuáætlunina sem ekki samræmist samkomulagi sem gert hafði verið um hana á vegum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA.

Í sameiginlegri yfirlýsingu sögðu ráðherrarnir að „skjalfestur ferill leynimakks og blekkinga“ Írana í þessu máli væri óviðunandi. Ráðamenn í Teheran virtust „staðráðnir í að snúa baki við bættum samskiptum við alþjóðasamfélagið“.

Ráðherrarnir kölluðu eftir því að stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar kæmi tafarlaust saman til að taka ákvörðun um að vísa málinu til öryggisráðs SÞ. Þeir tóku hins vegar ekki fram til hvaða ráðstafana þeir vildu að ráðið gripi til gegn Íransstjórn.

Þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier tjáði fréttamönnum að viðræður Evrópuveldanna og Íransstjórnar væru lentar í „lokuðu sundi“. „Frá okkar bæjardyrum séð er tími til kominn að öryggisráðið láti málið til sín taka,“ sagði hann.

Ráðherrarnir ráðfærðu sig einnig við kollega sína í Washington, Moskvu og Peking, en fulltrúar Bandaríkjanna, Rússlands, Kína og Evrópusambandsins – sem allir eiga sæti í stjórn IAEA – munu ráðfæra sig um næsta skref í málinu í Lundúnum eftir helgi. Talsmaður Bandaríkjastjórnar sagði einhug ríkja um málið milli hennar og bandamannanna í Evrópu. Rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov gagnrýndi Írana fyrir að snúa baki við IAEA-samkomulaginu um kjarnorkuáætlunina en sagði alþjóðalög þar með ekki brotin. Hann útilokaði þó ekki að styðja að málinu yrði vísað til öryggisráðsins.

**audunn@frettabladid.is**




**MÓTMÆLI** Flóttamenn frá Íran efndu til mótmæla gegn klerkastjórninni og kjarnorkuáætlun Írana í Berlín í gær. Á spjaldinu stendur „Enga kjarnorkusprengju í hendur klerkanna“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGÐIR**
Held svei mér þá að þessar lægðir verði endalausar. Þær koma og fara til skiptis með tilheyrandi umhleypingum sem mörgum finnst þreytandi. Og í dag smegir sér ein með Austurlandinu og þar verður strekkingur um tíma með rigningu eða slyddu. Hætt við stöku éljum í kvöld all víða.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Yfirleitt hæg suðvestlæg átt í dag. Stöku él með björtu veðri á milli. Vægt frost.

*um hádegi »*




*» laugardagur*




Strekkingur norðan, til annars hægari.

*» sunnudagur*




Fremur hægur vindur, síst austan til.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C hálfskýjað | París | 7°C hálfskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Osló | 0°C alskýjað | Berlín | 2°C hálfskýjað | Mílano | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 3°C hálfskýjað | New York | 11°C skúrir |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 11°C hálfskýjað | San Francisco | 15°C skúrir |
| London | 10°C alskýjað | Barcelona | 14°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 26°C skúrir |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Nýtt kortatímabil

# götumarkaður

# verðhrun

## Einungis 4 verð í gangi

enn meiri verðlækkun

**500kr**

**1000kr**

**1500kr**

**2000kr**



nú á allt að seljast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Telur þú að Úrvalsvísitalan haldi áfram að hækka á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 93% |
| Nei | 7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu áhyggjur af því að fuglaflensan berist hingað til lands?*

Segðu þitt álit á vísir.is

vísir

Mál fyrrverandi framkvæmdastjóra ÖBÍ rætt á aðalfundi stjórnar í gær:

# Samhugur á góðum fundi

**FÉLAGSMÁL** Skyndileg brottvikning Arnþórs Helgasonar úr starfi framkvæmdastjóraÖryrkjabandalagsins síðasta mánudag var rædd á fundi aðalstjórnar bandalagsins á Grand hótel í gærkvöld. Aðalstjórnin lýsti fullum stuðningi við Sigurstein Másson, formann ÖBÍ, og við framkvæmdastjórn félagsins. Stuðningsyfirlýsingin var samþykkt samhljóða.

Í yfirlýsingunni segir að meðal annars að aðalstjórnin vænti þess að nýjar áherslur formanns og framkvæmdastjórnar verði félagsmönnum öllum til framdráttar og Arnþóri er þakkað óeigingjarnt starf hans í þágu öryrkja.



**UPPSÖGNIN RÆDD** Sigursteinn Másson stjórnarformaður og Guðmundur Magnússon stjórnarmaður í ÖBÍ ræðast við í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta var góður fundur og mikill samhugur í aðildarfélögunum og mikil samstaða meðal okkar allra,“ segir Sigursteinn Másson formaður. Hann segir enn verið að ganga frá ráðningu eftirmanns Arnþórs í starf framkvæmdastjóra, en viðræður eru í gangi við Hafdísi Gísladóttur, sem áður hefur verið framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra.

Guðmundur Magnússon, formaður SEM samtakanna, sem situr í aðalstjórn ÖBÍ, sagði spurningum varðandi aðdraganda uppsagnar Arnþórs hafa verið svarað og ekki ástæða til að velta sér frekar upp úr þeim málum. „En inni í tillögunni var að gengið yrði frá starfslokunum þannig að sómi yrði öllum.“ - óká

Kærir rannsókn á SPH:

# Telur upplýsingar illa fengnar

**DÓMSMÁL** Karl Georg Sigurbjörnsson, lögmaður hjá Lögmönnum, hefur kært hluta rannsóknar ríkislögreglustjóra til héraðsdóms. Lögmaðurinn telur að upplýsingar af bankareikningi lögmannsstofunnar, sem ríkislögreglustjóri fékk hjá Fjármálaeftirlitinu, séu illa fengnar.

Fjármálaeftirlitið fékk úrskurð héraðsdóms í lok nóvember um að aflétta skyldi bankaleynd af reikningnum til að rannsaka eignatengsl í Sparisjóði Hafnarfjarðar eftir sölu stofnfjárhlutabréfa. Niðurstöðu héraðsdóms er að vænta í næstu viku. - gag

## DAGSBRÚN

**Fundar um umfjöllun DV** Stjórn Dagsbrúnar, móðurfélags 365 miðla, fundar í dag um þá miklu samfélagsumræðu sem orðið hefur í kjölfar fréttar blaðsins og sjálfsmorðs viðfangsefnis hennar á útgáfudegi.

**Hlutabréfin féllu í verði** Hlutabréf í Dagsbrún lækkuðu í Kauphöll Íslands í gær, annan dag í röð, um 1,86 prósent fyrri daginn í 155 milljóna króna viðskiptum og 0,86 prósent í tæplega 16 milljóna króna viðskiptum þann seinni.

**Fordæma DV** Ungu mennirnir sem kærðu Gísla Hjartarson fyrir kynferðisbrot fordæmdu fréttaflutning DV af málinu í Kastljósi Sjónvarps í gær. Þeir segjast ítrekað hafa reynt að koma skilaboðum til DV um að fréttaflutningur myndi spilla fyrir í máli þeirra. Þeir benda á að fleiri fórnarlömb séu í málinu.

Kærurnar á Ísafirði:

# Málið í óvissu

**LÖGREGLURANNSÓKN** „Þetta er mjög sérstakt mál og við skoðum alla þætti þess,“ segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, um rannsókn á máli gegn Gísla heitnum Hjartarsyni, en tveir ungir menn kærðu hann fyrir kynferðisbrot.



**GÍSLI HJARTARSON**

Ekki hefði verið tekin ákvörðun um framhald málsins, hvort það verði rannsakað til hlítar eða rannsókn hætt. Ekki náðist í kærendurna, og aðrir sem rætt var við gáfu ekki kost á viðtali. - jss

# Björgólfur Thor vill leggja DV niður

**Björgólfur Thor Björgólfsson hefur í tvígang óskað eftir því að kaupa DV í þeim tilgangi að leggja blaðið niður. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður hans, segir Jón Ásgeir Jóhannesson ekki hafa viljað selja heldur halda útgáfunni áfram.**

**FJÖLMIÐLAR** Björgólfur Thor Björgólfsson hefur tvívegis viljað kaupa DV. Hann ætlaði að hætta útgáfu blaðsins. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors, segir Jón Ásgeir Jóhannesson, einn stærsta eiganda í Dagsbrún sem rekur 365 miðla, í hvorugt skiptið hafa viljað ljá máls á því. Hlutur Landsbankans í félaginu sé til sölu.

„Ég get staðfest það fyrir hönd Björgólfs Thors að í tvígang hefur hann óskað eftir því að kaupa blaðið með það í huga að leggja það niður. Í bæði skiptin hefur Jón Ásgeir ekki viljað ræða kaupin, því að hann hefur viljað halda þessari starfsemi áfram,“ segir Ásgeir.

Í fyrra skiptið hafi Björgólfur óskað eftir að kaupa blaðið eftir fundi föður hans, Björgólfs Guðmundssonar, með stærstu hluthöfum Dagsbrúnar. Var það í kjölfar umfjallanna blaðsins um fjölskyldu hans. Björgólfur hafi meðal annars spurt Jón Ásgeir hvort hann styddi stefnu blaðsins og stefnumótun meirihluta stjórnar, en Baugur á 28 prósenta hlut í Dagsbrún.

Síðara skiptið hafi verið við sölu á hlut Straums-Burðaráss á Íslandsbanka þar sem Björgólfur Thor er stjórnarformaður.

Ásgeir segir að aldrei hafi verið rætt um hve mikið Björgólfur Thor var tilbúinn að greiða fyrir blaðið. „Það virðist sem það hafi ekki verið neinn vilji til að ræða þetta af hendi Jóns Ásgeirs.“

Ásgeir segir Landsbankann eiga tæplega eitt prósent í Dagsbrún. Bankinn sé einnig skráður fyrir hlutum annarra sem hafi gert framvirkan samning við hann. Þá sé bankinn að fjármagna kaup á hlutabréfum og tekur þau sem ígildi veðs. Þeir séu ekki skráðir sem fjárfesting bankans.

Ekki náðist í Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra Baugs, sem er í útlöndum. gag@frettabladid.is



**RÆÐA SAMAN Á VIÐSKIPTAÞINGI** Björgólfur Thor Björgólfsson, Ásgeir Friðgeirsson og Ari Edwald, fráfarandi formaður Samtaka atvinnulífsins og forstjóri 365 miðla, ræða hér saman á viðskiptaþingi í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**DV** Atburðir í kjölfar fréttar DV hafa vakið sterk mótmæli almennings. Tæplega þrjátíu þúsund manns hafa skorað á blaðið að skipta um ritstjórnarstefnu.

## Vill breytta stefnu

„Ég hef haft ímugust á þessari ritstjórnarstefnu sem höfð hefur verið uppi á DV gagnvart fólki,“ segir Jóhannes Jónsson í Bónus. Hann kveðst vilja sjá þá stefnu breytast.



**JÓHANNES Í BÓNUS**

„Hins vegar hefur blaðið verið 80 prósent í lagi en mér finnast tuttugu prósent hafa tekið út yfir allan þjófabálk,“ bætir Jóhannes við. Hann minnti á stjórnarfund Dagsbrúnar sem er í dag og kvaðst álíta að eitthvað hlyti að koma út úr honum hvað varðaði DV.

## Fólki er mikið niðri fyrir

„Fólki er mikið niðri fyrir og undrast stórum fréttamennsku á borð við þá sem DV hefur boðið upp á í þessu máli öllu,“ segir Baldur Smári Einarsson, aðstandandi vefsins Vikari.is á Bolungarvík.



**BALDUR SMÁRI EINARSSON**

Baldur segir engu máli skipta sekt eða sakleysi heldur standi upp úr hvernig DV hafi með skrifum sínum tekið mann nánast af lífi. „Það er efst á baugi hjá fólki hér í bænum. Ekki má heldur gleyma að bróðir hans býr hér og hefur gert lengi og áfallið er verra fyrir vikið hjá þeim fjölmörgu sem hann þekkja.“

## Við erum slegin og reið

„Ég get alveg sagt að fólk er bæði slegið og reitt út í fréttaflutning DV vegna þessa máls,“ segir Jón Fanndal Þórðarson, verslunarmaður á Ísafirði.



**JÓN FANNDAL ÞÓRÐARSON**

Hann segist vita til þess að flestir áskrifendur blaðsins þar hafi sagt upp áskriftinni og þar með lýst yfir vanþóknun sinni á slíkri blaðamennsku sem DV býður upp á. „Menn eru slegnir enda var Gísli Hjartarsson vinsæll og vel liðinn hér af flestum á Vestfjörðum öllum um langan tíma.“

**Aðeins í janúar!**

**Ryðfríar grillgrindur á**

**49.900 kr.**



*67 mm grindur · handpóleraðar suður · festingar fyrir ljóskastara*

| Bílgerð | Bílgerð |
|---|---|
| Chevrolet Silverado | Nissan Murano |
| Grand Cherokee | Nissan Patrol |
| Ford F150/250 | Nissan Terrano |
| Honda CRV | Suzuki Gr.Vit |
| Hyundai Santa Fe | Toyota Hiace |
| Hyundai Terrac | Toyota Hilux |
| Lexus RX300 | Toyota LC90 |
| MB M-Class | Toyota LC100 |
| MMC L200 | Toyota LC120 há |
| MMC Pajero | Toyota LC120 lág |
| Musso Sports | ToyotaRav4 |
| Nissan Crew Cab | VW Touareg |

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0001 KC



# Sameinaðir kraftar

**Lífeyrissjóður lækna og Almenni lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast undir nafni Almenna lífeyrissjóðsins**

Við sameininguna verður sjóðurinn einn af fimm stærstu sjóðum landsins með rúmlega 60 milljarða í heildareignir og um 25.000 sjóðfélaga. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, tónlistarmanna, tæknifræðinga og nú einnig lækna.

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á trausta fjármálastjórn og fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu. Sjóðurinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi við að bjóða nýjungar í rekstri og þjónustu við sjóðfélaga.

**Kynntu þér þjónustu og árangur Almenna lífeyrissjóðsins á www.almenni.is.**

**Eftirtaldir sjóðir hafa sameinast undir merkjum Almenna lífeyrissjóðsins:**

*ALVÍB • Lífeyrissjóður arkitekta • Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna • Lífeyrissjóður FÍH • Lífeyrissjóður lækna Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF • Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands*

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4995







Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður VG, leggur fram nýja tillögu um Þjórsárver:

# Almenningsálitið að snúast

**UMHVERFISMÁL** Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, ætlar að leggja fram nýja þingsályktunartillögu á Alþingi um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Kolbrún segist hafa lagt fram tillögu um þetta efni óbreytta frá árinu 2001. „Nú er að myndast nýr meirihluti í umhverfisnefnd Alþingis með tilstyrk Kristins H. Gunnarssonar þingmanns Framsóknarflokksins. Ég vona að hann flytji málið með okkur.“

Kolbrún segir að í nýrri tillögu sinni sé einnig tekið mið af eldri tillögu Katrínar Fjeldsted, Sjálfstæðisflokki, sem auk friðunarinnar gerir ráð fyrir að Þjórsárver verði tilnefnd á heimsminjaskrá. Kolbrún býst við að tillagan verði lögð fram í dag. „Almenningsálitið er greinilega að snúast fyrst og fremst fyrir tilverknað frjálsra félagasamtaka og baráttu Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Þetta er fagnaðarefni. En þótt Samfylkingin sé nú á flótta frá samþykkt um að heimila Norðlingaölduveitu er ekki þar með sagt að hún eða aðrir flokkar hafi látið af stóriðjustefnu. Slík atvinnustefna er ekki Íslandi sæmandi. Hugmyndaauðgi Íslendinga á aðra atvinnustefnu skilið en þá sem stjórnvöld reka,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir. **- jh**



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR** Vonar að Kristinn H. Gunnarsson standi með stjórnarandstæðingum í umhverfisnefnd.

# Fólk í dreifbýli greiðir meira fyrir raforku

**Samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands greiða heimili í dreifbýlinu allt að 47 prósentum hærra verð fyrir flutning raforku en sambærileg heimili í þéttbýlinu.**

**RAFORKUVERÐ** Raforkukostnaður neytenda á Vestfjörðum og Húsavík hækkaði mest milli ára samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands sem birt var í gær. Hækkaði gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur frá 40 til 80 prósent en um 10 prósent hjá Orkubúi Vestfjarða. Annars staðar var gjaldskráin óbreytt milli ára.

Þrátt fyrir að lög kveði á um að stuðlað skuli að jöfnun kostnaðar á raforku til allra neytenda í landinu greiða heimili í dreifbýli hærra verð en sambærileg heimili í þéttbýli. Þannig reiknar ASÍ út að lítið heimili á svæði Orkubús Vestfjarða greiðir að jafnaði rúmar 22 þúsund krónur fyrir flutning og dreifingu raforku meðan sambærilegt vestfirsk heimili í þéttbýli greiðir aðeins rétt rúmar 15 þúsund krónur. Er þar um tæplega 50 prósenta mun að ræða.

Sé tekið dæmi af stærri heimilum sem nota allt að sex þúsund kílóvött af raforku á ári hverju greiða heimili í dreifbýli á Vestfjörðum um 45 þúsund krónur sem er 16 þúsundum hærra verð en sams konar notandi greiðir hjá Hitaveitu Suðurnesja.

Dreifiveitum er heimilt að setja á sérstakt dreifbýlisgjald samkvæmt raforkulögum en aðeins tvær veitur nýta sér þá heimild; Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveita ríkisins. Ríkið greiðir sérstakt dreifbýlisframlag til að jafna kostnað um land allt og er það framlag tekið með í útreikningum ASÍ. Á síðasta ári nam sú greiðsla um 250 milljónum króna.

Kostnaður hefur samkvæmt þessu aukist hjá heimilum í dreifbýli vestfjarða milli ára um fjögur prósent, úr 26 prósent í 30 og almennt hefur kostnaður notenda aukist þrátt fyrir niðurgreiðslurnar og vantar mikið upp á að heildarkostnaður vegna flutnings og dreifingar á raforku sé jafn um landið allt. **albert@frettabladid.is**



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Íbúar í þéttbýli greiða lægra verð fyrir flutning á raforku en íbúar í dreifbýli samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands. Niðurgreiðslur ríkisins duga ekki til að minnka þann mun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT




Niðurnídd „Höll lýðveldisins“ í Berlín:

# Á að víkja fyrir konungshöll

**BERLÍN, AP** Fulltrúar þýska Græningjaflokksins, sem nú eru í stjórnarandstöðu, festu í vikunni minnisskjöld á niðurnítt þinghús austur-þýska Alþýðulýðveldisins í miðborg Berlínar til að mótmæla áformuðu niðurrifi þess, en þann 20. þessa mánaðar mun Sambandsþingið taka endanlega ákvörðun um hvað verða skuli um húsið og binda þar með enda á áralangar deilur um málið.

Byggingin, sem hefur staðið auð og í hálf-fokheldu ástandi síðan allar asbestklæðningar voru fjarlægðar úr því eftir sameiningu þýsku ríkjanna árið 1990, var reist árið 1976 á lóðinni þar sem konungshöllin í Berlín, heimahöll Hohenzollern-ættarinnar, stóð þar til austur-þýska kommúnistastjórnin lét rífa hana árið 1950. Nú stendur til að reisa á sama stað eftirlíkingu af konungshöllinni horfnu.

Mótbárur græningja og annarra andstæðinga niðurrifs „Hallar lýðveldisins“, eins og húsið hét opinberlega („Palast der Republik“), og snúa aðallega að því að varðveita beri byggingunna vegna sögulegs gildis hennar, eru ekki taldar munu eiga hljómgrunn hjá meirihluta þingheims. Því er reiknað með að niðurrifið hefjist í lok mánaðarins. **- aa**



**HÖLL Í STAÐ HALLAR** Upplýsingaspjald um höll Prússakonungs í hjarta Berlínar sem kommúnistastjórnin í A-Þýskalandi lét rífa árið 1950. Í bakgrunni sést austur-þýska þinghúsið sem var reist á sama stað og nú stendur til að rífa. NORDICPHOTOS/AFP

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30879 01/2006



**Stórsýning um helgina.** Hraðar, hærra, sterkar!

Ástsælustu bílar Íslandssögunnar bíða þín á stórsýningu Toyota.
Komdu og reynsluaktu nýjum Toyota og þú færð vikukort í Iceland Spa & Fitness

**Heppinn ökumaður sem reynsluekur fær árskort í Iceland Spa & Fitness.**

Boðið verður upp á Smoothie og ávaxtahlaðborð.
**Sérstakt sýningartilboð** frá Glitni er 90% lánshlutfall
og allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum.

Nýtt ár, nýr Yaris, nýr Hilux og glænýr Aygo.
**Þetta verður gleðilegt ár.**

Opið laugardag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá kl. 13 til 16.

Glitnir Skyr smoothie

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>KÓPAVOGUR<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |




Framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna gagnrýnir nýtt frumvarp:

# Vegagerðin fær lögregluvald

**UMFERÐARLÖG** „Glórulausar er eina orðið sem mér dettur í hug til að lýsa þeim breytingum sem þarna eru fyrirhugaðar,“ segir Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna. Breytingar sem samgönguráðuneytið ráðgerir á umferðarlögum gefa Vegagerðinni vald sem hingað til hefur eingöngu verið hjá lögreglu og fer það verulega fyrir brjóstið á lögreglu og öðrum hagsmunaaðilum.

Páll segir umræddar breytingar ganga allt of langt og furðar sig á að lögregluyfirvöld fengu frumvarpið ekki einu sinni til umsagnar þótt verið sé að ganga nærri starfsviði þeirra. „Þarna er í raun verið að taka víðtækt vald frá fagmenntuðu starfsfólki lögreglu og færa til manna hvers meginhlutverk er að halda vegum opnum og í góðu ástandi. Að vegagerðin eigi að fara með rannsókn opinberra mála er aldeilis óskiljanlegt. Á Vegagerðin að framkvæma vettvangsrannsóknir, hefja eftirför á vegum úti og og sækja mál fyrir dómstólum? Til þess hafa slíkar stofnanir hvorki heimild né þekkingu. Við furðum okkur mikið á þessu öllu saman.

Lögreglumenn eru ekki einir um gagnrýnina. Atvinnubílstjórar eru afar ósáttir sem og ýmis fyrirtæki tengd flutningum á vegum úti. - aöe


**PÁLL E. WINKEL** Gangi breytingar á umferðarlögum eftir fær Vegagerðin völd til að stöðva alla bíla á vegum úti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Noregur:

# Kona dæmd fyrir nauðgun

**NOREGUR** Hæstiréttur í Noregi hefur staðfest dóm yfir konu, sem renndi niður buxnaklaufinni á sofandi karlmanni og nauðgaði honum með munnmökum meðan hann svaf í íbúð kærasta hennar, að sögn vefútgáfu Verdens Gang.

Verjandi konunnar hefur haldið því fram að gjörningur konunnar hafi ekki þá þýðingu í hugum fólks að jafnist á við nauðgun.

Tvö ár eru síðan atburðurinn átti sér stað og hefur málið vakið mikla athygli á alþjóðavísu þar sem svo óvenjulega vill til að nauðgarinn er kona en fórnarlambið karl. ■

Höllin í Vestmannaeyjum gjaldþrota:

# Eigendur ósáttir við nágrannana

**GJALDÞROT** Gjaldþrotabeiðni vegna reksturs veislu- og ráðstefnuhússins Hallarinnar í Vestmannaeyjum var tekin fyrir í fyrradag hjá Héraðsdómi Suðurlands.

Höllin, sem er stærsti skemmtistaður Vestmannaeyja, hafði leyfi til að vera með opið til eitt eftir miðnætti og segir Grímur Gíslason, annar aðaleigenda fyrirækisins Karató sem rekur Höllina, að það hafi haft slæm áhrif á reksturinn að ekki var hægt að hafa opið lengur. Ástæða þess að ekki var hægt að hafa Höllina opna lengur en til eitt er sú að kvartanir bárust frá nágrönnum skemmtistaðarins og í framhaldi úrskurðaði heilbrigðisnefnd Suðurlands að staðnum skyldi lokað klukkan eitt eftir miðnætti.

Að sögn Kristmanns Karlssonar, stjórnarformanns Karató, er ekki ljóst hvert heildartapið er vegna reksturs Hallarinnar. - sk


**HÖLLIN** í Vestmannaeyjum bauð upp á aðstöðu til ráðstefnu-, funda og skemmtanahalds.


**STUÐNINGUR** Fjölmargir Suður-Kóreumenn sýna Hwang Woo-suk enn mikinn stuðning, en hann hefur verið staðinn að fölsun niðurstaðna úr stofnfrumurannsóknum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ásakar aðstoðarmenn

**Suður-kóreski prófessorinn sem staðinn var að fölsun niðurstaðna stofnfrumurannsókna baðst afsökunar í gær en firrti sig jafnframt ábyrgð á athæfinu.**

**SUÐUR-KÓREA, AP** Suðurkóreski prófessorinn Hwang Woo-suk sem uppvís hefur orðið að fölsun rannsóknarniðurstaðna baðst í gær opinberlega afsökunar á athæfi sínu. Hann kenndi aðstoðarmönnum sínum um svindlið og sagði þá hafa blekkt sig, en við birtingu greinanna hafi hann talið niðurstöðurnar réttar.

Hwang vakti heimsathygli þegar hann birti tvær greinar í vísindatímaritinu Science árin 2004 og 2005 með niðurstöðum rannsókna sem hefðu getað skipt gríðarlegu fyrir lækningar á sjúkdómum sem Parkinsons og sykursýki. Prófessorinn sagðist hafa klónað mannsfóstur og tekið úr því stofnfrumur, sem og þróað stofnfrumulínur 11 sjúklinga. Hann varð þegar í stað að þjóðhetju í heimalandi sínu, þar sem margir sýna honum enn mikinn stuðning.

Á síðasta ári setti Þjóðarháskólinn í Seúl, þar sem Hwang starfar, níu manna nefnd á laggirnar sem gert var að rannsaka niðurstöður Hwangs með fyrrgreindum afleiðingum. Rektor Þjóðarháskólans í Seúl þar sem Hwang starfar hét því í sjónvarpsávarpi fyrr í vikunni að prófessorinn yrði refsað fyrir athæfi sitt. Hwang getur átt von á hárri sekt fyrir misnotkun á opinberu fé, en suðurkóreska ríkið úthlutaði honum tæplega 200 milljónir íslenskra króna í rannsóknarstyrk á síðasta ári.

Hwang er prófessor í dýralækningum og þó nefndin viðurkenni að hann hafi í raun klónað fyrsta hundinn, þá er sú aðgerð talin lítils verð þegar kemur að klónun manna. Hwang, sem hefur lofað að segja upp stöðu sinni við háskólann, staðhæfir að hann búi yfir nauðsynlegri þekkingu til einræktunar mannsfóstra og að taka úr þeim stofnfrumur, fengi hann aðgang að nógu mörgum eggjum úr konum og sex mánuði til starfans. smk@frettabladid.is

NISSAN X-TRAIL
NISSAN SKIPT_um væntingar



2006
SKOÐAÐU HINA FYRST!

Hann er strangt til tekið jepplingur, bara stærri og öflugri en sambærilegir bílar. Hann er einstaklega skemmtilegur í akstri og umgengni og áreiðanlegur eins og Nissan er von og vísa. Þetta er einfaldlega frábærlega heppnaður bíll. Við skorum á þig að skoða samkeppnina fyrst og koma svo til okkar!

Ríkulegur staðalbúnaður
– 17" álfelgur – loftkæling
– litað gler – sjálfskipting
– 6 diska CD spilari – útvarpsfjarstýring í stýri

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – Fifth Gear
„Best recreational 4x4“ – Auto Express
„Best compact 4x4“ – What Car?
„Best in class“ – Channel 4
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

| Tegund | Verð |
|---|---|
| X-Trail Sport sjálfskiptur | 2.690.000,- |
| X-Trail Elegance sjálfskiptur | 2.890.000,- |

Nýárstilboð
Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk.

Fíton/SÍA
Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

# PRÚTTDAGAR
## dagana 12.–15. janúar




**Dæmi um bíla til sölu:**

**Subaru Impreza** 2004
Ásett verð: 1.700.000 kr.
Prúttverð: 1.452.000?

**MMC Galant V6** 2002
vél 3000 cc sjálfskiptur
Ásett verð: 1.950.000 kr.
Prúttverð: 1.582.000?

**Nissan Terrano II SE** 1998
vél 2700 cc 5 gíra
Ásett verð: 1.190.000 kr.
Prúttverð: 838.000?

**Komdu og prúttaðu verðið niður**

### Prútt-punktar fyrir byrjendur:

Á Prúttdögum Toppbíla geturðu grætt tugþúsundir með réttum undirbúningi.

- Finndu út áður en þú byrjar að prútta hvað getur talist sanngjarnt verð fyrir bílinn og miðaðu við það.
- Segðu aldrei já við fyrsta tilboði.
- Sýndu sterk svipbrigði þegar lélegt tilboð er lagt fyrir þig.
- Segðu: „Fyrirgefðu, ég held þú getir boðið betur en þetta“, og bíddu svo pollrólegur.
- Ekki vera fyrri til að stinga upp á að skipta mismuninum.
- Hafðu eitthvað uppi í erminni sem þú ert tilbúinn að gefa eftir, svo að báðir aðilar gangi sáttir frá borði.

Opnunartími: Fimmtudag og föstudag kl. 10-22 og laugardag og sunnudag kl. 11-18.

SP-FJÁRMÖGNUN

Aðeins 10% útborgun og
allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum
af völdum bílum.

**TOPPBÍLAR**
bílasala

Nýja bílasölusvæðinu, Klettháls 2, sími 5872000, www.toppbilar.is



**VÚDÚHÁTÍÐ** Galdralæknar slátra fórnardýri á vúdúhátíð sem fram fer þessa dagana í Afríkuríkinu Benín. Þúsundir manna sækja hátíðina, en vúdú var lengi vel bannað í Benín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norskur þingmaður, sem sakaður er um spillingu, í slæmum félagsskap:

# Öryggisreglurnar hertar

**NOREGUR** Stórþingið í Noregi ætlar að herða öryggisreglur sínar vegna þingmannsins Johns Sandström sem grunaður er um spillingu og smærri brot upp á síðkastið.

Þingmaðurinn er sálfræðingur og hefur verið sakaður um að hafa heimsótt fangelsin í Noregi til að afla sér verkefna og fá fangana um leið til að gera félaga sinn að verjanda. Þessu hefur hann mótmælt harðlega.

Þingmaðurinn stakk af frá árekstri í desember þegar hann keyrði Jagúar-bíl sínum á Polo. Hann sneri bílnum við og lenti þá á póstkassa áður en hann ók á brott, að því er vitni segja. Stuttu síðar stöðvaði hann bíl sinn og skildi hann eftir opinn.

Norskir vefmiðlar segja að nýlega hafi verið brotist inn hjá þingmanninum og skjölum stolið, en kornið sem fyllti mælinn er félagsskapurinn sem kemur til þingmannsins í þinghúsið. Þangað kemur til dæmis einn sem borðar með honum morgunverð á kaffistofunni áður en þeir halda á skrifstofu hans. „Manninn vantar alveg greinilega skilning á því hvað maður gerir og gerir ekki," segir einn af forsetum Stórþingsins.

- ghs




**STÓRÞINGIÐ Í ÓSLÓ** Öryggisreglur verða hertar í norska Stórþinginu vegna þingmanns sem fær alls konar fólk í heimsókn til sín í þingið. NORDICPHOTOS/AFP

Embætti forseta Íslands:

# Nýir straumar

**FYRIRLESTRAR** Forseti Íslands hefur ákveðið að beita sér fyrir að vísindamenn, fræðimenn og forystumenn í listum, menningu og alþjóðamálum haldi hér fyrirlestra.

Fyrirlestraröðin heitir Nýir straumar og verða fyrirlestrarnir haldnir í samvinnu við ýmsar stofnanir og samtök. Fyrsta fyrirlesturinn flytur Wallace S. Broecker, einn fremsti vísindamaður heims í rannsóknum á umhverfis- og loftslagsbreytingum jarðar. Fyrirlesturinn fjallar um glímuna við loftslagsbreytingar. Hann er haldinn í Öskju, náttúruvísindahúsi Háskólans, í dag klukkan 17.15. Fyrirlesturinn er öllum opinn.

- óká







# Fórnarlamb ofbeldis fær ekki gjafsókn

**Sambýlismaður Brynju Bergsveinsdóttur þurfti aðeins að greiða 100 þúsund krónur í ríkissjóð fyrir að beita Brynju harkalegu ofbeldi fyrir rúmum tveimur árum á heimili þeirra. Brynja hyggst höfða einkamál á hendur manninum.**

**OFBELDISMÁL** Sambýlismanni Brynju Bergsveinsdóttur, 33 ára gamallar konu frá Selfossi, var gert að greiða 100 þúsund krónur í sakarkostnað fyrir að hafa gengið í skrokk á Brynju á heimili þeirra á Akranesi fyrir rúmlega tveimur árum.

Snéri hann harkalega upp á hönd hennar og dró hana eftir gólfinu, með þeim afleiðingum að hún marðist og þjáist enn af verkjum í baki.

Maðurinn játaði á sig verknaðinn og var dæmdur sekur um árásina en bótakröfu Brynju var vísað frá dómi.

Brynja er ósátt við þessa niðurstöðu og segir með ólíkindum að hægt sé að sleppa svo vel við jafn harkalega árás. „Ég þurfti sjálf að greiða allan sjúkrakostnað vegna þessarar árásar, sem mér finnst í meira lagi undarlegt. Ég á ekki til orð yfir þessari niðurstöðu. Ég meiddist illa í baki í árásinni og hef sopið seyðið af því síðan."

Brynja fór með niðurstöðu málsins til lögmannsskrifstofunnar Lögmenn Suðurlands og hefur starfandi lögfræðingur á stofunni, Christiane Bahner, aðstoðað hana en Brynja ætlar að höfða einkamál gegn fyrrverandi sambýlismanni sínum vegna árásarinnar. „Af minni hálfu er málinu ekki lokið og ég mun halda áfram að hjálpa Brynju í þessu máli," sagði Christiane.



**BRYNJA BERGSVEINSDÓTTIR** Brynja býr nú á Selfossi en hún hefur gengið í gegnum erfiða tíma í kjölfar árásar sem hún varð fyrir á heimili sínu þann 4. október 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Drífa Snædal, talsmaður Kvennaathvarfsins, segir því miður of algengt að konur fái ekki réttláta málsmeðferð í heimilisofbeldismálum og hvetur til þess að lagasetningar og verklagsreglur í þessum málum séu teknar til endurskoðunar. „Svona almennt er oft á tíðum ekki tekið nógu alvarlega á þessum brotum. Það á að skoða öll þessi mál heilstætt. Allt of fáar konur kæra heimilisofbeldi og þegar það er gert er það stundum ekki tekið nógu föstum tökum. Það þarf að skoða sérstaklega vel hvers vegna refsing í þessum málum er ekki litin alvarlegri augum."

magnush@frettabladid.is



# útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður

## rýmum Kringluna

# 30 til 70 prósent afsláttur

**Lokum á sunnudag kl. 17**

*Í verslun okkar í Kringlunni er 20% aukaafsláttur af útsöluvörum við kassa og jafnframt 20% afsláttur af öllum öðrum vörum í versluninni vegna fyrirhugaðra breytinga. Ný og glæsileg verslun verður opnuð í mars.*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 30822 01/2006

**ÚTILÍF**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580


Ekki bíða eftir sólinni...
Klútarnir klára dæmið!
Þá eru helgartilboðin
EKKERT BRUÐL
Hatting hvítlauksbrauðið er punkturinn yfir i-ið...
Quick'n'easy TAN 20+5 self-tanning wipes
25 BRÚNKUKLÚTAR
299 KR.
1.5 lítri
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
blá toppur
sítrónu toppur
toppur
HATTING
LA BAGUETTE
2 Í PAKKA
95 KR.
2 Baguettes
med hvidløgssmør/hvitløksmør/vitlökssmör
Quick ca. 12 min. i ovn
RAFTANNBURSTI
499 KR.
Colgate ACTIBRUSH
Nýtt kortatímabil!
FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
FERSKAR FRÁ ALI
979 kg KR.
30% AFSL. VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1398KR.
30% afsláttur við kassann
Coffee
Aroma • Regular
Suodatinkahvi • Bryggmalet kaffe
REGULAR KAFFI 500g
149 KR.
Nýja KLETTASALATIÐ OG FETAOSTUR með aðeins 5% fitu
Coffee filters • Kaffefilter
No. 2
200 KAFFIPOKAR
129 KR.
5% MJÓLKUFETI
195 200g KR.
Salat Feti
KLETTASALAT
259 75g KR.
Ferskt íslenskt salat
KLETTASALAT
Bónus býður betur!
Bezt
Grísahnakki
Grísagúllas
SNITSEL/HNAKKI/GÚLLAS
799 kg KR.
SNITSEL/HNAKKI/GÚLLAS
799 kg KR.
Ferskt svínagúllas-svínasnitsel-svínahnakki
BÓNUS



í Bónus klár!
1. fl. frosið KS súpukjöt
398 kg KR.
...fyrir góðan dag!
1. Flokks frosið KS súpukjöt
FROSINN LAMBABÓGUR
599 kg KR.
EKKERT BRUDL
Frosinn KS lambabógur
ERAN/Landlist
FROSIN OG VERKUÐ SVIÐ FRÁ SKAGAFIRÐI
...fyrir góðan dag!
FROSIN, VERKUÐ SVIÐ
398 kg KR.
Lúxus Bónus kjúklingablanda
899 kg KR.
MERKT VERÐ 1199KR.
BÓNUS KJÚKLINGUR
Lúxus kjúklinga blanda
3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
25% afsláttur við kassann
EKKERT BRUDL
Fínustu freistingar
498 BOXIÐ KR.
BEN&JERRY'S Chocolate Fudge Brownie ICE CREAM
BEN&JERRY'S Karamel Sutra ICE CREAM
Hafragrautur er ágætur en:
Nú færðu kíló af Bónuskonfekti fyrir 844kr.!
Merkt verð 1299kr.
Úrvals Konfekt
1 kg
35% afsláttur við kassann
BÓNUS konfekt
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### *Össur? Athafnaskáld?*

**Athafnaskáldin skara fram úr, svo sem Össur, fiskverkandinn á Bakkafirði og Þorsteinn Már.**

**Steinunn Theodórsdóttir í grein í Morgunblaðinu um íslenskt samfélag.**

### *Risavaxið vandamál sem verður að taka á strax*

**Og það er í sjálfu sér ótrúlegt þegar fólk er að sleppa skrautfiskum í tjarnir eða ár. Það getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríkið í vatninu.**

**Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, um skrautfiska í fréttablaðinu.**

*nær og fjær*
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ANDRÉS SIGMUNDSSON BÆJARFULLTRÚI:

# *Bæjarfélag í skugga fíkniefnamáls*



„Menn eru meira og minna lamaðir yfir þessu svakalega fíkniefnamáli sem kom upp hér í Vestmannaeyjum,“ segir Andrés Sigmundsson bæjarfulltrúi. „Þetta varðar margar fjölskyldur og er grafalvarlegt. Maður vissi að eitthvað var í gangi en grunaði ekki að það væri eitthvað í þessa veru. Fólk er meðvitað um þetta og tekur nærri sér. Ég er ekki frá því að andrúmsloftið í bænum beri þess merki. Það góða er að það er tekið á þessum málum af fullum krafti hér.“

Andrés kveðst ekki vera of bjartsýnn þessa dagana og það er þungt í honum hljóðið.

„Það er basl á bæjarfélaginu, að því er ég tel. Við erum að bíta úr nálinni eftir að teknar hafa verið alrangar ákvarðanir í gegnum tíðina. Þar kemur margt til. Mönnum hefur verið hleypt af stað í einhverjum bjartsýnisköstum. Pólitísku fulltrúarnir til hægri hafa hent upp „búmmerang“ sem nú er að koma í bakið á okkur – og það er þungt. Þetta á bæði við um fjárhagsstöðuna og fyrirtæki á staðnum. Bærinn stendur í því að skera niður og þar með í uppsögnum á fólki. Það er því enginn sérstakur bjartsýnistónn í mér. Nú er bara að þreyja þorrann og góuna og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Það þarf risaátak í Vestmannaeyjum ef takast á að snúa þessari þróun við. Það þarf uppbyggingu atvinnuveganna, í menningarmálum, varðandi aldraðra og í samgöngum.“

Spurður um afstöðu til jarðgangna milli lands og Eyja segir Andrés eðlilegt að rannsaka þau mál. Sömuleiðis að rannsaka möguleika á höfn í Bakkafjöru. Þegar það liggi fyrir sé hægt að taka afstöðu.

„Ég hef verið talsmaður þess að við höfum alltaf þurft millileik í þessu öllu saman,“ segir hann. „Hann er sá að við áttum að leigja hér stærra, hraðskreiðara skip, sem hentaði í þessa flutninga og myndi þá lyfta okkur aðeins upp og auka bjartsýni bæjarbúa.“

Skákþing Reykjavíkur:

# Tólf skákmenn með fullt hús

Tólf skákmenn hafa unnið báðar skákir sínar á Skákþingi Reykjavíkur - Skeljungsmótinu sem hófst á sunnudag. 58 skákmenn taka þátt í mótinu.



Lítið var um óvænt úrslit í annarri umferð en nefna má að Atli Freyr Kristjánsson og Torfi Leósson gerðu jafntefli og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir sigraði Sigurlaugu Friðþjófsdóttur. Þriðja umferð verður tefld í kvöld og fjórða umferð á sunnudag. Teflt er í húsnæði Taflfélags Reykjavíkur við Faxafen.

Nokkrir af bestu skákmönnum landsins taka þátt og má þar nefna Björn og Braga Þorfinnssyni, Jón Viktor Gunnarsson, Lenku Ptacnikova og Stefán Kristjánsson

Eitthundrað þúsund krónur eru í fyrstu verðlaun og hlýtur sigurvegarinn nafnbótina Skákmeistari Reykjavíkur að auki. ■

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í forsíðutilvísun blaðsins í gær að Gyða Rós Bragadóttir væri unnusta Bjarka Birgissonar íþróttamanns. Þau eru vinir eins og fram kom í grein inni í blaðinu.

# Sirkus biðst afsökunar á Ken Park

**Neytendasamtökin krefjast þess að sjónvarpsstöðvarnar virði lög og sýni ekki klám eða ofbeldi þegar líklegt er að börn séu við skjáinn. Forsvarsmenn Sirkuss biðjast velvirðingar á að hafa sýnt umdeilda kvikmynd snemma kvölds í síðustu viku.**

„Við höfum fylgst með þessu og fengið kvartanir og sýning á myndinni Ken Park síðastliðið föstudagskvöld var kornið sem fyllti mælinn,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna. Hún segir athugasemdir berast samtökunum við ýmiss konar efni sem sýnt er á tímum sem líklegt er að börn séu enn á fótum og þar sé bæði um að ræða þætti og kvikmyndir en ekki síður dagskrárkynningar. Þá séu einnig gerðar athugasemdir við einstaka auglýsingar.

Neytendasamtökin telja óásættanlegt að gróft efni, hvort sem er á sviði kláms eða ofbeldis, sé sýnt snemma kvölds og hvetja yfirvöld til að grípa inn í þróunina enda séu slíkar sýningar bannaðar að lögum. Vitna þau til 14. greinar útvarpslaga sem verður að teljast skýr.

Í kvikmyndinni Ken Park er hvort tveggja ofbeldi og gróf kynlífsatriði en hún var sýnd klukkan 20.30 á Sirkus. „Þetta er grófasta dæmið sem ég þekki. Þessa mynd á ekki að sýna á þessum tíma, ég held að allir geti verið sammála um það,“ segir Brynhildur en nefnir líka Örninn á Ríkissjónvarpinu sem sýndur var á sama tíma þrátt fyrir að vera bannaður börnum.

Guðmundur Arnar Guðmundsson, kynningarstjóri Sirkuss, segir það yfirsjón hjá stöðinni að sýna Ken Park á umræddum tíma. „Þetta er mjög gróf mynd og okkur þykir þetta mjög miður. Myndin verður ekki sýnd aftur á Sirkuss og við biðjumst velvirðingar á þessari yfirsjón okkar,“ segir hann og heitir um leið að svona lagað muni ekki gerast aftur.



**BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR STARFSMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA** Hún krefst þess að sjónvarpsstöðvar virði lög um sýningu sjónvarpsefnis og hvetur yfirvöld til að grípa í taumana, sé lögunum ekki fylgt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ken Park var sýnd á kvikmyndahátíð í Háskólabíói haustið 2004 og fékk Sirkus allar myndir hátíðarinnar til sýningar. Þeim var fundinn staður í dagskránni klukkan 20.30 á föstudagskvöldið og hafa, að sögn Guðmundar Arnars, verið sýndar við góðar undirtektir. Ken Park er hins vegar af öðrum toga en hinar myndirnar. ■

**14.GREIN ÚTVARPSLAGA**

✶ *Vernd barna gegn óheimilu efni.*

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni.

Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.






**SIGUR RÓS Á HLJÓMLEIKUM** Verslað er með hugverk á tónlistarkaupstefnunni í Cannes.

Tónlistarkaupstefnan Midem stendur fyrir dyrum:

# Bransinn til Cannes

Stærsta kaupstefna tónlistar í heiminum hefst í Cannes í Frakklandi eftir tíu daga en hún fer nú fram í fertugasta sinn. Íslendingar hafa sótt kaupstefnuna um árabil en aldrei hafa jafn margir þátttakendur skráð sig til leiks frá Íslandi og nú en þeir eru 23 frá fimmtán fyrirtækjum og fjórum félagasamtökum.

Útflutningsráð skipuleggur þátttöku íslensku fyrirtækjanna undir slagorðinu Hear Iceland!

Íslensku fyrirtækin sem nú taka þátt eru: 12 tónar, 2121 Culture Company, Believer, Concert, Plan B, Dagur Group, Dimma, Geimsteinn, Íslensk tónverkamiðstöð, Musik, My Pocket Productions, Reykjavík Records, River of Light Records, Smekkleysa SM og Sound Factory. Eins og sjá má af nöfnum fyrirtækjanna hugnast þeim flestum að eiga í erlendum samskiptum.

Menn hafa oft náð ágætis árangri á Midem og gert góða samninga. Er skemmst að minnast samnings Óttars Felix Haukssonar fyrir þremur árum þegar hann gerði samning við útgáfufyrirtæki í Sjanghæ í Kína um útgáfu á plötu hins ítalska Robertino þar í landi. ■



**ÓTTAR FELIX HAUKSSON** Gerði það gott á Midem fyrir þremur árum.

Sala holdanautasæðis:

# Álfur og Angi vinsælastir

Nautið Álfur er vinsælasta holdanautið á Íslandi samkvæmt tölum um sölu holdanautasæðis sem birtar eru á heimasíðu Landssambands kúabænda. 286 sæðisskammtar voru seldir úr Álfi og er það talsvert meira en árið á undan. Angi kom á hæla Álfs en úr honum voru seldir 226 skammtar.

Angi er það naut sem mest sæði hefur verið selt úr frá upphafi en heilir 6.256 skammtar hafa verið seldir úr honum.

Alls voru seldir 815 sæðisskammtar árið 2005 og er það ögn minna en árið 2004 þegar 836 skammtar seldust.

Stórlega hefur hins vegar dregið úr holdanautasæðissölu á umliðnum árum og var hún til að mynda 2.433 skammtar árið 2000. ■




**NAUT** Talsvert hefur dregið úr sölu holdanautasæðis á síðustu árum.


hagstæðustu heildarinnkaupin
meira fyrir minna
súpukjötið klikkar ekki!
30%
afsláttur
Fyrsta flokks súpukjöt
frábært að eiga í frystinum!
1.799
kr.kg.
Lausfrystar danskar kjúklingabringur
2,5kg. í poka
þú sparar 561 kr/kg
998
kr.kg
Grísasnitsel
30%
afsláttur við kassa
Grísahakk
BAUTABÚRIÐ
TILBOÐ
Kjúlli
ódýr máltíð
199
kr.kg
Buffaló kjúklingavængir
HY-TOP
SWEET CORN
28
kr/stk
Hy-Top maiskorn
75
kr/pk
Náttúru hrísgrjón
1. kg.
stór pakki
375
kr.ks
Kellogg´s Special K
750gr.
ÍSLANDSFUGL
Kjúklingur
30%
afsláttur við kassa
Heill ferskur kjúklingur
ARIEL
platinum
Color
99
kr/pk
Ariel þvottaefni
pakkinn
9 rúllur
Festival
Soft Luxury
50%
afsláttur við kassa
Festival salernispappír
9 rúllur
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 12. -15. janúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

## Svona erum við

> Heildartekjur í fjármálaþjónustu




*í milljónum króna
Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BARÁTTAN VIÐ SÝKINGAR AF VÖLDUM MENINGÓKOKKA

# Bólusetning hefur gefist vel

Einungis sex einstaklingar hafa greinst með meningókokka C sjúkdóm á þeim þremur árum sem liðin eru síðan sérstakt átak Landlæknisembættisins gegn sjúkdómnum hófst. Á tíu ára tímabili þar á undan veiktust að jafnaði nær fimmtán manns á ári.

**Hvað eru meningókokkar**
Meningókokkar eru bakteríur sem á latínu kallast *Neisseria meningitidis*. Bakteríurnar geta valdið lífshættulegri blóðsýkingu og heilahimnubólgu. Sýkingin getur einnig leitt af sér bæði lungna- og liðbólgu. Samkvæmt upplýsingum Landlæknisembættisins hafa meningókokkasýkingar löngum verið algengari hér en í flestum öðrum Evrópulöndum, en ástæður þess eru óþekktar. Bakteríunum má skipta í nokkrar undirtegundir. Hér eru tvær tegundir algengastar, afbrigði B og C.

**Átak landlæknis**
Í nýjasta eintaki Farsóttafrétta sóttvarnalæknis, sem starfar við Landlæknisembættið, kemur fram að á tuttugu ára tímabili, frá 1983 til 2002, hafi 147 einstaklingar greinst með sýkingar af völdum meningókokka C, næstum því fimmtán á ári. Þar af létust fjórtán, flestir undir tvítugu. Í október 2002 hófst svo sérstakt bólusetningarátak gegn meningókokkum C þar sem bólusetja átti alla tuttugu ára og yngri. Að auki varð bólusetningin hluti af almennum ungbarnabólusetningum við sex og átta mánaða aldur. Um mitt næsta ár höfðu svo tæp 90 prósent af umræddum aldurshópi verið bólusett.



**Bólusetningin að virka**
Síðan átakið hófst hafa svo einungis sex greinst með meningókokka C sjúkdóm. Að sögn Landlæknisembættisins eru þeir allir yfir tvítugu og hafa allir haldið lífi. Bólusetningin hefur hins vegar ekki haft áhrif á sýkingu af völdum annarra undirtegunda meningókokka. Ályktun embættisins er því að átakið gegn undirtegund C hafi skilað mjög góðum árangri og lýsi það von um að á næstu árum komi fram virk bóluefni gegn meningókokkum B.

## SPURT & SVARAÐ

BANKALEYND

### Þarf alltaf dómsúrskurð



**FRIÐBERT TRAUSTASON**
Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra bankamanna

Fréttir af því að bankaleynd hafi verið létt af reikningum lögmannsstofu með dómsúrskurði hafa vakið mikla athygli meðal lögmanna og ekki síður bankamanna. Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra bankamanna, segir þetta mál ekki síður varða almenning.

**Í hverju felst bankaleynd?** Eins og hún hefur verið túlkuð til þessa er bönkum og fjármálastofnunum algörlega óheimilt að gefa upp upplýsingar um viðskiptareikninga viðskiptavina.

**Eru undanþágur frá þessu?** Nei, í raun eru engar undanþágur nema að undangengnum dómsúrskurði og jafnvel þá er ekki heimilt að létta leynd af öllu. Það eina sem er almennt samþykkt að létta leynd af er þegar lögregla fer fram á að kanna kortanotkun í sakamálum. En það þarf dómsúrskurð í öllum tilfellum.

**Hvaða afleiðingar getur nýgenginn dómur haft?** Það sem ég hræðist mest er að ákveðnir aðilar hætti að eiga viðskipti við íslenska banka ef þeir óttast að hér gildi aðrar reglur í þessum efnum en í Evrópu.




# Veröldin öll í viðbragðsstöðu

**Af opinberum tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar má ráða að til þessa hafi 78 manns farist úr fuglaflensu í heiminum. Nú þykir ljóst að í raun eru tölurnar mun hærri. Jafnframt hafa komið fram upplýsingar sem benda til þess að veiran sé, enn sem komið er, ekki nærri því jafn mannskæð og í fyrstu var haldið.**



**FUGLINN FANGAÐUR** Yfir 300.000 fuglar hafa verið aflífaðir í Tyrklandi, en fuglaflensa af veirustofninum H5N1 hefur breiðst þar út með meiri hraða en áður hefur þekkst. Tyrknesk yfirvöld halda því fram að þau hafi stjórn á útbreiðslu veirunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þótt Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segi alls 78 manns hafa látist úr fuglaflensu í heiminum, eru líkur á að mun fleiri hafi smitast og að mikill meirihluti hafi lifað veirusýkinguna af.

**Sjúkdómseinkenni yfirleitt væg**
„Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að yfirleitt eru sjúkdómseinkennin frekar væg og náin snerting verður að vera fyrir hendi svo smitið berist í fólk," skrifaði Anna Thorson hjá Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Stokkhólmi í niðurstöðum rannsóknarinnar sem birt var í tímaritinu Archives of Internal Medicine.

Mannslátin vegna fuglaflensu sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur staðfest hafa öll verið í átta löndum, þar af flest í Víetnam, eða 42. Smit af hinum mannskæða H5N1 stofni hefur hins vegar fundist í fuglum víðsvegar um Asíu og er tekin að færast inn í Austur-Evrópu. Íslensk heilbrigðisyfirvöld telja sennilegt að hún berist hingað til lands með farfuglum í vor. Enn er hættan þó mest í Austur-Asíu og í gær sögðu talsmenn stofnunarinnar að Asíulönd verði að bregðast harðar við veirunni svo hún nái ekki að verða að heimsfaraldri.

Mikill ótti hefur brotist út í Tyrklandi þar sem sýkingin virðist breiðast afar skjótt út og hefur stofnunin hafið rannsóknir á ástæðu þessarar skjótu útbreiðslu milli alifugla og frá þeim í fólk, sérstaklega börn. Jafnframt hefur stofnunin hvatt Tyrki, sem og heiminn allan, til að halda ró sinni.

**Þurfa að snerta sýkta fugla**
Enn sem komið er virðist fólk þurfa að snerta sýkta fugla til þess að smitast og talsmenn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar segja enn ekki hægt að staðfesta neinar stökkbreytingar í veirunni. Fréttavefur breska ríkisútvarpsins, BBC, hafði eftir Günael Rodier, embættismanni hjá stofnuninni, að hugsanlega hafi H5N1 veiruafbrigðið tekið breytingum sem gera það að verkum að hún á auðveldara með að berast úr fuglum í menn. Þó bendir enn ekkert til þess að vírusinn smitist frá manni til manns.

Rodier sagði jafnframt að líklega bærist smit frekar í börn en fullorðna þar sem ónæmiskerfi barna hefur ekki fengið tíma til að þroskast eins og hjá fullorðnum, og eins eru börn líklegri til að leika sér með fuglana. Hingað til hefur fólkið sem smitast hefur flest unnið með alifugla, handleikið þá, reytt dauða fugla eða drukkið hrátt fuglablóð, sem talið er lostæti í sumum löndum Suðaustur-Asíu.

**Ekki ráðið gegn ferðum til Tyrklands**
Búið er að útrýma fleiri en 300.000 alifuglum í Tyrklandi, sem er afar sárt fyrir margar fátækari fjölskyldur landsins, en alifuglar eru oft eina verðmæti fólks á fátækari svæðum landsins. Nágrannalönd Tyrklands hafa brugðist hart við og gera mörg þeirra ráðstafanir til að vernda búpening sinn.

Hvorki Alþjóðaheilbrigðisstofnunin né íslensk yfirvöld hafa varað fólk við ferðalögum til Tyrklands.

Starfsmenn stofnunarinnar sitja nú á tveggja daga fundi í Tókýó ásamt heilbrigðisyfirvöldum fleiri en 20 landa og ræða hvernig best sé að minnka áhættuna á heimsfaraldri. Talsmenn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar hafa sagt að nú sé veröldin nær inflúensufaraldri en hún hefur verið í tæp 40 ár, eða síðan árið 1968 þegar sá síðasti af þremur inflúensufaraldrum 20. aldarinnar geisaði. Inflúensufaraldrar geisa að meðaltali þrisvar til fjórum sinnum á öld.

### MISRÆMI Í TÖLUM

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur staðfest fjögur tilfelli fuglaflensusmits í mönnum í Tyrklandi, þar af tvö sem enduðu með dauða, en tyrknesk yfirvöld segja minnst fimmtán Tyrki hafa sýkst af veirunni. Mismuninn á tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og yfirvalda í hverju landi fyrir sig má rekja til þess að stofnunin staðfestir aðeins niðurstöður rannsókna sem framkvæmdar eru á fyrirfram viðurkenndum rannsóknarstofum. Rannsóknir sem yfirvöld í Tyrklandi hafa látið gera á rannsóknarstofum þar í landi eru því ekki staðfestar af stofnuninni því rannsóknarstofurnar hafa ekki fengið viðurkenningarstimpil hennar.

## Fleiri sagðir hafa fuglaflensu

Yfirvöld tilkynntu um fimm ný fuglaflensusmit í fólki í Tyrklandi og tvö í Asíu nýverið. Ný rannsókn sýnir fram á að vírusinn er sennilega mun algengari en áður var haldið og að miklu færri en helmingur þeirra sem smitast deyi.

**Staðfest fuglaflensutilfelli í fólki og mannslát**




HEIMILDIR: ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISSTOFNUNIN, AP

FRÉTTASKÝRING



SIGRÚN MARÍA KRISTINSD
smk@frettabladid.is

# Tryggðu þér bestu vextina!

Samkvæmt úttekt Morgunblaðsins á innlánsvöxtum bankanna er ljóst að Netbankinn er enn og aftur með bestu vextina á verðtryggðum og óverðtryggðum innlánsreikningum, sjötta árið í röð. Komdu í viðskipti við Netbankann – við veitum þér góða, almenna bankaþjónustu og miklu betri vexti.

| | |
|---|---|
| Lífeyrisreikningur | 9,90% |
| Markaðsreikningur | 8,47% |
| Verðtryggður reikningur | 8,04% |
| Framtíðarreikningur fyrir börn | 9,56% |

nb.is sparisjóður hf.

**www.nb.is**

**Netbankinn**

*– með betri vexti*

- Sæktu um á nb.is
- Hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800



**landslag**
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** PÓSTURINN VIÐ DJÚPIÐ

# *Fimmhundruð kílómetra rúntur*

Þó að pósturinn teljist ekki til atvinnurekanda við Inndjúp er sú starfsemi án efa einn mikilvægasti þátturinn í þessu strjálbýla samfélagi. Nú er þessi þjónusta í höndum Þórðar Halldórssonar frá Laugarholti. Hann fer þrisvar í viku frá Laugarholti til Ísafjarðarbæjar með viðkomu á bæjum. Hann tekur einnig farþega ef svo ber undir og sveitungarnir geta haft samband við mann á vegum Súðavíkurhrepps sem tekur niður pöntun ef þá vanhagar um eitthvað frá Ísafirði og svo er það í verkahring Þórðar að koma vörunni til skila. Þessi rúntur póstsins er um það bil 450 til 500 kílómetrar, eftir því hvar komið er við, og oft er færðin varasöm á þessum slóðum.



Gunnar Pétursson gegndi þessu starfi í áratugi en hann var fyrst mjólkurbílstjóri á þessum slóðum en tók svo við póstinum. Hann var sérlega greiðvikinn og þjónustaði Djúpsmenn af slíkri lipurð að þeir tóku öllu tali um að hann hætti vinnu fyrir aldurssakir afar illa. Til stóð að hann yrði settur af þegar hann varð sjötugur en sveitungarnir mótmæltu svo kröftuglega að fallið var frá því. Gunnar hætti svo um síðustu áramót, 75 ára að aldri, sveitungum sínum til mikillar armæðu.

Gunnar Pétursson fyrrverandi póstur við Ísafjarðardjúp.

## STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### *Inndjúp*

**Fjöldi íbúa sem búa allt árið:** 39
**Fjöldi býla sem búið er á:** 18
**Fjöldi býla sem búið var á 1956:** 52
**Sveitarfélag:** Hólmavíkurhreppur og Súðavíkurhreppur
**Meðalaldur íbúa:** 47,2 ár
**Atvinnufyrirtæki:**
Hótelið Reykjanesi,
Fiskeldið Háafell á Nauteyri,
Orkubú Vestfjarða hefur tvær virkjanir á svæðinu
**Vegalengd frá Reykjavík (miðað við hótelið á Reykjanesi):** 307 km ef farið er um Þorskafjarðarheiði, en 362 km ef farið er um Steingrímsfjarðarheiði.

# Þar sem gömlu gildin ríkja enn

**Veðurguðirnir eru harðir í horn að taka við Ísafjarðardjúp á köldu janúarsíðdegi þegar Jón Sigurður Eyjólfsson lét vélfákinn ösla eftir snjóþungum vegunum. Langt er á milli bæja við Inndjúpið og því kærkomið að sjá ljóstýru innan um snjóflyksurnar við sjóndeildarhringinn.**

Inndjúpið nær frá Snæfjallaströnd á austurströnd Ísafjarðardjúps til Hvítaness milli Skötufjarðar og Hestfjarðar.

Gestrisni við Inndjúpið er í algjörri andstöðu við kaldranalegt janúarveðrið. Hvar sem komið er svigna borð undan kræsingum og gesti er lengi haldið á spjalli enda heimsóknir fátíðar á þessum árstíma. Þó langt sé á milli bæja er samheldni meðal sveitunga enda sjá þeir sig oft knúna til samstöðu til að gæta hagsmuna sinna.

**Brögðóttur guðsmaður**

„Þegar ég kom hérna árið 1956 voru 52 býli í byggð í sóknum hér við Inndjúpið og nú í dag eru eftir um 18,“ segir Baldur Vilhelmsson í Vatnsfirði.

Gamli sóknarpresturinn er löngu orðinn þjóðþekktur fyrir hnyttin tilsvör og uppátækjasemi. Mörgum sveitungum varð um og ó þegar þessi vinstrisinnaði prestur tók við brauðinu í Vatnsfirði. En hann var ekki lengi að vinna traust og vináttu sóknarbarnanna. Hann kenndi einnig við Reykjanesskóla sem þá var og gat sér þar einnig góðs orðs.

Aðalsteinn Leifur Valdimarsson, bóndi á Strandseljum, var nemandi Baldurs og fór ekki varhluta af brellum guðsmannsins. „Já, séra Baldur kenndi mér,“ segir Aðalsteinn. „Hann var nokkuð uppátækjasamur og ég man það til dæmis að hann byrjaði kennslustundina venjulega á því að segja brandara og það var þvílíkt tilhlökkunarefni að heyra þá að enginn mætti of seint, en til þess var leikurinn gerður,“ segir Aðalsteinn og brosir við endurminninguna. Aðalsteinn er, ásamt Indriða nokkrum Aðalsteinssyni á Skjaldfönn, álitinn mestur hagyrðinga við Inndjúpið en skáldagyðjan gaf ríkulega þar um slóðir. Mest fékk þó eflaust Steinn Steinarr en hann fæddist á Laugalandi.

**Reisir drykkjumenn við**

Ragna Aðalsteinsdóttir á Laugabóli gerist oft hávær þegar vegið er að gömlu gildunum og hagræðingarhugmyndum otað að sveitungum. Enda er hún mikil hugsjónamanneskja eins og sjá má af áhugamálum hennar sem blaðamaður komst á snoðir um þegar hann taldi annan íbúann á Laugabóli vera eiginmann hennar.

„Þetta er ekki maðurinn minn,“ segir Ragna þá, „þetta er drykkjumaður sem ég hef tekið að mér. Ég er alltaf að taka að mér drykkjumenn og reisa þá við. Svo hef ég líka fengið til mín unglinga sem lent hafa í lausamöl lífsins og komið nokkrum þeirra á beinu brautina, það er voða gaman. Þetta er mitt áhugamál og svo er það mitt mottó að maður á að hjálpa fólki,“ segir hún ákveðin.

Margir eru Rögnu þakklátir fyrir vist sína á Laugabóli. Þrír fyrrverandi vistmenn hafa meira að segja skírt börn sín eftir henni. Einar Ásgeirsson sem nú nýtur þessara forréttinda hefur snúið frá villu síns vegar þótt einstaka sinnum hafi hann fallið aftur í hendur Bakkusar. Slíkt gerist þó aðeins í kaupstaðnum því Ragna gengur alltaf úr skugga um að ekki fari deigur dropi inn um dyrnar á Laugabóli.

**Aldraðir bændur í fullu fjöri**

Um áramótin hætti Gunnar Pétursson að keyra póstinn á bæina við Inndjúpið. Við þau tímamót var einnig gerð nokkur breyting á póstflutningi þar um slóðir líkt og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu. Þó allir þeir sem blaðamaður ræddi við bæru nýja póstinum, Þórði Halldórssyni, vel söguna var ekki hjá því komist að kenna mikils söknuðar sveitunga í garð Gunnars.

Þó að Baldur Vilhelmsson hafi lagt hempunni fyrir aldurs sakir má grannt sjá að hann gegnir enn hlutverki guðsmannsins á svæðinu. „Við urðum öll flemtri sleginn þegar Gunnar var látinn hætta,“ segir hann. „Hann hafði sinnt okkur af stakri prýði og töldum við að þar yrði áframhald á. Ég vil því þakka Gunnari, fyrir hönd okkar allra sérlega vel unnin störf í okkar þágu.“

Ragna tekur dýpra í árinni. „Hann var bara svo yndislegur maður. Þannig að við viljum Gunnar áfram og ekkert múður,“ segir hún ákveðin. Sú krafa kann að hljóma undarlega þar sem Gunnar er orðinn 75 ára en þá ber að minnast þess að Djúpsmenn virðast eldast seinna en annað fólk og ekki er óalgengt sjá þar áttræða bændur á hlaupum eftir sauðfé. Meðalaldur íbúa á þessu svæði er um 47 ár en til samanburðar má geta þess að í Ísafjarðarbæ er hann 35,7 ár, í Borgarbyggð 35,8 ár og á landinu öllu er hann 36 ár. Sjálf er Ragna komin á níræðisaldur og sinnir búi með 140 ám. Þó er fjörið þannig að sumum þykir nóg um.



**BALDUR VILHELMSSON Í VATNSFIRÐI** Fyrrverandi sóknarprestur í kirkjunni í Vatnsfirði. Sögusagnir herma að hann hafi sagt við organista sem þótti eitthvert formsatriði vanta í brúðkaupsathöfn eina, að hann gæti þá bara haft amenið þrefalt.



**RAGNA AÐALSTEINSDÓTTIR OG EINAR ÁSGEIRSSON** Einar er heppinn að Ragna skuli hafa svo göfug áhugamál eins og að taka að sér drykkjumenn.


# Skrifstofuvörur
## – á tilboði í janúar 2006



*Þú ert í góðum höndum*
*þar sem fagmennirnir vinna með þér*
**Katrín Edda Svansdóttir**
*- sölumaður í þjónustuveri RV*

**329 kr**



Gatari 2ja gata með kvarða

**198 kr**



Mopak ljósritunarpappír
500 blöð í búnti

**138 kr**



Bréfabindi A4 8cm kjölur

TUNGLIÐ RV2055B

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2
Sími: 520 6666
www.rv.is



# Lagerútsala að Klettthálsi 13







## 25-70% afsláttur

af útlitsgölluðum og eldri gerðum
af heilsudýnum, völdum húsgögnum
ásamt ýmsum fylgihlutum.

Gildir meðan birgðir endast

- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING

Svefn & heilsa

www.svefn.is

LAGERÚTSALA

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Átakið hef







## EINFALDAR & FLJÓTLEGAR INDVERSKAR "VRÖPPUR" að hætti Sollu

1 pakki gourmet tortillas wraps
fylling:
2 msk kókosfita, ólífuolía eða vatn
1 tsk karrý eða curry paste
200 g blandað grænmeti, t.d. frá Himneskri hollustu
2 dl soðnar kjúklingabaunir, t.d. frá Himneskri hollustu
smá sjávarsalt
1/2 dl vatn eða kókosmjólk
1/4 búnt ferskur kóríander
smá ostur, t.d. léttfeti, sojaostur eða annar ostur
mango chutney (má sleppa)

Hitið olíuna á pönnu, bætið karrýinu útí ásamt grænmetinu og látið mýkjast í um 5 mín. Bætið baunum, salti, vökva og ferskum kóríander útá og látið malla í 2-3 mín. Smyrjið hverja köku með 1 tsk. af einhverju góðu mango chutney. Setjið síðan fyllinguna og ostinn á og rúllið tortillunni upp. Fyllingin nægir í um 8 litlar tortillur. Sett í 200°C ofn í um 3 mín eða þar til osturinn er bráðnaður.

## KJÚKLINGAPINNAR "SATE" að hætti Bjarna

500 g kjúklingabringur/lundir ( skornar til og þræddar upp á spjót)
100 ml kjúklingasoð (vatn og kraftur)
1/2 saxaður laukur
1 rif saxaður hvítlaukur
2 tsk. söxuð engiferrót
1/2 tsk. cumin (ekki kúmen)
1/2 tsk. tumeric

Öllu er blandað saman og látið liggja í 30-60 mín. Gott er að kryddleggja spjótin í tvöföldum plastpoka svo kryddlögurinn leiki um kjötið. Passa þarf að gegnumsteikja kjúklinginn.




**RAITA** (köld sósa til að hafa með)
1 dós hreint lífrænt jógúrt, eða sojajógúrt
3 tsk sinnep, t.d. frá Himneskri hollustu
1 msk fínt saxaður rauðlaukur
1 tómatur, steinhreinsaður & skorin í litla bita
1 hnefi ferskur kóríander
smá sjávarsalt & nýmalaður pipar
- Öllu hrært saman í skál
- Gott að búa sósuna til fyrst svo hún nái að brjóta sig.




**KYNNINGAR:**
Í Skeifu, Kringlu, Smáralind og á Eiðistorgi:
13. janúar kl. 14-18
14. janúar kl. 12-16

**Sól** ávaxtasafi, 1 lítri




**EAS Diet töflur:**
- Auka grunnbrennslu/efnaskipti og fitubrennslu
- Draga úr matarlyst
- Vatnslosandi
- Öflug þráavarnarefni

EAS Diet töflurnar innihalda einstaka formúlu með koffíni, grænu tei, andoxunarefni úr grænu kaffi(GCA®), hvítu tei, oolong tei, extrakti úr svörtum pipar(Bioperine®), kalki, ásamt B6 og B12 vítamínum. Saman vinna þessi innihaldsefni að auknum hvíldarefnaskiptahraða sem er lykilatriði til að auka brennslu á hitaeiningum.

**EAS** fæðubótarefni




**KYNNINGAR:**
13. janúar Skeifunni kl. 14-18
14. janúar Kringlu kl. 14-18
15. janúar Smáralind kl. 14-18

Fitness formúlan frá Leppin er hollur og bragðgóður næringardrykkur.

**Leppin** fitness formúla




LÄRABAR er gómsæt bland af tærum ávöxtum, hnetum og kryddi. Orka í sínu hreinasta formi gerð úr 100% náttúrlegu, óelduðu hráefni.

Í LÄRABAR er enginn viðbættur sykur eða önnur sætuefni.

LÄRABAR er einnig glúten frír, mjólkur frír, soya frír & hveiti frír.

**LÅRABAR** tær og einfaldur orkubiti, eins og móðir náttúra ætlaði okkur

Gildir til 15. janúar eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval matvöru*

# st hér og nú



Sólveig Eiríksdóttir
"Solla Græna"

**EINFALT SPELT PÖNNUBRAUÐ**
**að hætti Sollu**

300 gr spelt annað hvort gróft eða fínt frá Himneskri hollustu
1⁄2 dl fræblanda frá Himneskri hollustu
1 tsk salt
1/2 dl ólífuolía, t.d. frá LaSelva
150 - 175 ml heitt vatn
- Setjið spelt, fræblöndu og salt í hrærivélaskál (eða matvinnsluvél) ásamt olíunni og látið ganga í nokkrar sek.
- Bætið vatninu útí - lítið í einu og hnoðið þar til deigið er mjúkt viðkomu.
- Deiginu er skipt í 10 hluta - hverjum hluta er síðan rúllað út þar til hann er ca. 15-20 cm í þvermál.
- Hitið pönnu og steikið brauðin á þurri heitri pönnu í um 30-40 sek. á hvorri hlið.
- Tilbúnu brauðin eru sett inn í rakt stykki til þess að þau harðni ekki
- Einnig er hægt að baka brauðin í ofni og eru þau bökuð við 250°C í um 1 mín. á hvorri hlið.

Solla mun veita ráðgjöf við val á heilsusamlegum vörum:
í Kringlunni 13. janúar kl. 14-18 og
í Smáralind 14. janúar kl. 13-17.




Gott verð
309 kr/stk



## Ný kynslóð salatbara

### Sjáðu þetta

**40 spennandi tegundir**

**Meðal annars:**

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandorri
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókóskyrsósu
- Kryddfeti í olíu
- Ætiþistill

...og margt fleira




20% afsláttur við kassa

**Hydroxycut** fæðubótarefni




20% afsláttur við kassa

**Perfect** vörurnar eru allar með 20% afslætti um helgina




TILBOÐ
169 kr/stk
Verð áður 205,-

**Pepsi Max** 2 lítra, enginn sykur




20% afsláttur við kassa

**Lýsi** Heilsutvenna, Sporttvenna og Lýsi og liðamín




20% afsláttur við kassa

**Lýsi** vítamínlína

Nýtt
í Hagkaupum




20% afsláttur við kassa

**Organic** fæðubótarstangir unnar úr 1. flokks lífrænt ræktuðu hráefni

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# skoðun

## SJÓNARMIÐ

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Íbúum á Íslandi hefur fjölgað mun hraðar en ráð var fyrir gert.

# Mikil fjölgun íbúa á Íslandi

Forsætisráðherra landsins og hagstofustjóri fögnuðu nýfæddum snáða fyrr í vikunni og buðu hann velkominn í heiminn sem þrjúhundruðþúsundasta Íslendinginn. Þetta var skemmtileg uppákoma og þakklátt fjölmiðlaefni eins og myndir af hvítvoðungum og viðtöl við nýbakaða foreldra þeirra eru alltaf. Hitt er þó ljóst að nær hefði líklega verið að fara suður í Leifsstöð og taka þar á móti þrjúhundruðþúsundasta Íslendingnum því hin öra mannfjölgun hér á landi liggur fremur í hraðri fjölgun innflytjenda en tíðum barneignum, þótt vissulega séum við Íslendingar iðnari en aðrar vestrænar þjóðir við þær.

Í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í gær kom fram að hlutfall erlendra ríkisborgara er á skömmum tíma orðið svipað og í nágrannalöndum okkar eða 4,5 prósent sem er sama hlutfall og til dæmis í Noregi. Hraðbyri stefnir í að við náum Danmörku og Svíþjóð en í þeim löndum er hlutfall erlendra ríkisborgara 5 og 5,3 prósent. Erlendir ríkisborgarar eru nú orðnir 14.000 talsins og hefur þeim fjölgað um hvorki meira né minna en 3.500 manns á síðasta ári sem er um það bil sami fjöldi og á heilum áratug frá 1991 til 2000.

*Á skömmum tíma hefur íslenskt samfélag sem lengi hefur einkennst af sterkri þjóðerniskennd orðið afar fjölmenningarlegt.*

Á skömmum tíma hefur íslenskt samfélag sem lengi hefur einkennst af sterkri þjóðerniskennd orðið afar fjölmenningarlegt. Einsleitt samfélag hefur þróast í átt til mun meiri fjölbreytni. Flestir virðast líka sammála um að fjölgun útlendinga hafi auðgað samfélag okkar og menningu.

Þeir innflytjendur sem hingað koma eru fyrst og fremst komnir til að vinna, margir vegna þess að fólk vantar til starfa í ýmsum undirstöðuatvinnugreinum þar sem erfitt hefur verið að fá Íslendinga til að vinna. Því miður hefur oft verið brotinn réttur á erlendu fólki sem hingað er komið til starfa. Laun þess hafa ekki verið í samræmi við kauptaxta sem bundið er í lög að fara eftir og húsnæði sem fólki hefur verið útvegað verið fyrir neðan allar hellur. Öðrum útlendingum hefur sem betur fer vegnað vel og lifa hér góðu lífi.

Ljóst er að vinnukraftur útlendinga skiptir sköpum í íslensku efnahagslífi og fræðimenn hafa bent á að mun hagkvæmara væri að íbúar hér á landi væru til muna fleiri en þeir eru í dag. Það er því hagur allra að útlendingum haldi áfram að fjölga og að þeim líði hér svo vel að sem flestir sjái ekki ástæðu til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna. Til þess að svo megi verða þarf að efla enn frekar stuðning við þá útlendinga sem hingað flytja. Við þurfum að hlúa að börnum þeirra og uppræta hið mikla brottfall unglinga af erlendum uppruna í framhaldsskólum svo dæmi sé tekið. Við þurfum einnig að efla íslenskukennslu hinna fullorðnu þannig að menntun þeirra og reynsla geti nýst okkur sem skyldi. Síðast en ekki síst er það skylda okkar að sýna því fólki sem hingað er komið til að taka þátt í atvinnulífi okkar og samfélagi þá virðingu sem allt fólk á skilið. Saman mun okkur halda áfram að fjölga og fjölbreytileg menning og efnahagslíf dafna.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Forsetinn um útrásina**
Í athyglisverðri ræðu á fundi Sagnfræðingafélagsins á þriðjudaginn velti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrir sér hverjar væru skýringar á velgengni íslenskra athafnamanna erlendis á undanförnum misserum, útrásinni svokölluðu. Í því sambandi tiltók hann ýmsa eiginleika sem hann taldi finnast í fari þjóðarinnar: víkingaeðli, vinnusemi, áherslu á árangur, vilji til að taka áhættu, traust á milli fólks og áhersla á sköpun. Hann nefndi einnig að skrifræði flæktist ekki fyrir og þann íslenska athafnastíl að „karlinn í brúnni“ ætti auðvelt með að vinna með fólkinu.

**Léttur hrollur**
Meðal áheyrenda á fundinum var Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur. Hann var ekki í skýjunum af hrifningu yfir ræðunni eins og lesa má í pistli sem hann birtir á vefritinu Kistunni. „Ég verð að viðurkenna að það fór léttur hrollur um mig við tilhugsunina við að þessi lofræða væri flutt um „útrásina“. Mig undrar það metnaðarleysi sem kemur fram í þessari upptalningu, þá grunnhyggni sem felst í skjallinu sem „útrásarliðið“ er ausið, og hvernig hægt sé að neita sér um að horfa til þeirra augljósu gagnrýni sem framganga þess býður upp á“, skrifar hann.



**Pólitísk ræða**
Sigurður Gylfi segir að Ólafur Ragnar skipi sér í flokk með þeim hópi fólks sem nefnist nýkapítalistar: „Í kjölfar Reagan-tímans í Bandaríkjunum lék þessi lýður lausum hala, ruddist inn í rótgróin fyrirtæki og splundraði þeim og gekk út með ofsagróða. Eftir sátu oft tugþúsundir starfsmanna sem unnið höfðu hjá þessum sömu fyrirtækjum með sárt ennið og atvinnulausir. Hollywood-framleiðendur hafa gert þessu tímabili í sögu heimsins – tímabili græðginnar – ágæt skil í myndum eins og Wall Street þar sem Michael Douglas lék aðalhlutverið ásamt fleiru góðu fólki.“ Sagnfræðingurinn spyr: „Heldur forseti Íslands virkilega að þessir einstaklingar sem eru að ryðjast inn í fyrirtæki í útlöndum í nafni „íslensku útrásarinnar“ og kaupa þau upp og selja svo aftur séu eitthvað öðru vísi innrættir vegna þess að þeir séu „strákarnir okkar“ – afkomendur víkinga, landkönnuða og uppfinningamanna?“

gm@frettabladid.is

# Sannleikurinn og tillitssemin

## Í DAG
SIÐFRÆÐI Í FJÖLMIÐLUM



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Nokkuð nýstárleg kenning um blaðamennsku hefur verið að taka á sig mynd upp á síðkastið. Sú kenning er einhvern veginn svona: Fyrsta boðorð blaðamennsku er að segja sannleikann og ef einhver verður fyrir óþægindum eða sárindum út af því þá er það miður. Mikilvægur hluti þess að segja sannleikann er að segja ávallt allt sem vitað er, þar á meðal að segja frá nafni þess sem fjallað er um og birta af honum mynd.

Talsmenn þessarar kenningar telja aðalsmerki hennar vera að sannleikurinn sé settur ofar tillitsseminni og komið sé í veg fyrir spillingu og glæpi sem kunni að þrífast undir yfirborðinu ef kjörorð blaðamannskunnar væri „oft mætti satt kyrrt liggja“. Þetta er í hnotskurn sú stefna sem DV hefur fylgt sl. misseri og hefur ranglega haldið fram að væri hin almenna regla í útlöndum. Samhliða er því haldið fram að þau grundvallaratriði núgildandi siðareglna Blaðamannafélagsins sem eru tillitssemisreglan og varðvirknisreglan eða nákvæmnisreglan séu gagnslausar vegna þess að tillitssemi og sannleikur séu andstæður sem ekki geti farið saman.

Eins og oft vill verða í svona umræðu eru hlutirnir hvorki svartir né hvítir. Vissulega er það rétt hjá DV mönnum að hjá mörgum framsæknum erlendum miðlum er mikil áhersla lögð á skylduna til að segja sannleikann og sú áhersla mætti vera mun skýrari í siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Hins vegar er nánast barnalegt að yfirfæra siðferðilega skyldu blaðamanna til að upplýsa um sannleikann með vélrænum hætti á þá stefnu að birta alltaf nöfn og myndir þeirra sem verið er að fjalla um. Blaðamennska felst í því að túlka og endursegja mjög fjölbreytta atburði og einkenni úr

*Sú ritstjórnarstefna sem byggir á því að hafa það sem aðalreglu að birta myndir og nöfn fólks sem fjallað er um er þess vegna ekki byggð á skyldu blaðamannsins til að segja sannleikann.*

umhverfi okkar og greina almenningi frá þeim í samanþjöppuðu og skýru formi. Það er fráleitt að halda því fram að blaðamenn séu ekki að segja sannleikann þó þeir velji og hafni og segi ekki frá öllu sem vitað er.

Þetta gildir auðvitað líka um nöfn og myndir – það hlýtur að vera spurning um mat og val hvort nafn og mynd skiptir máli fyrir sannleika þeirrar fréttar sem verið er að segja. Sé það fyrirfram ákveðið að leikræna og persónugerving – sem er hefðbundið einkenni síðdegisblaða – sé sá frásagnarmáti sem nota á er líklegt að áhersla sé lögð á að vera með alvöru persónur og alvöru andlit. Það hefur hins vegar ekkert með sannleikann að gera, heldur tegund fjölmiðils. Stundum getur verið gagnlegt að búa sér til fráleit dæmi: Sé verið að segja frétt um árekstur eða umferðarslys getur í ákveðnum tilfellum skipt öllu máli að fá upplýsingar um það hvort bíll var á nagladekkjum eða ekki. Það er fráleitt að halda því fram að það sé grundvallaratriði fyrir sannleiksgildi allra umferðaslysafrétta hvað þá annarra frétta að tekið sé fram hvort bíll hafi verið á nagladekkjum eða ekki. Auðvitað er hugsanlegt að í einhverjum tilfellum komist blaðamenn ekki að kjarna málsins um eitthvað slys ef það er ekki vinnuregla að spyrja um dekkin, en dettur einhverjum í hug að það sé tilefni til að hafa þá meginreglu að birta ávallt upplýsingar um dekk bifreiða sem lenda í árekstri? Varla, nema um sé að ræða einhvers konar dekkjablað.

Sú ritstjórnarstefna sem byggir á því að hafa það sem aðalreglu að birta myndir og nöfn fólks sem fjallað er um er þess vegna ekki byggð á skyldu blaðamannsins til að segja sannleikann. Sú siðferðilega skylda á víða við eins og t.d. ef einhver er vísvitandi að geyma mikilvægar upplýsingar ofan í skúffu til hugsanlegrar birtingar síðar, þegar og ef það muni henta viðkomandi blaði eða blaðamanni. Sem slík er þetta mikilvæg skylda og gott að DV skuli leggja áherslu á hana. En hún er ekki rök fyrir mynd- og nafnbirtingu sem aðalreglu.

Þær tvær reglur sem Blaðamannafélag Íslands hefur haft að leiðarljósi í siðferðisgrunni sínum, tillitssemisreglan og vandvirknisreglan eru á engan hátt andstæðar skyldunni að segja satt. Sá árekstur er nýleg uppfinning DV manna. Í siðareglum er enda talað um að valda ÓÞARFA sársauka eða vanvirðu. Í því liggur kjarni málsins. Tillitssemin snýst ekki um að þegja yfir fréttum og valda aldrei sársauka, heldur að segja þær án þess að valda óþarfa sársauka. Hitt kann að vera rétt, svona almennt, að ástæða sé til þess að gera skyldunni til að segja sannleikann hærra undir höfði í siðareglum blaðamanna. ■





Mest lesna tímarit landsins!

51% 40% *
Meðallestur á tbl. 20-50 ára

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Idol

Coke gefur tóninn

og vodafone Heyrumst!

## 11 þátttakendur hafa þegar tryggt sér sæti í úrslitum Idol...



GUÐRÚN ALEXANDER TINNA SNORRI INGÓ BRÍET ANGELA EIRÍKUR ÍNA MAGGA RAGNHEIÐUR

## ...hver hreppir síðasta sætið?



ÁGÚSTA SIGURVEIG HARPA SOFFÍA HULDA AGNES DRÍFA



GUÐBJÖRG ELÍSA BRYNJAR ÖRN EYRÚN SVAVA VIKTOR



SJÖFN GUÐBJÖRG TELMA BJÖRG GUÐRÍÐUR EVA



ELFA BJÖRK GUNNAR MÁR SIGFÚS BJÖRN DAÐI

# IDOL-STJÖRNULEIT

Ekki missa af síðari dómaravalsþættinum í kvöld kl. 20:30

# Setjum náungakærleikann í öndvegi



UMRÆÐAN
NÁUNGAKÆRLEIKUR

GESTUR KR. GESTSSON

Reykjavík er falleg borg og hún ber þess merki að íslenska þjóðin er orðin rík. Við þurfum ekki að muna langt aftur í tímann til þess að vita hvernig umhverfi okkar borgarbúa hefur orðið fallegra með árunum, grænna og gróðursælla ¿ sérstaklega síðustu tólf ár. Reykjavík ber þeirri grósku sem hefur verið í þjóðlífinu undanfarin ár gott vitni.

En það er mörgum verkefnum ólokið, og ég tel að nú þurfum við að snúa okkur að því að byggja upp inn á við, við höfum beint athyglinni of mikið að byggingum og mannvirkjum. Við höfum vanrækt mannlega þáttinn og þar bíða okkar næstu verkefni. Við þurfum að efla sál Reykjavíkur ef svo má segja og byggja hér upp borg með sterkan karakter þar sem náungakærleikur er í öndvegi.

Það er slík uppbygging sem ég vil að verði í öndvegi í borgarstjórn Reykjavíkur á næsta kjörtímabili, ég vil að enginn þurfi að efast um að Reykjavík er borg þar sem við tökum ábyrgð á velferð okkar minnstu bræðra og systra og að við séum að byggja upp kærleiksríkt samfélag, þar sem við styðjum þá sem minna mega sín. Á tímum almennrar velmegunar og velsældar er ástæðulaust að til sé í borginni fólk sem er bæði heimilislaust og hungrað. Í mínum huga er eitt slíkt dæmi einu of mikið.

Ég vil að á næsta kjörtímabili heyri það sögunni til að:

– fólk í borginni sé án heimilis eða næturstaðar.

–fólk í borginni eigi ekki fyrir mat,

– sjúklingar hafi ekki efni á að leysa út lyf.

Meðal okkar í borginni er allt of stór hópur fólks sem hefur lent í klóm áfengis eða fíkniefna og hefur dottið út úr samfélaginu, ef svo má segja. Við megum aldrei afskrifa neinn úr þessum hópi og ég tel að með markvissari félagslegri aðstoð en nú er í boði megi tryggja að þetta fólk finni og viti að allir eiga rétt á að fá annað tækifæri og að við erum samfélag sem aldrei afskrifar neinn.

Ég ætla ekki að láta mér nægja að setja fram þessar hugmyndir, ég vil taka ábyrgð á því að hrinda þeim í framkvæmd. Þess vegna sækist ég eftir 2. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík í vor. Nái ég kjöri mun ég berjast af krafti fyrir áherslum framsóknarmanna í borgarmálum, með sérstakri áherslu á þau velferðarmál sem ég fjallaði um hér að ofan. Ég mun einbeita mér að málefnum lítilmagnans með það fyrir augum að leiða sem flesta til virkrar og uppbyggilegrar þátttöku í samfélaginu. Ég heiti á stuðning borgarbúa.

*Höfundur er sölumaður og flutningaráðgjafi og sækist eftir 2. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík.*

# Alþingi sniðgangi ekki kirkjuna



UMRÆÐAN
HJÓNAVÍGSUR SAMKYNHNEIGÐRA

SÉRA KRISTJÁN BJÖRNSSON

Það er ekki hægt annað en leggja orð í belg um stjórnarfrumvarpið á Alþingi sem ætlað er að bæta réttarstöðu samkynhneigðra para. Það sem mér er efst í huga varðandi málsmeðferðina á Alþingi, er breytingartillaga, sem Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður hefur kynnt, og snýst um að gera breytingar á hjúskaparlöggjöfinni. Það er vissulega hlutverk Alþingis að setja lög og ekki ætla ég að efast um að Alþingi geti gert breytingar á hjúskaparlöggjöfinni eins og öllum öðrum lögum.

Það sem mér þykir varhugavert við breytingartillöguna er sú sögulega staðreynd, að ef hún hlýtur brautargengi, eða ef gerð verður nokkur breyting á hjúskaparlöggjöfinni vegna einhvers konar málamiðlunar á þessu þingi, mun það stríða gegn allri venju við setningu laga er varða starfsemi Þjóðkirkjunnar. Innan kirkjunnar og í samskiptum við ríkisvaldið og Alþingi, hefur ríkt sú venja að fjalla um svo viðamikil mál á vettvangi kirkjunnar áður en til þess kemur að setja slík lög.

Fari þingmaðurinn fram með breytingartillögu sína og haldi hún henni til streitu núna er hún að leggja til allt annað verklag en ætti að tíðkast. Breytingin á hjúskaparlöggjöfinni varðar ekki aðeins hjónavígsluskilyrðin, heldur og hlutverk vígslumanna. Prestar og sóknarprestar Þjóðkirkjunnar eru stór hluti löggiltra vígslumanna á Íslandi. Gengið yrði algerlega gegn því, sem ég tel vera eðlilega meðferð í málum er snerta vígslumenn landsins ekki síður en kenningu hvers trúfélags. Ekki hefur verið fjallað um þessa hugmynd á Kirkjuþingi, en lögum samkvæmt er Kirkjuþing sú stofnun er fjallar alla jafna um lagasetningar er varða starfsemi Þjóðkirkjunnar áður en slík frumvörp verða að lögum frá Alþingi. Kirkjuþingið á lögum samkvæmt að setja Þjóðkirkjunni starfsreglur og getur samþykkt þingsályktanir og stefnumál kirkjunnar, en þar er fjallað um öll mál er varða starfsemi hennar. Gengið yrði algerlega framhjá Kirkjuþingi, sem er æðsta stofnun Þjóðkirkjunnar lögum samkvæmt.

Nái tillagan fram að ganga verður gengið algerlega yfir eðlilega málsmeðferð innan kirkjunnar hvað varðar kenningarleg efni. Það hefur vissulega farið fram umræða í ákveðnum hópum og á ráðstefnum um ýmis mál er varða samkynhneigða. Mjög nauðsynlegt er að þessi umræða geti verið í gangi bæði innan kirkjunnar og í þjóðfélaginu almennt séð. Á síðustu prestastefnu var því formlega beint til kenningarnefndar Þjóðkirkjunnar að fjalla um málefnið enda starfar kirkjan á ákveðnum kenningarlegum grunni. Það hefur auk þess verið ákveðið að fjallað verði um sambúð samkynhneigðra para á næstu prestastefnu, eða þegar kenningarnefnd hefur skilað áliti sínu. Tel ég reyndar ólíklegt að Prestastefna Íslands 2006 muni geta lokið umfjöllun um svo mikið álitaefni í einni lotu en það má þó vera rangt mat.

Því hefur verið lýst yfir að Kirkjuþing geti fyrst fjallað um ákveðnar tillögur að vígsluformi haustið 2007. Það er einnig nauðsynlegt að íslenska Þjóðkirkjan taki mið af því sem er að gerast í systurkirkjunum, því litla kirkjan okkar er órjúfanlegur hluti af hinni alþjóðlegu kirkju, að ég tali ekki um hina eilífu kirkju sem helguð er í nafni Jesú Krists. Með fullri virðingu hvet ég hið háa Alþingi til að ana ekki að breytingum á hjúskaparlöggjöfinni hvað varðar vígslumenn, hjónavígsluskilyrði og túlkun á viðteknum skilningi á hjónavígslu og stöðu hjóna.

Umræðan um samfélagslega stöðu samkynhneigðra hefur verið á fleygiferð á Íslandi og verður ekki annað sagt en talsmenn samkynhneigðra séu æði fylgnir sér. Ef málefnið er krafa samtímans er þetta mjög eðlilegt. En ég bendi á að kirkjan þarf að hafa svigrúm til að svara kröfum heimsins á hverjum tíma. Það er beinlínis hlutverk kirkjunnar að eiga í þessu samtali um málefni samtíðar sinnar, enda starfar hún í þessum hverfula heimi.

Ég fæ ekki annað séð en Þjóðkirkjan ætli sér að vinna af heilum hug í þessu máli. Missi einhverjir þolinmæðina á meðan það er í gangi er það leitt, en það er ábyrgðarhluti af hálfu Alþingis að stuðla að ófremdarástandi hjá kirkju og þjóð með ótímabærri lagasetningu.

*Höfundur er sóknarprestur í Vestmannaeyjum.*




Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 10.59 13.36 16.14
Akureyri 11.06 13.21 15.37
Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

allt

[ matur o.fl.



SÚPUBARINN
Hollusta og gæði
BLS. 2

tilboð o.fl.

HÚSGÖGN
Góð kaup á útsölum
BLS. 4


]



*Góðan dag!*
Í dag er föstudagurinn 13. janúar, 13. dagur ársins 2006.

KRÍLIN




SMÁAUGLÝSINGAR
Flokkar
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000
ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



Hadda kveðst stundum kaupa sér krydd þegar hún á leið um London, en lýkur þó lofsorði á úrvalið hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Býr oftast til eigin kryddblöndur sjálf

***Hadda Björk Gísladóttir lyfjakynnir er þekkt fyrir að bera góðan mat á borð hvort sem mikið er til í ísskápnum eða ekki.***

„Mér finnst mjög gaman að elda, skemmtilegt að vinna með gott hráefni og þyki reyndar nokkuð góð í að búa til mat úr engu - svona naglasúpur,“ segir Hadda Björk hlæjandi þegar fullyrðingin í innganginum er borin undir hana. Hadda býr með Hauki Snorrasyni ljósmyndara sem er áhugamaður um hvers kyns skotveiði og því kveðst hún hafa eldað mikið af villibráð síðustu árin. „Frystikistan er full af hreindýrakjöti, svartfugli, skarfi, gæs og rjúpum þannig að óhjákvæmilega fá matargestir sem og við heimilisfólkið að njóta af þess konar dásemdum,“ segir hún. Kveðst einnig hafa gert töluvert af því að elda taílenska rétti og finnist þeir feiknalega góðir.

„Drengirnir mínir eru orðnir vanir því að fá bragðmikla og eldheita rétti og kippa sér ekkert upp við eldamennskuna mína en gera góðlegt grín að þeim sem finnst matseldin mín helst til kröftug,“ segir hún brosandi. En skyldi matreiðsluáhuginn alltaf hafa verið fyrir hendi? „Stuttu eftir að ég hóf minn búskap fyrir um 20 árum fluttist ég til Englands þar sem ég fetaði mig áfram í eldamennskunni langt frá heimahögum og henni mömmu minni sem er afburðagóður kokkur. Þar keypti ég frábæra indverska matreiðslubók eftir Madhur Jaffrey sem er fræg fyrir kokkaþætti sína í BBC og held að ég hafi náð að elda alla réttina í þeirri bók. Bauð upp á framandi rétti þegar íslenskir vinir og ættingjar komu í heimsókn og hafði unun af því að fara í Indverjahverfin og birgja mig upp af kryddum og jurtum. Bókin er öll í matarslettum og orðin ansi velkt, eins og góðar matreiðslubækur eiga að vera,“ segir Hadda sem kveðst yfirleitt búa til sínar eigin kryddblöndur jafnóðum.

Hún gefur okkur uppskrift að kjúklingarétti sem birtist á næstu opnu. Í hann segir hún mega nota hvaða indverskt karríduft sem er.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

[ MATUR - TILBOÐ ]

**Verðmunur á fiski** er, samkvæmt könnun ASÍ, mestur á rauðsprettu, eða 111 prósent. Minnsti munurinn var 22 prósent á reyktum ýsuflökum. Verðið var oftast lægst í Fiskbúðinni Árbjörgu við Hringbraut og í Fiskbúðinni okkar við Smiðjuveg, en oftast hæst í Fiskbúðinni Vör á Höfðabakka. Könnunin tók til allra fiskbúða og stórmarkaða sem hafa fiskborð.



**Útsölur** eru nú flestar vel á veg komnar og margar verslanir hafa lækkað verðið enn meira. Margar búðir eru einnig að rýma fyrir nýjum vörum og því er ekki úr vegi að taka útsöluferð númer tvö, þar sem oft er hægt að gera enn betri kaup þegar útsölur hafa staðið yfir í langan tíma.

**Vox veitingastaðurinn** á Nordica Hóteli er kominn með nýjan matseðil. Ekki er við öðru að búast frá því eldhúsi en stórgóðum mat. Að auki er boðið upp á vínsmökkun fyrir matargesti alla fimmtudaga milli 19 og 21.



**Herralagerinn outlet** við Suðurlandsbraut er með 50 til 70 prósenta afslátt af merkjavöru. Allar skyrtur eru á tæpar þrjú þúsund krónur, jakkaföt á tæpar fimmtán þúsund krónur og mörg önnur góð verð í boði.



Veldu möguleika
Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.
JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Salat er gott með flestum mat. Þeir sem ekki nenna að skera niður kál og annað geta keypt niðurskorið salat í pokum. Þá er hægt að bæta við ólífum og fetaosti til að gera það enn betra.



CYPRESS:

## Njótum með salatinu og kjúklingnum

Það er engin ástæða til að fá sér ekki gott glas af víni þó maður sé í átaki eftir jólin! Cypress White Zinfandel er vínið sem passar með salatinu, kjúklingnum og fiskinum. Ferskt og líflegt, skemmtilega laxableikt á litinn, angan af ferskum hindberjum, jarðarberjum, rifsberjum og vatnsmelónu. Í bragði gætir sætleika til að byrja með og örlítillar kolsýru sem gerir vínið líflegt og skemmtilegt. Í eftirbragði kemur svo skemmtileg sýra sem gerir það að verkum að vínið er ekki bara gott til drykkjar eitt og sér heldur fer það ljómandi vel með grilluðum fiski og þá sérstaklega laxi. Einnig koma margs konar salöt vel til greina, þá gjarnan með furuhnetum, sólþurrkuðum tómötum og grilluðum kjúklingi. Þetta vín er líka fyrirtak sem fordrykkur í stórum veislum.

Verð í vínbúðum 990 kr.







Örlygur Ólafsson við Súpubarinn sinn í Nesti í Borgartúni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hollusta og gæði í matarmiklum súpum

***Örlygur Ólafsson opnaði Súpubarinn í október síðastliðnum. Hann segir að gengið hafi ágætlega fram að þessu en þeir sem komi einu sinni komi aftur og aftur.***

„Ég hef fengið mjög góð viðbrögð og það er alltaf örlítil aukning. Það kemur samt svolítið á óvart hvað þetta hefur verið lengi að fara af stað. Mér finnst eins og þetta þema sem ég er með hérna sé meiri nýjung en ég bjóst við. Fólk áttar sig kannski ekki alveg á því fyrir hvað þetta stendur,“ segir Örlygur og heldur áfram að útskýra. „Þetta stendur náttúrlega fyrir mikil gæði. Við erum ekki að nota neitt tilbúið, engan kjötkraft og ekkert hvítt hveiti. Þannig að þetta er bara hollusta og mikil gæði.“ Örlygur segir að fólkið sem beri uppi staðinn sé fólk sem komi aftur og aftur. „Ég þekki nánast hvert einasta andlit.“

Það er kannski mörgum sem finnst það pínu framandi að fá sér súpu í hádeginu og kjósa frekar öruggan skyndibitamat, ef svo mætti kalla. Það eru hins vegar ekki allir sem átta sig á því að með góðri, matarmikilli súpu og brauði er vel hægt að seðja hungraðan maga. Örlygur tekur undir þetta sjónarmið. „Þetta er bæði góður skammtur af matarmiklum súpum og svo erum við með brauð með, en það kemur í mismunandi útgáfum. Við erum reyndar alltaf með sama brauðið, súrdeigsspeltbrauð úr Mosfellsbakarí. Þetta á að vera mjög góð máltíð.“

Örlygur segir að það komi mörgum á óvart hvernig maturinn er borinn fram. „Fólk á að borða með augunum, nefinu og munninum. Allar súpurnar eru bornar fram mjög smekklega og við spáum mikið í útlitið.“

Á Súpubarnum eru alltaf fimm fastar súpur á matseðli og svo er ætíð ein súpa vikunnar og er hún yfirleitt á einhverju tilboðsformi.

Að lokum eru hér tvær uppskriftir að eðalsúpunum hans Örlygs.



Blaðlaukssúpa fyrir augu, nef og munn.

**BLAÐLAUKS- BLÓMKÁLSSÚPA**
**50 g smjör**
**4 hvítlauksrif**
**600 g blaðlaukur**
**1 kg blómkál**
**1 tsk blandaðar kryddjurtir (t.d. herbes de Provence frá Pottagöldrum)**
**pipar, nýmalaður**
**salt**
**900 ml grænmetissoð**
**100 ml matreiðslurjómi**
**Niðurskorinn graslaukur og þeyttur rjómi til skreytingar.**

Skerið blaðlaukinn, hvíta og ljósgæna hlutann, í sneiðar. Skerið blómin frá stönglinum á blómkálinu og leggið til hliðar. Bræðið smjör í potti og látið blaðlaukinn ásamt fínsöxuðum hvítlauk krauma við vægan hita í um 20 mínútur. Hafið lok á pottinum.

Hrærið blönduðu kryddjurtunum saman við ásamt salti og nýmöluðum pipar. Setjið grænmetiskraft og blómkál út í og látið sjóða við vægan hita í 30 mínútur. Súpan er kæld lítillega og síðan maukuð með töfrasprota eða í matvinnsluvél.

Borið fram með léttþeyttum rjóma og söxuðum graslauk ásamt nýbökuðu brauði.

**TEX-MEX SÚPA**
**Ólífuolía**
**2 hvítlauksrif**
**2 laukar**
**2 tsk cumin**
**1/2 tsk cayennne pipar**
**1/4 tsk chilli duft**
**1 msk paprikuduft**
**2 tsk púðursykur**
**1 msk tómat purée**
**1/2 tsk oreganó**
**2X400 g dósir nýrnabaunir**
**1X400 g dós niðursoðnir tómatar**
**900 ml vatn**

Steikið laukinn í olífuolíu í örfáar mínútur eða þar til hann hefur náð að mýkjast. Hrærið cumini, cayenne, chilli og papriku saman við laukinn og látið krauma í um 1 mínútu. Bætið við púðursykri, purée og oreganó og hrærið vel saman. Þvoið og þerrið nýrnabaunirnar og blandið þeim síðan saman við ásamt niðursoðnum tómötum. Setjð lok á pottinn og látið sjóða við vægan hita í 20 mínútur. Súpan látin kólna aðeins en síðan maukuð með töfrasprota eða í matvinnsluvél.

Borin fram með rifnum osti guacamole salsablöndu, sýrðum rjóma og tortilluflögum.



Framandi Tex-Mex súpa.

**Guacamole blanda**
**Rauðlaukur**
**Rauður chilli pipar**
**Avocado**
**Ferskur kóreander**
**Límóna**

Skerið rauðlauk, chilli og avókadó smátt. Blandið ferskum kóreanderlaufum saman við hrærið blönduna saman með safa úr einni límónu.

Allt til víngerðar
áman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020



Kaffi mánaðarins
Janúar - 2006
Kenya AA Extra Fancy
Kenya kaffi er næstum allt ræktað í 1500 - 2100 m hæð. Kaffiiðnaðurinn í Kenya er tekinn mjög alvarlega og bannað er með lögum að eyðileggja kaffitré. Ein allra besta kaffitegundin í Kenya er AA Extra Fancy. Það hefur einstaklega gott jafnvægi, mjög góða fyllingu og er sérlega ilmríkt og líflegt með hreint víntónað ávaxtabragð og súkkulaðkryddað eftirbragð.
Njótið vel !
Nú á 10% kynningarafslætti í verslunum Te og kaffi.
Kaffihús:
Laugavegi 24
Smáralind
Verslanir:
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurveri
TE & KAFFI

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Marokkóskt dálæti

Nú þegar nýtt ár er gengið í garð og fögur fyrirheit um heilbrigðara líferni eru ennþá nýgefin og í fersku minni, er þá ekki rétti tíminn til að matreiða rétti úr tófú? Kannski, ekki hvað síst fyrir þá sem aldrei áður hafa lagt á þá braut. Þessi réttur er ekki sterkur heldur frekar sætur, og að auki er hann fallegur og ilmandi á öllum stigum matreiðslunnar.



**200 g stíft tófú (vel þerrað og skorið í teninga)**
**3 dl spergilkál (skorið í bita)**
**3 dl blómkál (skorið í bita)**
**1 paprika (skorin í bita)**
**1 dós þistilhjörtu (skorin í fjórðunga)**
**2 msk sesamfræ**
**ólífuolía**
**1 dl volgt vatn**
**1 msk turmerik**
**1 tsk garam masala kryddblanda**
**1 tsk salt**
**1 dl þurrkaðar apríkósur (sneiddar)**
**1/2 dl steinlausar döðlur (sneiddar endilangt)**
**9 dl kúskús eða hrísgrjón (soðin)**
**1/2 dl möndluflögur**

**Kryddlögur:**
**1 dl grenadínsafi**
**1 msk tamari sósa**
**1 tsk garam masala krydd**
**1/2 tsk kanill**

Byrjið á því að útbúa kryddlöginn. Veltið svo tófúbitunum vel upp úr leginum og látið liggja í tvær klukkustundir við stofuhita. Hellið þá kryddleginum af. Hitið olíu á pönnu og steikið tófúbitana þar til þeir hafa brúnast fallega. Takið þá af pönnunni og setjið í skál. Hitið aftur olíu á pönnunni og steikið sesamfræin þar til þau byrja að springa. Setjið þá papriku og þistilhjörtu út í og steikið saman í um tvær mínútur. Veltið grænmetinu vel upp úr fræjunum á meðan á steikingu stendur. Takið af pönnunni og blandið varlega saman við tófúbitana. Hitið enn og aftur olíu á pönnunni og setjið nú turmerik, salt og garam masala kryddblöndu út í. Steikið stutta stund og hellið svo volga vatninu varlega út í. Sjóðið spergilkál og blómkálsbita í þessari sósu í 2-3 mínútur. Bætið vatni við ef sósan er við það að þorna upp. Bætið döðlum og apríkósum í og blandið síðan tófúbitum og grænmeti varlega saman við og steikið áfram í mínútu eða tvær. Útbúið kúskús eftir leiðbeiningum á pakka. Hagræðið því svo fallega á fati og setjið tófúblönduna ofan á. Stráið möndluflögunum yfir. Gott að borða með hituðu pítubrauði.

*gudrund@hi.is*

# J. LOHR: *Hafa lækkað vegna hagstæðs gengis*

Ekki hefur farið hátt að sumir innflytjendur hafa lækkað verð á vínum undanfarið í ljósi hagstæðs gengis krónunnar. Hið gagnstæða hefur jafnvel verið fullyrt. Tvö vín frá héraðinu Paso Robles hafa nýverið lækkað í verði en héraðið er að verða mjög eftirsótt hjá vínáhugamönnum.

J. Lohr Estate Seven Oaks Cabernet Sauvignon er dökkrúbínrautt að lit, hefur angan af kirsuberjum, sólberjum, bláberjum, súkkulaði og fjólum. Í bragði hefur vínið fínlega blöndu af vanillu, súkkulaði, sveppum og blóðbergi. Einnig kemur vel fram flauelsmjúkt og þroskað tannín með plómum og góðri samsetningu í sýru.

Þetta vín er viðeigandi með rauðu kjöti eins og lambi og nauti en það má vissulega líka njóta þess með villibráð. Kostaði áður 1.790 kr. en vegna hagstæðs gengis hefur það lækkað verulega.

*Verð í vínbúðum 1.490 kr.*




J. Lohr Vineyard Hilltop Cabernet Sauvignon er djúprautt með dökkbrúnum köntum og dökkfjólubláum blæ. Mjög þétt ávaxtarík angan með góðri eik, vanillu og dökkum berjum, vottar fyrir tóbaki og ristuðu brauði. Í munni er vínið með frábæra fyllingu. Eik og sýra í pottþéttu jafnvægi sem gerir vínið ótrúlega mjúkt og viðráðanlegt. Góður ávöxtur af dökkum berjum. Vín sem er afar gott með öllu rauðu kjöti og þar með talið villibráð. Er einnig mjög gott með sterkum ostum og dökku súkkulaði. Vínið hefur legið í 24 mánuði í nýrri franskri eik. Kostaði áður 3.390 kr.

*Verð í vínbúðum 2.990 kr.*




## Námskeið }

### Grænt og gómsætt

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR HELDUR NÁMSKEIÐ.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur heldur matreiðslunámskeið í grænmetisréttum laugardaginn 14. janúar. Kenndar verða aðferðir við vinnslu á grænmeti og baunum og eldaðir gómsætir grænmetisréttir. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari á veitingahúsinu Á næstu grösum. Námskeiðið verður haldið í Hússtjórnarskólanum á Sólvallagötu 12 og stendur yfir frá kl. 11 til 17.

# Karrí-, kanil- og bananakjúklingur

**UPPSKRIFT HÖDDU BJARKAR GÍSLADÓTTUR.**
**1 stór kjúklingur (eða 4-5 kjúklingabringur)**
**1-2 laukar**
**2 hvítlauksrif**
**smjör eða matarolía til steikingar**
**2 tsk. karrí**
**2 dl kjúklingasoð (vatn/teningur)**
**1 kanilstöng**
**Cayenne-pipar á hnífsoddi (eldpipar)**
**1 dós kókósmjólk og/eða 1 peli rjómi (minnka magnið eða sleppa rjómanum ef kókósmjólk er notuð)**
**sósujafnari (má sleppa)**

Hlutið kjúklinginn í bita og brúnið vel í smjöri eða olíu. Takið bitana upp úr. Saxið lauk og hvítlauksrif og mýkið á pönnunni. Kryddið með karríi. Hellið nú kjúklingasoðinu saman við, setjið kanilstöngina út í og kryddið með eldpipar. Setjið kjúklingabitana aftur út í og látið réttinn krauma í 35-40 mínútur. Takið kanilstöngina og kjúklinginn upp úr. Hreinsið kjötið frá beinunum og skerið í bita. Hellið kókosmjólk/rjómanum út í sósuna og þykkið með sósujafnara ef óskað er. Setjið kjötið út í og hitið vel.

Saxið paprikur og agúrkur og sneiðið banana, setjið í litlar skálar, einnig ristaðar kókosflögur eða kókosmjöl.

Basmati hrísgrjón með möndlum og rúsínum



Karrí-, kanil- og bananakjúklingur ásamt meðlæti.

Brúnið ca 50 g af rúsínum og 50 g af möndlum í smjöri og hellið yfir soðin grjónin.









**Kirsuber** í lausri vigt í Hagkaupum eiga vinninginn þessa vikuna hvað afslátt varðar. Þau lækka úr 1.799 í 459 krónur eða um 75%.

**75%**


















**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 15. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Frosið súpukjöt 1. fl. | 398 | 499 | 398 | 20 |
| K.s. frosin og verkuð lambasvið | 398 | 499 | 398 | 20 |
| K.f. sveitabjúgu | 269 | 299 | 269 | 10 |
| K.f. heimilispylsur | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Í.g. ferskt svínagúllas | 799 | 1.279 | 799 | 40 |
| Í.g. ferskt svínasnitsel | 799 | 1.279 | 799 | 40 |
| Í.g. ferskur svínahnakki | 799 | 1.169 | 799 | 30 |
| Ali ferskar svínakótilettur | 979 | 1.259 | 979 | 20 |
| Bónus kjúklingablanda (bitar-bringur) | 899 | 1.079 | 899 | 15 |
| E.s. soyasósa 500 g | 98 | Nýtt | 196 | |
| E.s. kaffi 500 g | 149 | Nýtt | 149 | |

**HAGKAUP** *Skemmtilegast að versla*

Tilboðin gilda til 15. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Rana Tort. m/parmaskinku | 339 | 428 | 339 | 20 |
| Rana Tort. m/ricotta og spínati | 299 | 375 | 299 | 20 |
| Rana taglietelle | 169 | 214 | 169 | 20 |
| Lambasirloin úr kjötborði | 998 | 1.659 | 998 | 40 |
| Lambahryggur úr kjötborði | 995 | 1.378 | 995 | 30 |
| Holta kjúklingalundir ferskar | 1.607 | 2.295 | 1.607 | 30 |
| Nupo 3 teg. | 1.199 | 1.449 | 1.199 | 15 |
| Leppin léttur 3 teg. | 999 | 1.249 | 999 | 20 |
| Egils Pepsi max 2 ltr | 169 | 203 | 169 | 15 |
| Kirsuber í lausu | 459 | 1.799 | 459 | 75 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 18. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingabringur magnpk. | 1.747 | 2.495 | 1.747 | 45 |
| Matgrís grísabollur | 839 | Nýtt | 839 | |
| Matgrís Grísa Cordon bleu 320 g | 349 | Nýtt | 1.090 | |
| Matfiskur fiskimánar hvítlauks 320 g | 349 | Nýtt | 1.090 | |
| Matfiskur fiskimánar pipar 320 g | 349 | Nýtt | 1.090 | |
| Gríms plokkfiskur 400 g | 335 | 419 | 838 | 20 |
| Oetker pitsa 4 teg. 270 g | 149 | 199 | 552 | 25 |
| Beumaris ofnfranskar strá | 249 | 339 | 249 | 25 |
| Dalhof marmarakaka 300 g | 129 | 179 | 430 | 30 |
| Pepsi og Pepsi Max 4 x 2 l | 499 | 699 | 499 | 30 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 18. janúar

| ko Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautahamborgarar 90 g | 79 | 139 | 877 | 45 |
| Naggalínan sælkerabollur 450 g | 398 | 569 | 884 | 30 |
| Naggalínan Gordon Bleu 350 g | 369 | 529 | 1.054 | 30 |
| Naggalínan lambasneiðar 400 g | 399 | 587 | 998 | 30 |
| 1944 grjónagrautur/lifrarpylsa | 298 | 342 | 298 | 15 |
| Fyrirtaks pitsur 4 teg. 350 g | 349 | 569 | 997 | 40 |
| McCain Superfries quick 1 kg | 399 | 489 | 399 | 20 |
| Nóatúns heilsubrauð nýbakað | 169 | 295 | 169 | 45 |
| V8 grænmetissafi 354 ml | 79 | 79 | 79 | |
| Bounty White eldhúsrúllur 4 stk. | 399 | 499 | 399 | 20 |

**FK FJARÐARKAUP** *ekki bara verð!*

Tilboðin gilda til 14. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nauta rib eye úr kjötborði | 1.998 | 2.398 | 1.998 | 15 |
| Nauta hamborgarar 2x115 g | 249 | 306 | 249 | 20 |
| Matfugl ferskur kjúklingur | 499 | 699 | 499 | 30 |
| Ali bjúgu | 449 | 599 | 449 | 25 |
| FK brauðskinka | 651 | 868 | 651 | 25 |
| Grape | 99 | 148 | 99 | 35 |
| Klementínur | 99 | 139 | 99 | 30 |
| Iceberg | 179 | 239 | 179 | 25 |
| Epli rauð | 95 | 129 | 95 | 25 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 18. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Helgargrís með pestói á ítalska vísu | 1.398 | 1.748 | 1.398 | 20 |
| Skinka frönsk sveita 120 g | 304 | 405 | 2.533 | 25 |
| Hrossakjöt saltað úrb. | 473 | 630 | 473 | 25 |
| SS F&F kjúklingastubbar í bk. | 552 | 690 | 552 | 20 |
| Búr pitsuskinka 12 sneiðar | 674 | 898 | 674 | 25 |
| Kjúklingaálegg m/kryddk. & hvítlaukskr. | 1.934 | 2.578 | 1.934 | 25 |
| Búr lifrarkæfa í smálanga | 314 | 418 | 314 | 25 |

# Fáðu betra bak á útsölu

***Útsalan er hafin í versluninni Betra bak í Faxafeni.***

Verslunin Betra bak selur ýmsar vörur sem einna helst fara inn í svefnherbergið eða eru ætlaðar til þæginda. Á útsölunni eru svefnsófar, teppasett og rúmgaflar á 15% til helmings afslætti. Nokkrar tegundir af hægindastólum eru á 25 til 30 prósent afslætti. Einnig er búðin með tilboð á tempur heilsudýnum.

Þeir sem setja ekki smáatriðin fyrir sig geta gert góð kaup á lítið útlitsgölluðum rúmum og skiptidýnum sem eru nú með miklum afslætti.

**tilboð }**

## Gólfefni

Bykomenn eru í útsöluskapi þessa dagana. Boðið er upp á allt að helmingsafslátt af gólfefni, parketi og flísum. Kjörið fyrir þá sem eru að hugsa um að fegra gólfin á heimili sínu.



# Húsgögn víða á útsöluverði

***Húsgagnaverslanir eru með útsölur eins og aðrar búðir. Húsgögn eru oftar en ekki dýr í innkaupum og því ættu hagsýnir að nýta tækifærið.***

Mira Art húsgagnaverslun í Bæjarlind í Kópavogi er með 15 prósenta til helmings afslátt af öllum vörum í verslunni á janúarútsölu.

Einnig er Öndvegi húsgagnaverslun með allt að helmingsafslátt af útsöluvörum. Verslunin er til húsa í Síðumúla.

Húsgagnahöllin býður einnig kjarakaup á vörum sínum. Afslátturinn er frá 20 prósentum og allt upp í 80 prósent. Sem dæmi má nefna að eldhúsborð með fjórum stólum kostar 9.980 og er á helmingsafslætti. Tveggja sæta Berling sófi er með 35 prósenta afslætti og kostar tæp 55 þúsund. Stækkanlegt borðstofuborð er með 55 prósenta afslætti og kostar tæp 30 þúsund.

Gallerí Húsgögn við Dalveg er með ofurútsölu og býður allt að 65 prósent afslátt af vörum sínum. Verslunin býður gott verð á borðstofuhúsgögnum og skenkum úr gegnheilu tekki og þriggja sæta leðursófar ásamt tveimur stólum kosta frá 99 þúsund krónum.

Sett húsgagnaverslun í Askalind er með 20 til 50 prósent afslátt af sófasettum og öðrum húsgögnum.

Útsölur þessa verslana eru mislangt á veg komnar og um að gera að drífa sig af stað sem fyrst til að missa ekki af bestu kaupunum.



# Markið með afmælistilboð

***Markið í Ármúla heldur upp á 25 ára afmæli sitt þessa dagana og af því tilefni er verslunin með sérstakt afmælistilboð.***



Í tilefni af 25 ára afmæli er Markið með afslátt á ýmsum vörum. Til að mynda kostar Kettler Tempest hlaupabretti 89.900 krónur, Kettler Primus lyftingabekkur kostar tæpar 30 þúsund krónur og GS Magnetic Pulse þrekhjól er á 20.930. Einnig eru jógadýnur á tilboði og fjölþjálfar.

Þá er og veittur afsláttur af Scott High Octane 1 reiðhjóli sem kostaði áður 420.000 en kostar nú 336.000.

Tilboðin gilda um óákveðinn tíma og því best að fara strax af stað.



Innréttingar og tæki.

# Innrétting á baðið

***Innréttingar og tæki í Ármúla eru með 50 til 60 prósenta afslátt á völdum baðinnréttingum.***

Verið er að rýma fyrir nýjum gerðum af baðinnréttingum og hefur verslunin því ákveðið að bjóða valdar baðinnréttingar með rúmlega helmings afslætti. Til að gera tilboðið enn meira spennandi þá fylgja handlaugar, blöndunartæki og vatnslásar öllum innréttingunum. Þær gerðir sem eru á tilboði eru meðal annars Nimes, Dimk, Dorli, Madrid, SX-005 og Valencia, en baðinnréttingarnar má skoða nánar á heimasíðu verslunarinnar www.i-t.is.





Vals Höskuldssonar
Laugardaginn 14. Janúar kl. 20:00 - 03:00
Classic Rock Ármúla 5 Rvík.

Carlsberg

Stefán Hilmarsson
Skytturnar þrjár
Symax
Fun Machine
Gögl
Shadow Parade
Kung fú
Sprittlampar
Whalers
Joe Gæ Band
ásamt Sigrúnu Evu
Vítamín
Lampar

Valur Höskuldsson er maður á besta aldri. Hann var greindur með MND sjúkdóminn fyrir tæpum 3 árum og á ekki langa ævi fyrir höndum. Hann hefur tekið þessu með æðruleysi og reynt að njóta lífsins eftir bestu getu. Hann hefur sniðið líf sitt að þeirri innkomu frá tryggingakerfinu sem honum hefur verið reiknuð og það hefur rétt sloppið fyrir nauðsynjum.

Í október endurreiknaði Tryggingastofnun greiðslur til hans og fékk þá niðurstöðu að hann skyldi ekkert fá frá þeim í nóvember, 12.500 krónur í desember og verulega skertar greiðslur í framhaldinu, þar sem þeim reiknast til að hann skuldi þeim rúmar 700 þúsund krónur.

Við sem stöndum honum næst erum að skipuleggja styrktartónleika.ball með hjálp góðra manna og kvenna, og hvetjum þig til að sýna Vali stuðning og mæta með alla sem áhuga hafa tónlist á.

Classic Rock, Ármúla 5 Rvík Laugardaginn 14. Janúar.
Aðgangseyrir er að lágmarki kr. 1500, má vera meira
Tónleikarnir hefjast klukkan 20:00.

Við viljum einnig benda velunnurum á að hægt er að leggja inn á reikning 1175-26-511739, kennitala: 220552-3739 og Fálkar sem auðkenni og gildir útprentuð kvittun sem aðgöngumiði. Nú skulum við öll sameinast og sýna það að þegar vinur okkar og samborgari er í vanda getur hann reitt sig á okkar hjálp.



ÚTSALAN
í fullum gangi

-40%
afsláttur
af öllum útsöluvörum

öll 4-You Jakkaföt
9.990

4-You skyrtur
1.990

4-You bindi
1.990

NÝTT KORTATÍMABIL

galleri sautján
laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017



útsalan á fullu
selur enga drullu
la la la la la.....

allt að 80% afsláttur

NÝTT KORTATÍMABIL

| | |
|---|---|
| Jakkaföt frá | kr. 12.900 |
| Frakkar frá | kr. 9.900 |
| Gallabuxur frá | kr. 6.900 |
| Skyrtur frá | kr. 2.900 |

Heimili Bertoni
Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073

Herra hafnarfjörður

hausverk / SIA




# Flatskjár í eldhúsið

***Í tilefni af 25 ára afmæli býður Eldskálinn flatskjá með öllum keyptum Invita-eldhúsinnréttingum.***



Eldaskálinn í Brautarholtinu er með 25 ára afmælistilboð þessa dagana. Með öllum keyptum Invita-eldhúsinnréttingum fylgir sjónvarpstæki og flatskjár í eldhúsið. Um 20 tommu LCD-flatskjá er að ræða, sem þykir ágæt stærð á sjónvarpi í eldhúsi. Þeir sem eru að hugleiða að kaupa sér eldhúsinnréttingu ættu að skoða úrvalið á www.invita.com og leiði það til kaupa er hægt að nýta þetta skemmtilega tilboð um leið.

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

# Hljóðfæri á útsölu

***Hljóðfæraverslanir eru með útsölur í gangi. Tónlistaráhugamenn ættu að nýta sér það því byrjunarkostnaður verið mikill hjá tónlistmönnum.***



Gítarinn hljóðfæraverslun hóf útsölu sína í vikunni og stendur hún til 10. febrúar. Allt að 70 prósent afsláttur er af hljóðfærum. Sem dæmi má nefna að Mapex trommusett kostar nú 59.900 en kostaði áður 120.000. Einnig er stórgott tilboð á þjóðlagagítar og ýmsum öðrum vörum bæði stórum og smáum.

Síðasti dagur útsölunnar í Hljóðfærahúsinu er á morgun. Veglegur afsláttur er í boði sem er allt að 70 prósent. Á tilboðsverði eru gítarar, trommusett, upptökubúnaður, nótur, statíf, töskur og margt fleira.

Oft er byrjunarkostnaður mikill hjá tónlistaráhugamönnum og því ættu áhugasamir að nýta sér vel þær útsölur sem eru í gangi núna.



## Þjónusta

Nuddstofa Önnu síðumúla 33, s. 694 4226. Hugleiðslu og þróunarhringir á sama stað. Ragnhild s. 848 1314.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Flugfélagið Geirfugl heldur bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst 9. jan. nk. Skráning á www.geirfugl.is eða í s: 511-5511

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu sem nýr fataskápur (ljós viður) og sófi selst ódýrt. Uppl. í s. 690 6767.

Fallegt ítalskt leðursófasett 3+1+1. Koníaksbrúnt eins og nýtt 90 þ. S. 868 5754.

**Sjónvarpsskápur.**
Svartur sjónvarpsskápur með 3 hillum inní og 4 skúffum. Glerhurð að framan. Fer frekar lítið fyrir honum. Lítur vel út. Verð 8 þús.
**Upplýsingar í síma 699 2778.**

**Flott sófasett til sölu.**
3ja sæta, 2ja sæta sófi + stóll og skemill til sölu. Er ljóst á litinn og lítur mjög vel út. Selst allt saman á 150 þús. Uppl. í s. 892 6808.

Rúm til sölu 1,60 x 2,00. Uppl. í s. 697 8602.

Hillusamstæða úr Hirzlunni til sölu. Kirsuberjaviður, 1 tvöf. skápur og 1 einf. með hillum á milli. Gler og ljós í efri helming skápa. 20 þús. kr. S. 840 6216.

Borðstofusett f. Valhúsgögn 25.000 km. Glerborð og stólar með svörtu leðri. S. 840 8053.

## Heimilistæki

Notuð eldhúsinnrétting ásamt vaski, blöndunartækjum og eldavél. Allt mjög vel með farið. Selst á sanngjörnu verði. S. 862 8418 & 557 9418.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Fatnaður

**Skraddarinn á horninu Vatnsstíg 11**
Fatabreytingar. Skipti um rennilása, líka í leðurjökkum, stytti buxur og fleira. Opið 10-18 virka daga, laugardaga 10-16. Árni s. 552 5540 & 861 4380.

## Barnavörur

Til sölu skiptiborð, lítið notað og ömmustóll. Selst saman á 10 þús. Uppl. í s. 848 8083.

## Dýrahald



Tvær yndislegar schnauzer p&s stelpur til sölu. Skemmitlegir heimilis- og vinnuhundar. Uppl. í síma 471 2128 & 862 0543 www.simnet.is/blaklukka




**Járn-plast og léttbúr**
Dýrabær Hlíðarsmára 9. Kóp. 553 3062 og Smáralind 554 3063.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska

**Þorrablót.**
Hið vinsæla þorrablót Fáks verður haldið í félagsheimilinu, laugardaginn 14. janúar. Miðaverð aðeins 2.300.- kr. Mætum hress og kát að árloknum útreiðatúr og tökum með okkur gesti. Húsið opnar kl. 16.30. Nefndin.

Til sölu 5 vetra hestur, ótaminn. Faðir Prins frá Úlfljótsvatni. S. 865 0122.

Óska eftir tamningamanneskju fyrir 4 fola, getur tamið hjá mér eða sér. Uppl. í s. 866 6386.

Vantar þig hjólbörur í hesthúsið! Um helgina býður Lífland Vabor hjólbörur á 25% afslætti. Lífland - Lynghálsi 3. Betri búnaður fyrir hestamanninn.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguherbergi í Grafarvogi. Öll aðstaða til staðar, þvottavél, þurrkari, internet og eldunaraðstaða ásamt smá geymslu. Uppl. í síma 849 9720 Þórður.

Til leigu gott húsnæði 90 fm, sem getur bæði hentað sem íbúð fyrir laghenta eða vinnustofa. Glæsilegt útsýni yfir grafarvoginn. S. 562 1055 á skrifstofutíma.

Til leigu mjög góð 4 herb. íbúð á sv. 108 með bílskúr 120 fm. Eingöngu fjölskyldufólk kemur til greina. Leiga 140 þús. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 864 7318.

2-3ja herb. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Hátt til lofts og gott útsýni. Sérinngangur. 95.000 á mán. Hringið í síma 821 3790.

Góð 3ja herbergja íbúð í Garðabæ til leigu. Laus nú þegar. Uppl. í síma 869 4040.

2 herb íbúð til leigu til lengri eða skemmri tíma. Húsgögn geta fylgt. Uppl. í s. 895 1604.

## Húsnæði óskast

Maður um fimmtugt óska eftir húsnæði í Höfnunum til lengri tíma. Er reglusamur, skilvísar greiðslur. S. 867 5209 eða 551 1682

**Vantar íbúð**
Kona um 60 ára vantar íbúð um miðjan feb. helst í Kóp. Er algjörlega reglusöm, (drekkur ekki né reykir). Getur komist af m/2ja herb. íbúð. Uppl. í s. 847 0203.

Reglusamt par óskar eftir íbúð til leigu sem fyrst. S. 848 2189.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu við Skipholt Rvk.**
254 fm, lager/skrifstofuhúsnæði og ca. 350 fm, skrifstofuhúsnæði. Uppl. í s. 822 5125.

Óska eftir bílskúr á leigu undir lager, helst í Austurbæ Rvk. eða í Kópavogi. Uppl. í s. 892 4588.

Óska eftir 30-60 fm húsnæði undir vinnustofu á höfuðborgarsvæðinu. S. 844 1299.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt.is 564 6500.




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LAUS STÖRF Í SAL OG Á GRILLI.**
Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf eða hlutastarf í sal eða á grilli. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.**

**Starfsfólk óskast .**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri Starfsfólk óskast í afgreiðslu og eldhús. Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 553 8890 & 568 8910**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst; morgun og helgarvaktir.
**Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.Einnig eru laus störf um helgar.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Viltu koma að vinna á pizza hut**
Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is / loa@pizzahut.is. Frekari upplýsingar hjá veitingastjórum á Sprengisandi og í Smáralind.

**Dagvinna.**
Við óskum eftir líflegum og góðum sölumönnum á dagvaktir, unnið er frá 10.00 - 16.00 alla virka daga. Tímakaup og bónusar. Hafðu samband í síma 575-1500 eða leggðu inn umsókn á vaktstjorn@skulason.is
**Skúlason ehf Laugavegi 26 101 Reykjavík www.skulason.is**

**Góð vinna með skóla Kvöldvaktir**
Við óskum eftir líflegum og góðum sölumönnum á kvöldvaktir unnið er frá 18:00 - 22:00 Næg verkefni framundan. Tímakaup og bónustar. Hafðu samband í síma 5751500 og leggðu inn umsókn eða sendu á vaktstjorn@skulason.is
**Skúlason ehf Laugavegi 26 101 Reykjavík www.skulason.is**

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

**Niðursuðuverksmiðjan Ora**
Óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf: Almenn verksmiðjustörf, þrif o. fl. Vinnutími 8-16 virka daga. Upplýsingar í síma 522 2771.

**Íslensk Ameríska**
Óskar eftir bílstjóra til starfa við útkeyrslu á vörum fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur og 25 ára eða eldri. Meirapróf er skilyrði. Vinnutími 8-18 virka daga. Hægt er að fylla út umsókn á www.isam.is eða hafa samband við Steindór Grétarsson í síma 522 2700.

**Café Oliver**
Óskum eftir vönum barþjónum og þjónum í sal. Áhugasamir hafi samband við Arnar í síma 821 8500 eða á arnar@cafeoliver.is.

**Garðabær bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

**Rútubílstjóri**
Vantar rútubílstjóra til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 566 7420 & 892 3102.

Maður á besta aldri óskar eftir atvinnu. Er með meirapróf, rútupróf, vinnuvélaréttindi og vanur tölvuvinnslu. Uppl. í síma 863 7756 eftir kl. 18.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Seltjarnarnesi, og Smáratorgi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Mikil vinna. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

**Kvöldvinna með skólanum**
Búr ehf Bæjarflöt 2 óskar eftir starfsmönnum í kvöldvinnu upplagt með skólanum. Ekki yngri en 18 ára. Æskilegt að vera reyklaus. Nánari uppl. í s. 896 2836

Vantar strax húsasmiði, verkamenn og menn sem vilja komast á samning í húsasmíði. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 896 1018.

Starfsmaður óskast í þrif og baðvörslu. Vinnutími 16-22 ca 15 daga í mánuði. Uppl. í síma 846 2117.

Óskum eftir sölumanni (25-35) og lagerstarfsmanni (35+). Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 565 7744.

**Starf í mötuneyti**
Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í mötuneyti í 100% starf virka daga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 822 0035 & 822 0036 milli kl. 8 & 19.

Bakaríið Kornið vantar fólk í afgreiðslu fullt starf og hlutastörf sem henta skólafólki vel. Upp í s. 864 1585 & vardi@kornid.is

Starfskrafur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími 12 til 18. 4 O dot. Laugavegi 100. Uppl. í síma 863 6122

Árbæjarbakarí. Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa frá kl. 13-18:30 og aðra hvora helgi. Uppl. í síma 869 0414.

Löggiltur rafverktaki getur bætt við sig verkefnum. Tilboð-tímavinna. Uppl. í s. 693 7141.

Kerfi ehf. Óskum eftir starfskröftum í útkeyrslu á vörum. Umsóknir óskast sendar á bjarni@kerfiehf.is

Starfsfólk óskast. Óskum eftir að ráða starfsmann á kvöld og helgarvaktir. Um er að ræða annan hvern laugardag kl. 10-19:30 og 2-3 kvöld kl. 16-20:30. Svarti svanurinn, Laugavegi 118, upplýsingar á staðnum

Vanan háseta vantar strax á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013.

Múlakaffi leita að starfsmanni í pottauppvask. Góð laun í boði og mikil vinna. Uppl. í síma 660 7886 eða 553 6737.

Aðstoðarkona óskast á tannlæknastofu eftir hádegi. Umsóknir berist Fréttablaðinu skaftahlíð 24 eða á smaar@visir.is merkt “aðstoðarkona”.

**Nýtt á Íslandi!**
Kynnum öfluga nýjung byggða á gömlum og traustum grunni. Uppl. í s. 660 7793.

**Kaffi Conditori**
Okkur vantar starfsmann í afgreiðslu í fullt starf/hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í síma 664 7411, Maríanna.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Býr Ingólfur í þér? Taktu þátt í mótun Reykjavíkur. Virkjum okkur! Hallveigarbrunnur.is

## Ýmislegt

Finndu frumkvöðul í þér! Taktu þátt í mótun Reykjavíkur. Virkjum okkur! Hallveigarbrunnur.is

## Einkamál

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**Konur ath: Upptökur óskast**
Rauða Torgið vill kaupa “spennandi” upptökur kvenna, 18-40 ára. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is (atvinna í boði) og í síma 535 9969.

Renault Megane árgerð 1998 ek. 98.700 fæst á 260 þús. þarfnast lagfæringa S. 849 7955.

# Stýrimann vantar

Stýrimann vantar á Erling KE140, 240 tonna netabát.

Upplýsingar veitar í síma 854 0047 og 894 0047.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

## Bílstjórar með meirapróf

MS Reykjavík óskar eftir að ráða bílstjóra til söfnunar og flutnings mjólkur frá framleiðendum á Vesturlandi til Reykjavíkur. Um er að ræða framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf og geta byrjað sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Páll Svavarsson í síma 569-2200.

Umsóknir skulu berast til MS Reykjavík, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eigi síðar en 20. janúar nk. Hægt er að senda umsóknir á netfangið **starfsmannasvid@ms.is** eða fá sent sérstakt umsóknareyðublað.

# Þorrablót

Brottfluttra íbúa Patreksfjarðar og Rauðasandshrepps verður haldið á bóndadaginn, þann 20 jan., í veislusalnum í Akoges húsinu Sóltúni 3.

**Pantanir og nánari upplýsingar Adda:**
422 7022, addagudna@simnet.is, Dóri Jó: 661 8133 & Hrönn Árnadóttir: 586 8479 isold@isold.is
**Athugið miðar verða seldir þann 14. jan. í Sóltúni 3 kl. 13-16.**

# Afgreiðsla

Óskum eftir duglegum og hressum starfsmanni til afgreiðslu í verslun okkar. Æskilegt er að umsækjandi hafi áhuga á þeim vörum sem við seljum; reiðhjólum, skíðum, snjóbrettum, æfingatækjum og golfi.

Vantar einnig skólafólk í hlutastarf, seinni part virka daga og á laugardögum. Æskilegt er að umsækjandur geti hafið störf sem fyrst. Góð laun eru í boði fyrir góða starfsmenn. Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslun okkar að Ármúla 40.

MARKIÐ
**www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40**

REKKVERK STÁLSMIÐJA

**Rekkverk óskar eftir að ráða strax vanan járniðnaðarmann. Við smíði og uppsetningu á stigum og handriðum Mikil vinna.**
Upplýsingar í síma 5653232. Pétur.

Skipulags stofnun

# Efnistaka úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

## Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Fossvélar ehf. hafa tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **13. janúar** til **24. febrúar 2006** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Sveitarfélaganna Ölfuss og Árborgar, á bókasafninu í Þorlákshöfn, á bókasafninu á Selfossi, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Línuhönnunar verkfræðistofu: www.lh.is

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **24. febrúar 2006** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

**Skipulagsstofnun**



BÚUM BETUR
BYGG
www.bygg.is





# Álfkonuhvarf 53-55

## í fögru umhverfi við Elliðavatn

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir 4ra hæða fjölbýlishús með lyftum við Álfkonuhvarf við Elliðavatn. Í húsinu eru 3ja - 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi á svalagangi. Íbúðirnar verða búnar vönduðum innréttingum úr eik. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Í bílageymsluna er innangengt úr húsinu. Fallegur sameiginlegur suðurgarður. Húsið er með varanlegum utanhússfrágangi.

**Íbúðir af ýmsum gerðum til sölu. Upplýsingar gefa sölumenn.**

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Borgartúni 31
Sími 562 4250
www.fjarfest.is

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000

# DRAUMAHELGI

## *Með strumpum og steinþursum*



Pálmar Pétursson markmaður í Val hefur spilað vel það sem af er tímabilinu og fengið í sig ófáa handbolta. Draumhelgin hans er ekki langsótt og miðað við gengi Vals í vetur getur hún vel orðið að raunveruleika.

„Hin fullkomna helgi er vandfundin en ætli hún gæti ekki falið í sér að vakna snemma á föstudegi og fá sér einn rjúkandi latte á Brennslunni. Eftir það myndi ég bruna á Opel Ascona-kagganum mínum í sumarbústað í afdölum með nóg af malti, eitthvað gott að lesa, Strumpana og Steinþursa á DVD og að sjálfsögðu myndi kærastan fljóta með,“ segir Pálmar. „Eftir langan akstur myndi ég setjast fyrir framan arininn og hlusta á exótíska tónlist, hugsanlega serbneska og sötra á köldu malti, fá gott nudd, skella mér í heita pottinn og leka svo upp í rúm.“

Laugardagurinn væri svo dagurinn sem allt færi í fullan gang. „Það væri gott að vakna við ærslaleik fuglanna og fá gamla settið í heimsókn og plata múttu til að matreiða heimaslátrað lambalæri a la Pétur Skarp. Slappa svo af í rökkrinu og horfa á Strumpana eða fyrstu seríuna af Steinþursum (sem er að mínu mati sú besta), bruna svo í bæinn, vinna titilinn með Val og fagna því með félögunum,“ segir Pálmar.

Sunnudagurinn væri svo aftur á móti rólegri en að sögn Pálmars færi hann í að líta um öxl og glotta fallega út í bæði.

## SJÓNARHORN



Sólarlag á Álftanesi. Fréttablaðið/Vilhelm

## VISSIR ÞÚ...

...að í janúar árið 404 e.Kr. keppti síðasti skylmingaþrællinn í Róm?

...að árið 1622 e.Kr. varð janúar fyrsti mánuður ársins?

...að í janúar árið 1700 e.Kr. tóku Rússar upp júlíanskt tímatal.

...að tímatal nútímans er gregoríanskt? Það er leiðrétt útgáfa af júlíanska tímatalinu.

...að í janúar árið 1752 fæddist Betsy Ross, en hún á heiðurinn að hönnum bandaríska fánans?

...að í janúar árið 1863 lýsti Lincoln Bandaríkjaforseti því yfir að þrælahaldi væri ólöglegt?

...að í janúar árið 1863 fæddist Baron Pierre de Coubertin, stofnandi nútíma ólympíuleikanna?

...að í janúar árið 1879 fæddist William Fox, stofnandi kvikmyndafyrirtækisins 20th Century Fox?

...að í janúar árið 1901 lýstu Ástralar yfir sjálfstæði frá breska heimsveldinu?

...að í janúar árið 1923 voru Sovétríkin (USSR) stofnuð?

...að í janúar árið 1934 var Alcatraz-fangelsið formlega gert að alríkisfangelsi?

...að í janúar árið 1946 smíðuðu Mauchly og Eckert fyrstu tölvu veraldar? Hún kallaðist ENIAC.

...að í janúar árið 1948 tók GATT-sáttmálinn gildi?

...að í janúar árið 1958 var Evrópusamfélagið stofnað? Það varð síðar að Evrópusambandinu.

...að í janúar árið 1993 klofnaði Tékkóslóvakía í Tékkland og Slóvakíu?





allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

# Meirihlutanum stillt upp við vegg

UMRÆÐAN
LEIKSKÓLAR Í KÓPAVOGI

HAFSTEINN KARLSSON



Í Fréttablaðinu 8. janúar segir forseti bæjarstjórnar í Kópavogi, að þrjár vikur séu síðan óánægja kom upp í tengslum við kjarasamning Reykavíkurborgar. Þetta er ekki nema hálfur sannleikurinn.

Mikil óánægja og álag hefur verið á starfsmönnum leikskóla í Kópavogi frá því í ágúst. Þá fór að bera á undirmönnun á leikskólunum og fyrirsjáanlegur var vaxandi vandi. Leikskólastjórar í Kópavogi sendu bæjaryfirvöldum bréf með tillögum sem gætu orðið til úrbóta. Samfylkingin tók málið upp í bæjarstjórn í lok ágúst og hélt opinn fund um leikskólamálin í september. Í kjölfar hans fluttu fulltrúar Samfylkingarinnar tillögur í leikskólanefnd og bæjarstjórn og voru þær að nokkru byggðar á tillögum leikskólastjóra. Í þeim fólst m.a. að allir starfsmenn fengju eingreiðslu vegna álags, menntun annarra en leikskólakennara metin til launa, greitt álag þegar undirmönnun er í leikskólum, deildarstjórum verði veitt sérstakt álag fyrir hvern nýjan starfsmann sem þeir þjálfa upp, gert ráð fyrir álagsgreiðslum ef leiðbeinandi hefur umsjón t.d. með tölvuvinnslu í leikskólanum, umsjón með hóp, sér um samverustundir o.s.frv., leiðbeinendur fái undirbúningstíma, starfsfólk leikskólanna fái gjaldfrjálsa leikskóladvöl fyrir börn sín og leitað verði eftir samkomulagi við háskóla um sérstakt átak í menntun leikskólakennara.

Þessar tillögur voru felldar í leikskólanefnd en í bæjarstjórn var þeim vísað til umsagnar starfsmannastjóra. Umsögn hans var ekki tekin til umræðu fyrr en um mánaðamótin nóvember - desember. Á meðan voru börn í leikskólunum Rjúpnahæð og Fífusölum send heim einn til einn og hálfan dag í viku, leikskóladvöl þeirra skert um u.þ.b. viku á mánuði og foreldrar máttu hverfa frá vinnu sinni vegna þessa.

Umsögn starfsmannastjóra var öll neikvæð nema um síðasta liðinn og sjálfstæðismenn og framsóknarmenn felldu þær allar. Um miðjan desember kemur samningur Reykjavíkurborgar til sögunnar og þá leggjum við strax til að rætt verði við Starfsmannafélag Kópavogs og Félag leikskólakennara til að bregðast við fyrirsjáanlegum vanda. Það felldi meirihlutinn í vikunni fyrir jól og einnig 28. desember. Þann 5. janúar kallar fulltrúi foreldra eftir fundi með bæjarfulltrúum um málin í útvarpsviðtali kl. 8:00. Þá strax höfðu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar samband við aðra bæjarfulltrúa og lögðu til að boðað yrði til sameiginlegs fundar með foreldrum og starfsmönnum.

Þeir svöruðu okkur ekki fyrr en um tvöleytið og vildu ekki funda, en í fréttum kom svo fram að þeir ætluðu að funda með nokkrum fulltrúum foreldra, trúnaðarmanna starfsmanna og leikskólakennara og yrðu þessir hópar ekki saman á fundum. Þeir gerðu því ekkert í þeim vanda sem leikskólar hafa mátt glíma við síðan í ágúst, fyrr en bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar stilltu þeim upp við vegg þann 5. janúar. Einhverjum kann að finnast það gleðilegt að þeir rumski, en skylda þeirra var að bregðast við miklu fyrr. Þeirri skyldu brugðust þeir.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

## AF NETINU

### Siðblindir

Það er ljóst að ritstjórn DV er siðblind. Siðferðisleg ábyrgð getur eðli málsins samkvæmt ekki hvílt á siðblindingja því hann er ófær um að skilja og fara eftir siðferðisreglum. Því verður að leita til eigenda blaðsins og biðla til þeirra um að breyta ritstjórnarstefnu blaðsins. Því eins og Jónas Kristjánsson sagði sjálfur í gær er verið að berja á almenningi í þessu landi og það er verið að nauðga almenningi í þessu landi. Það vill bara svo til að DV tekur reglulega þátt í þessum barsmíðum og mannorðsnauðgunum, og það í gróðaskyni.

**Önundur Páll Ragnarsson á djoflaeyjan.net**

### Minnimáttarkennd

Ég velti fyrir mér á þessum fyrirlestri í hádeginu í dag, þegar forsetinn var að telja upp þá eiginleika sem hann taldi sig finna í fari Íslendinga og að framan eru nefndir, hversu stórt hlutverk minnimáttarkenndin léki í skýringum ráðamanna - og reyndar einnig fjölmiðlafólks - á ágæti Íslendinga. Ég er ekki frá því að hún hafi verið allt að því yfirþyrmandi þáttur í málflutningi Ólafs Ragnars Grímssonar í hádeginu hjá Sagnfræðingafélagi Íslands.

**Sigurður Gylfi Magnússon á kistan.is**

### Sæla er að gefa

Tiltölulega nýtilkomin umræða um tekjuskiptingu í samfélaginu hefur tekið á sig mjög undarlega mynd. Annars vegar er mikið rætt um bruðl og hroka hinna nýríku athafnamanna – fjölmiðlafólk keppist við að hneykslast á framferði þeirra. Hins vegar er rætt um mikla fátækt öryrkja, aldraðra og þeirra sem eru með lægstu launin – stjórnmálamenn lýsa því hver af öðrum yfir að laun þeirra og bætur þurfi að hækka. Þó er aldrei minnst orði á þann möguleika að fólkið sem veit vart hvað það á að gera við alla peningana geti látið eitthvað af hendi rakna til þeirra sem ná ekki endum saman.

**Finnur Dellsén á murinn.is**

### Svart og sykurlaust

Mér varð allt í einu hugsað til þess áðan að ég er búinn að fara í gegnum tvö barnaafmæli undanfarnar vikur og fjölmörg jólaboð án þess að láta sykurögn ofan í mig. Ótal kökur og konfektmola hefur borið fyrir augu mín án þess ég hafi snert á þeim. Ég hef skafið kremdrullu af fötum og sett í uppþvottavélin, sett súkkulaði í skálar, og svo framvegis. Ég hef verið sykurlaus síðan í september og það er fjandi gott. Það er mjög auðvelt nema þegar maður fellur. Einn biti eyðileggur allt en ef maður tekur hann ekki er þetta auðvelt. Bragðskynið batnar líka mikið við þetta, ávextir hætta að vera súrir og verða dísætir á bragðið.

**Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com**

## LEIÐRÉTTING

Fyrir handvömm var Stefán Jónsson leikari og leikstjóri rangfeðraður í Fréttablaðinu á þriðjudag. Beðist er velvirðingar á því.

Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

TVEIR DAGAR EFTIR!

ÚTSALA Á ÖLLUM VÖRUM!

30-60% AFSLÁTTUR

Allar verslanir opnar 10-14 á laugardag í tilefni útsölunnar!

Bílanaust

535 9000
bilanaust.is

Smiðjuvegur 4a • Kópavogur 535-9100
Bíldshöfði 9 • Reykjavík 535 9000
Dalshrauni 17 • Hafnarfjörður 555-4800
Hafnargata 90 • Keflavík 421-7510
Álaugarvegi 2 • Höfn 478-1490
Lyngási 13 • Egilsstaðir 471-1244
Dalsbraut 1 • Akureyri 461-5522
Hrísmýri 7 • Selfoss 482-4200

**JAMES JOYCE (1882-1941) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Mistök opna leið að uppgötvunum.“*

*James Joyce var írskur rithöfundur og ljóðskáld.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 13. JANÚAR 1929

# *Wyatt Earp fellur frá*

Á þessum degi andaðist hinn bandaríski Wyatt Earp áttræður að aldri í Los Angeles í Bandaríkjunum. Þetta var nærri fimmtíu árum eftir frægt uppgjör hans við Clanton-feðga við OK Corral í Tombstone í Arizona.

Wyatt Earp og bræður hans Virgil og Morgan höfðu lengi átt í deilum við Clanton og McClaury fjölskyldurnar um pólitísk og efnahagsleg völd í Tombstone í Arizona. 26. október 1881 sauð upp úr og kom til byssubardaga milli hópanna tveggja á götu í Tombstone. Þar barðist Earp ásamt bræðrum sínum og hinum ástsæla berklasjúklingi, séntilmanni, spilafíkli og alkóhólista



WYATT EARP

„Doc“ Holliday á móti gengi Ikes Clantons. Þrír úr Clanton-fjölskyldunni létust og bræður Earps urðu sárir.

Við réttarhöld var komist að því að Earp og félagar hefði verið í rétti sem löggilt yfirvald í ríkinu og voru þeir því sýknaðir af öllum ákærum. Ekki voru allir sáttir við niðurstöðuna og vinsældir Earps og bræðra hans dvínuðu ört. Þá gerði bardaginn lítið til að leysa deilur milli Earps og Clantons og McCauly fjölskyldnanna og í kjölfarið fylgdu ótal hefndaraðgerðir og skotbardagar. Í einum þeirra örkumlaðist Virgil á öðrum handleggnum og Morgan lét lífið. Wyatt hefndi dauða bræðra sinna með fleiri drápum og varð að flýja til að forðast fleiri ákærur.

Hann ferðaðist víða en settist loks að í Los Angeles þar sem hann vann lengst af sem ráðgjafi kvikmyndaleikstjóra kúrekamynda.

## MERKISATBURÐIR

- **1949** Fyrsta íslenska talmyndin í litum og fullri lengd, Milli fjalls og fjöru eftir Loft Guðmundsson, er frumsýnd.
- **1954** Edmund Hillary kemur til Íslands og heldur fyrirlestra um ferð sína á tind Everests.
- **1975** Guðmundur Sigurjónsson tryggir sér stórmeistaratitil í skák, 27 ára.
- **1976** Snarpur jarðskjálfti verður skammt frá Kópaskeri. Mörg hús í þorpinu skemmast og eyðileggjast.
- **1999** Körfuboltakappinn Michael Jordan tilkynnir í annað sinn að hann sé hættur atvinnumennsku.
- **2004** Harold Shipman, læknir sem talið er að hafi drepið um 200 sjúklinga, finnst hengdur í fangaklefa sínum í Bretlandi.

## ANDLÁT

**Inga Kristín Ágústsdóttir**, Sólvangi, Hafnarfirði, áður Reykjavíkurvegi 32, lést á Sólvangi miðvikudaginn 4. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Pétur G. Pétursson** heildsali, Grenibyggð 14, Mosfellsbæ, lést á heimili sínu mánudaginn 9. janúar.

**Sigþóra Sigurðardóttir**, Fossheiði 60, Selfossi, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, þriðjudaginn 10. janúar.

## JARÐARFARIR

- 13.00 **Árni Jón Guðmundsson** frá Skagaströnd, Réttarholtsvegi 63, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Seljakirkju.
- 13.00 **Brynja Sigurðardóttir**, Reynimel 72, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.
- 13.00 **Daníel Einarsson** frá Dunk, Borgarholtsbraut 55, verður jarðsunginn frá Snóksdalskirkju í Dalabyggð.
- 13.00 **Gunnar Haraldsson**, Ægisgrund 19, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Garðakirkju.
- 13.00 **Níels Helgi Jónsson**, Birkihlíð 14, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.
- 13.30 **Lúðvík G. Jónsson**, Faxabraut 13, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.
- 13.30 **Margrét Sveinbjörnsdóttir**, Víðilundi 25, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

## AFMÆLI



**Ingimundur Sigfússon**, fyrrverandi sendiherra, er 68 ára.



**Kristján Ólafsson** vélfræðingur er 60 ára.



**Finnbjörn A. Hermannsson**, formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, er 52 ára.



**Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari er 39 ára.



**Orlando Bloom** leikari er 29 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## ÓLUKKUDAGUR: FÖSTUDAGURINN ÞRETTÁNDI ER Í DAG

# Hvetur fólk eindregið til að hafa hægt um sig í dag

Margir hafa beyg af föstudögum sem ber upp á 13. mánaðardaginn. Aðrir telja þetta helbera þvælu og halda sínu striki. Símon Jón Jóhannsson framhaldsskólakennari hefur kynnt sér hjátrú og ritað um hana nokkrar bækur og þekkir hana því betur en flestir aðrir. Hann hvetur fólk til að hafa hægt um sig í dag.

„Þetta er stórvarasamur dagur því hann ber með sér tvöfalda ógæfu og því hvet ég fólk til að hafa hægt um sig,“ segir Símon Jón með þunga þó örli einnig á glettni. „Í fyrsta lagi er það ógæfa föstudagsins. Það er ekki gott að segja með vissu hvaðan sú trú er komin en þó bendir ýmislegt til þess að kirkjunnar menn hafi snúið þessu svolítið sér í hag til að stemma stigu við þeim gleði- og ástardegi sem föstudagurinn var hjá heiðingjum. Hjá Rómverjum var þetta til dæmis dagur Venusar. Hjá kirkjunni kveður hins vegar við annan tón og föstudagur verður dagur hinna harmlegu atburða. Kristur var krossfestur á föstudegi og svo segja sumir að Adam hafi tekið bitann örlagaríka af eplinu á föstudegi, hvernig sem menn fengu það nú út.“



**SÍMON JÓN JÓHANNSSON** Símon Jón hefur skrifað allnokkrar bækur um hjátrú og þekkir því vegi hennar betur en margur annar. Hann sér fulla ástæðu til að fólk hafi hægt um sig í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

En þar með er aðeins hálf sagan sögð því ógæfa óhappatölunnar kemur svo í ofanálag í dag. „Babýlóníumenn, sem voru fyrsta menningarþjóðin til að koma fram með tölukerfi, töldu ekki í tugum líkt og við gerum heldur í tylftum. Það eimir enn af þessu til dæmis má segja að tvær tylftir séu í sólarhringnum sem er 24 klukkustundir og svo framvegis. Talan þrettán er því einstök, jafnvel heilög því hún fer yfir þessa heild sem í tylftinni er. Það er oft þannig með upphafið að einhverju nýju það er oft talið hættulegt. Til dæmis losna draugar og ýmsar vættir úr læðingi á áramótum og svo er öruggast fyrir brúðgumann að bera brúðina yfir þröskuldinn, en hann markaði nýjan byrjunarreit fyrir hana líkt og talan 13 gerði í talnakerfi Babýlóníumanna,“ segir Símon Jón.

Hann segir að fólk sem ekki geti komist hjá því að láta til sín taka í dag geti tekið verndargrip með sér. Símon Jón er framhaldsskólakennari og sér að margir nemendanna hafa með sér ýmsa verndargripi í prófin með ágætum árangri.

**jse@frettabladid.is**

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1628** Charles Perrault, franskur rithöfundur.



**1864** Wilhelm Wien, eðlisfræðingur og nóbelsverðlaunahafi.



**1881** Sigvaldi S. Kaldalóns tónskáld.



**1884** Sophie Tucker söngkona.



**RENNIBRAUTAGLEÐI** Írakskir drengir njóta dagsins í skemmtigarði á öðrum degi múslimska Eid al-Adha hátíðarinnar. AP/REUTERS



*Elskulegur einkasonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sævin Bjarnason**

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Guðný Hallgrímsdóttir | |
| Guðný Sævinsdóttir | Símon Bahraoui |
| Haraldur Sævinsson | Ásgerður Þ. Ásgeirsdóttir |
| Sigrún Dóra Sævinsdóttir | Birgir Sævarsson |
| Bjarney Sævinsdóttir | Bjarni Fannar Bjarnason |
| og barnabörn. | |



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Aðalbjargar S. Guðmundsdóttur**

frá Mosfelli, Hlíðarvegi 46, Kópavogi,

| | |
|---|---|
| Bjarki Bjarnason | Þóra Sigurþórsdóttir |
| Sif Bjarnadóttir | Hilmir Þór og Ásbjörn Ibssynir |
| Ýr Þórðardóttir | Hlynur Þórisson |
| Bjarni Bjarkason | Þóra Björk Gísladóttir |
| Vilborg Bjarkadóttir | Guðmundur Bjarkason |
| Aðalbjörg Egilsdóttir | Óskírður Hlynsson |



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Svanlaug Pétursdóttir**

frá Sauðárkróki,

lést 5. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju 14. janúar n.k. kl.14.00.

| | |
|---|---|
| Sigurður Sigfússon | Ingibjörg Hafstað |
| Stefanía Sigfúsdóttir | Snorri Jóhannsson |
| Ingvi Þór Sigfússon | Arnrún Antonsdóttir |
| Anna Pálína Þórðardóttir | Þórhallur Filippusson |
| og aðstandendur. | |


SONY
Útsala
Allt að 90% afsláttur
SRF-S54
SONY VASAÚTVARP
· Flott FM útvarp
· Mega Bass
· Litið og mjög nett
Verð áður
7.995 krónur
Útsöluverð
795 krónur
90% afsláttur
NWE207
SONY MP3 WALKMAN 1GB
· 1GB innbyggt minni
· Fáanlegur í þremur litum, svartur, blár og bleikur
Verð áður
17.950 krónur
Útsöluverð
12.950 krónur
28% afsláttur
NWA3000S
SONY MP3 SPILARI 20GB
· Glæsileg hönnun
· Aðeins 182gr. á þyngd
· Allt að 35 klst rafhlöðuending
Verð áður
39.950 krónur
Útsöluverð
24.950 krónur
38% afsláttur
CMT-HPZ7
SONY MICRO SAMSTÆÐA
· 60W x 2 RMS
· 5 CD diska magasín
Verð áður
34.950 krónur
Útsöluverð
19.950 krónur
43% afsláttur
256MB minniskort fylgir
DSC-S60
SONY CYBERSHOT
· Carl Zeiss® Vario-Tessar® linsa
· 32MB innbyggt minni
· 3x Optical aðdráttur
Verð áður
34.950 krónur
Útsöluverð
19.950 krónur
43% afsláttur
MZ-NH600/S
SONY HI-MD MINIDISK
· Hi-MD Walkman 1 GB
· Geymir öll gögn
· MDLP upptaka allt að 45 klst
Verð áður
19.950 krónur
Útsöluverð
9.995 krónur
50% afsláttur
Sony útsalan hefst í dag
SLVD990
SONY COMBO DVD/VIDEO
· Spilar alla diska og DivX
· Dolby Digital DTS
· Precision Drive 2
Verð áður
29.950 krónur
Útsöluverð
19.950 krónur
33% afsláttur
DVP-NS52PS
SONY DVD SPILARI
· Spilar kerfi 1 og 2
· Spilar allar gerðir diska
· Precision Drive 2
Verð áður
14.950 krónur
Útsöluverð
9.995 krónur
33% afsláttur
RDR-HX1010
SONY HDD RECORDER 400GB
· DVD spilari með 400GB innbyggðum hörðum disk
· Allt að 693 klukkustundir í upptöku
Verð áður
139.950 krónur
Útsöluverð
99.950 krónur
29% afsláttur
DCR-PC53
SONY MINIDV TÖKUVÉL
· 800.000 pixla Super HAD myndflaga
· Carl Zeiss Vario Tessar Linsa
· 3.0" Hybrid LCD skjár
Verð áður
74.950 krónur
Útsöluverð
49.950 krónur
34% afsláttur
KLV27HR3S
SONY 27" LCD SJÓNVARP
· 27" LCD sjónvarp
· 1280x720 pixel upplausn
· Textavarp
Verð áður
149.950 krónur
Útsöluverð
99.995 krónur
33% afsláttur
BaseCamp
like.no.other™
Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.009 **+0,91%** **Fjöldi viðskipta:** 743 **Velta:** 6.782 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Síf** | +4,07% | **Flaga** | -1,60% |
| **Kögun** | +2,51% | **FL Group** | -0,91% |
| **íslandsbanki** | +2,05% | **Dagsbrún** | -0,86% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,80 +0,71% ... Atorka 6,90 +0,73% ... Bakkavör 56,30 +1,63% ... Dagsbrún 5,75 -0,86% ... FL Group 21,70 -0,91% ... Flaga 4,30 -0,91% ... Íslandsbanki 19,90 +2,05% ... KB banki 790,00 +0,51% ... Kögun 65,40 +2,51% ... Landsbankinn 27,00 +1,12% ... Marel 71,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 19,30 -0,52% ... SÍF 4,35 +4,07% ... Straumur-Burðarás 17,40 +1,16% ... Össur 117,50 +0,43%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Sigurjón þarf engan straum

Vangaveltur hafa verið um það á markaði hvort Straumur og Landsbankinn munu sameinast. Sérfræðingar á markaði eru margir þeirrar skoðunar að slíkt sé rökrétt framhald atburða undanfarinna vikna.

Straumur verður ef að líkum lætur sigurvegarinn í keppni fyrirtækja um mestan hagnað á síðasta ársfjórðungi liðins árs. Landsbankamenn eru hins vegar vígreifir og telja sig geta stækkað mikið án hjónabands við Straum. Þannig geti bankinn keypt stórt fjármálafyrirtæki, án utanaðkomandi aðstoðar. Eða með öðrum orðum, að Sigurjón og Halldór þurfi engan Straum til að halda áfram að vera í stuði í Landsbankanum.



### Straumur á síma

Orkuveita Reykjavíkur var með miklar áætlanir uppi um að nýta rafstrengi fyrir gagnaflutninga. Velta má vöngum yfir því hvort Björgólfur Thor fari ekki öfuga leið við þetta, þ.e. setji Straum á síma. Straumur er mjög öflugur fjárfestingabanki og ekki ólíklegt að Björgólfur Thor sjái margs konar tækifæri fyrir sig og félagið til sóknar erlendis. Má því búast við að Straumur komi meira að erlendum verkefnum Björgólfs Thors og verði hugsanlega stærri eigandi í þeim félögum sem Björgólfur Thor hefur stýrt í símafjárfestingum víða um heim.

## MARKAÐSPUNKTAR

Hlutabréf í Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands hækkuðu um 0,9 prósent í gær og hafa þá hækkað um 8,6 prósent á fyrstu tólf dögum ársins. Til gamans segir Greining Landsbankans að vísitalan muni hækka um 1.100 prósent til ársloka haldi þetta áfram.

Avion Group fékk í gær afhenta rúma 47 milljónir hluta af eigin bréfum. Um er að ræða lokauppgjör vegna kaupa Avion Group á öllu hlutafé Eimskipafélags Íslands af Straumi-Burðarási fjárfestingabanka og P/F Tjaldi.

Orkuveita Reykjavíkur eignaðist í gær 7,8 prósent í Atorku Group. Viðskiptin eru gerð á grundvelli yfirtökutilboðs Atorku Group til allra hluthafa í Jarðborunum.

Vegna fyrirhugaðrar sendinefndar til Indlands í febrúar/mars n.k. boðar Útflutningsráð Íslands til kynningarfundar þar sem viðskiptatækifæri á Indlandi verða skoðuð.



**BRYNJÓLFUR BJARNASON** Forstjóri Símans hefur verið að vinna að því að endurfjármagna lán félagsins.

# Endurfjármagna lán Símans

### Eignir Símans eru metnar á 84 milljarða króna.

Í kjölfar samrunans við Skipti hefur efnahagsreikningur Símans vaxið úr 26 milljörðum króna í rétt rúma 84 milljarða. Kom þetta fram á hluthafafundi sem haldinn var 21. desember á síðasta ári og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Á hluthafafundinum var samruninn samþykktur.

Skipti ehf. er félagið sem keypti Símann af ríkinu í sumar fyrir 66,7 milljarða króna. Eigendur Skiptis lögðu sjálfir 30 milljarða króna til kaupanna en fengu afganginn að láni. Þegar Síminn yfirtók Skipti lagðist þetta fé við eigið fé Símans. Síminn yfirtók einnig skuldir Skipta og jukust langtímaskuldir fyrirtækisins um 38 milljarða. Eru þetta lykilstærðir þegar vöxtur efnahagsreikningsins er útskýrður.

Stærstu eigendur Skiptis voru Exista, fjárfestingarfélag undir stjórn Bakkabræðra, KB banki, nokkrir lífeyrissjóðir og fleiri smærri aðilar. Eftir sameininguna við Símann fengu þessir aðilar hlutabréf í Símanum fyrir hlut sinn í Skipti.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, sagði verið að endurfjármagna skuldir fyrirtækisins. Sambankalán, fyrir um 33 milljarða króna, og skuldabréfalán, fyrir um fjórtán milljarða króna, eru tekin til þess. **-bg**

# Virkur eignarhlutur í SPH frá upphafi

### Stjórn SPH undrast afskipti Fjármálaeftirlitsins eftir stjórnarskipti í sjóðnum.

Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar (SPH) telur að samkvæmt skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins hafi virkur eignarhlutur verið til staðar í sjóðnum frá upphafi og undrast því rannsókn eftirlitsins nú. Kemur þetta fram í greinargerð sem Sparisjóðurinn sendi frá sér í gær.

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki segir að með virkum eignarhlut sé átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemi tíu prósentum eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.

Segir í greinargerð SPH að það hafi verið eindregin afstaða þeirra sem fóru með stjórn sjóðsins síðustu áratugina að halda fjölda stofnfjáreigenda í lágmarki þess sem lög kveði á um. Sparisjóðurinn sé sá næststærsti á landinu, en þó hafi stofnfjáreigendur einungis verið fjörutíu og fimm miðað við stöðuna í árslok 2002, samanborið við rúmlega ellefu hundruð stofnfjáreigendur hjá þeim stærsta, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Í ljósi þess að stofnfjáraðilar SPH voru aðeins fjörutíu og fimm blasi við að stjórn, skipuð fimm mönnum, geti ekki annað en myndað virkan eignarhluta. Framboð til stjórnar krefjist stuðnings fimm stofnfjáreigenda til viðbótar og samkvæmt túlkun Fjármáleftirlitsins á lögum um fjármálafyrirtæki myndist því virkur eignarhluti í sjóðnum sem fari með tuttugu og tvö prósent stofnfjár.

Þessi staða hafi verið óbreytt hjá SPH frá upphafi án þess að Fjármálaeftirlitið hafi séð ástæðu til að gera athugasemdir fyrr en eftir að hreyfing komst á stofnféð á síðasta aðalfundi.

Í kjölfar aðalfundarins, sem haldinn var síðastliðið sumar, komu margir nýjir stofnfjáreigendur í hópinn, þeirra á meðal Sigurður G. Guðjónsson lögmaður, fjárfestarnir Sigurður Á. Bollason og Magnús Ármann, Sjóvá, Íslandsbanki og MP-fjárfestingabanki. **- jsk**



**SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR** Stjórn sjóðsins undrast rannsókn Fjármálaeftirlitsins á því hvort virkur eignarhlutur hafi myndast í sjóðnum. Samkvæmt skilgreiningu FME hafi slíkur eignarhlutur verið til staðar frá upphafi.

# Vísitalan yfir 6.000

Úrvalsvísitala aðallista Kauphallar Íslands fór yfir 6.000 stig í gær og sló með því enn eitt metið. Vísitalan endaði í 6.009 stigum.

Hækkun vísitölunnar frá áramótum nemur 8,56 prósentum.

Greiningardeild Landsbankans segir að ef hlutabréf hækki með sama hraða út árið muni hlutabréf hækka um 1.100 prósent á árinu, Greiningardeildin gerir ekki ráð fyrir að svo mikil hækkun sé framundan. **- hh**

# Verðbólga yfir væntingum

Verðbólgan í janúar mældist 0,3 prósent og er það talsvert yfir spám greingardeilda bankanna.

Spár gerðu ráð fyrir allt frá verðhjöðnun til þess að verðbólgan í mánuðinum yrði 0,1 prósent. Síðastliðna tólf mánuði mældist veðbólgan 4,4 prósent sem er yfir vikmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans. Hærri verðbólga nú gæti að mati sérfræðinga orðið til þess að Seðlabankinn hækki stýrivexti sína meira en ella. Greiningardeild KB banka býst við því að Seðlabankinn hækki vexti sína um 0,5 prósentustig 26. janúar, en þá er vaxtaákvörðunardagur bankans.

Það sem skýrir helst spáskekkju greiningardeildanna er að matvæli hækkuðu meira en gert var ráð fyrir. Greiningardeild Landsbankans segir að innheimta úrvinnslugjalds á umbúðir ýmis konar séu líklegasta skýringin á matvöruverðshækkun í janúar. **- hh**

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.830.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 19.368 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með allskonar fíneri sem hinir hafa ekki



Renault Megane II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

# Áfram hækkar Íslandsbanki

Hlutabréf í Íslandsbanka hækkuðu um 2,5 prósent í byrjun viðskiptadags í gær eftir að greint var frá því að nokkrir lykilstjórnendur í Íslandsbanka hefðu gert kaupréttarsamninga við bankann til þriggja ára. Í lok dags höfðu bréf bankans hækkað um rúm tvö prósent.

Framkvæmdastjórarnir Finnur Reyr Stefánsson, Haukur Oddsson, Jón Diðrik Jónsson, Tómas Kristjánsson og Frank Ove-Reite hafa fengið kauprétt að tíu milljónum hluta á genginu 19,34. Nýti þessir einstaklingar réttinn verður kaupverðið um 193 milljónir króna.

Fyrir nokkrum dögum var tilkynnt um kaup Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, á hlutabréfum fyrir 930 milljónir króna. - eþa



**BJARNI ÁRMANNSSON** Hlutabréf í Íslandsbanka hafa hækkað eftir að tilkynnt var um kauprétt lykilstjórnenda.

# Gagnrýnir Kjartan Gunnarsson

Henrik Didner, sem situr í valnefnd sem leggur fram tillögu að næstu stjórn sænska verðbréfafyrirtækisins Carnegie, er ósáttur við vinnubrögð Kjartans Gunnarssonar, formanns nefndarinnar, og ætlar að ganga úr henni.

Kjartan situr fyrir hönd Landsbankans sem er stærsti hluthafinn í Carnegie með rúman fimmtungshlut. Niðurstöður nefndarinnar eiga að liggja fyrir 9. febrúar.

„Samskiptin hafa ekki gengið upp," segir Henrik í viðtali við Dagens Industri og telur að það stafi ekki af tungumálaörðugleikum, enda tali Kjartan skandinavísku.

Henrik er ósáttur við að sér hafi ekki verið gerð grein fyrir því að hinn reyndi stjórnarformaður Carnegie, Lars Bertmar, ætlar að draga sig í hlé. Lars segir í samtali við blaðið að það eigi ekki að koma nokkrum manni á óvart, ekki einu sinni nánustu aðstandendum.

Einnig kemur fram í fréttinni að Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, sækist ekki eftir endurkjöri.

Frétt þessi hefur leitt til væntinga um að Landsbankinn ætli sér að yfirtaka Carnegie. Hlutabréf í Carnegie hækkuðu um 2,5 prósent á markaði í gær. - eþa



**STJÓRNENDUR LANDSBANKANS** Kjartan Gunnarsson, stjórnarmaður í Landsbankanum, er sakaður um að veita nefndarmanni í kjörnefnd hjá Carnegie ekki upplýsingar.



**ORKUVEITAN SELUR** Orkuveitan hefur tekið yfirtökutilboði Atorku í Jarðboranir. Orkuveitan leitaði annarra tilboða, en bárust engin.

# OR selur í Jarðborunum

Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið að selja þrettán prósenta hlut sinn í Jarðborunum til Atorku Group. Fyrirtækið leitaði eftir tilboðum frá fjárfestum í hlut sinn. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR, segir að ekkert tilboð hafi komið í hlut fyrirtækisins í Jarðborunum og engin fyrirspurn borist.

Orkuveitan á þar með um átta prósenta hlut í Atorku sem er tæpur 1,5 milljarður að markaðsvirði. Gengi Atorku er um fjórtán prósentum hærra en boðið er í yfirtökutilboðinu. Það hljóðar upp á að hluthafar í Jarðborunum fái 25 krónur í skiptum fyrir hluti í Atorku á genginu sex.

Atorka hefur þar með eignast yfir 80 prósent í Jarðborunum og er fátt sem kemur í veg fyrir að yfirtakan verði að veruleika. - eþa

# Viðskiptahalli Bretlands eykst

Aukinn olíuinnflutningur í Bretlandi hefur valdið meiri aukningu á viðskiptahallanum þar í landi en sérfræðingar gerðu ráð fyrir. Viðskiptahallinn í vörum og þjónustu fyrir nóvembermánuð var meira en milljarði punda umfram spár eða 5,96 milljarðar punda. Það var hækkun úr 5,05 milljörðum punda í október. Þá fór viðskiptahallinn gagnvart löndum utan Evrópusambandsins úr 2,28 milljörðum punda í október í 3,02 milljarða í nóvember. ■

# Herðir tök sín á Skandia

Erlendir hluthafar eiga orðið 72 prósent hlutafjár í sænska fjármálafyrirtækinu Skandia. Í nóvember var þessi tala hins vegar 63 prósent.

Þetta er talið styrkja stöðu Old Mutual enn frekar þar sem búist er við að útlendingar muni ganga að framlengdu yfirtökutilboði félagsins í Skandia sem rann út í gær. Um 64 prósent hlutabréfa eru þegar komið í eigu Old Mutal.

Mikill þrýstingur hefur verið meðal sumra hluthafa í Skandia, þar á meðal sænsku ríkislífeyrissjóðanna, að Old Mutual hækki tilboð sitt. Stjórnendur Old Mutual gefa lítið fyrir það. - eþa










## STUÐ MILLI STRÍÐA Froðuvæðingin mikla

**ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON** ER FEGIN AÐ VERA TVEGGJA PRÓSENTU KONAN



Ísland. Land hipp og kúlsins. Útlendingar streyma hingað í massavís. Þeir vilja upplifa íslenska rokkið sem blómstrar, listamennina á hverju götuhorni og þetta svala og framúrstefnulega fólk á skrýtnustu börum í heimi. Svo vafrar útlendingurinn um, rambar inn á Olíver, heyrir Justin Timberlake í bland við Bjögga Halldórs og finnur bara hnakkann. Jahá, svo virðist sem Ísland sé að stefna í menningarlegt gjaldþrot. Við flytjum út góðu listamennina og viðskiptahugmyndirnar og sitjum eftir með Írafár, Gillzenegger og Ástarfleyið. Þetta er víst það sem íslenskur almenningur vill. Markaðsöflin keppast um að segja okkur það. Þau eru með á hreinu hvernig sjónvarpsþætti, tónlist, útvarpsþætti, tímarit og bækur við þráum. Og samkvæmt þeim viljum við bara froðu. Ísland er að froðuvæðast svo hratt að ég var farin að sjá fyrir mér auglýsingar fyrir neðanjarðarandspyrnuhreyfingu. Hönd sem teygir sig upp úr baðkari fullu af froðu. Hjálp! segir slóganið. Jú! segir stóri bróðir og þvær heilann vandlega með sápunni. Ég er ekki viss um hvort kom á undan, hænan eða eggið. Vildi fólkið þetta, eða tróð einhver markaðsgúrú þessu inn í hausinn á því? Einu sinni þótti ekki vitlaust að sækja sér smá menntun, lesa nokkrar bækur og opna hugann. Núna er þetta ekki í tísku og gervibrúnar geimverur með aflitað hár segja okkur að þær muni þurrka þetta út. Við höldum örmunum opnum fyrir White Trash menningunni. Kitsch er hið nýja kúl. Þetta er „mainstreamið“ segja þeir. Það eru semsagt bara einhverjir helvítis útlendingar og jaðarlið sem fíla restina. Og ég er semsagt í minnihluta. Er bara tveggja prósentu konan. Það er þó ansi stór neðanjarðarandspyrna á landinu. Við bara sjáumst ekki af því að tvö prósent á Íslandi er svo ægilega lítið miðað við tvö prósent einhvers staðar annars staðar. En einn góðan veðurdag hlýtur sápukúlan að springa. Fólkið verður hreinlega búið að fá nóg. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




### Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | | | | 8 |
| | | 1 | | 9 | 2 | | | |
| 4 | | 5 | | | | | | 3 |
| | | | | | | | 2 | |
| 2 | 8 | | 7 | | 6 | | 1 | 4 |
| | 4 | | | | | | | |
| 9 | | | | | | 7 | | 1 |
| | | | 9 | 7 | | 8 | | |
| 3 | | | | | 4 | 9 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 5 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 |
| 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 6 | 8 | 7 | 5 |
| 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 5 | 4 | 6 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 |
| 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 3 | 6 |
| 9 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 9 | 7 | 3 | 5 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ SECURITAS


FRIIS COMPANY®
Útsalan
hefst í dag kl 10
öskur Skór Belti Fylgihlutir Töskur Skór Belti Fylgihlutir Töskur Skór Be
Laugavegi 55 sími 534-0044 Mán-Föst 10-18 Lau 11-16

! **Kl. 12.00**
*Tónlist frá Ítalíu, Englandi og Frakklandi hljómar í flutningi þeirra **Guðnýjar Erlu Guðmundsdóttur** píanóleikara, **Helenu Guðlaugar Bjarnadóttur** sópransönkonu, **Unu Bjargar Hjartardóttur** þverflautuleikara og **Ülle Hahndorf** sellóleikara á hádegistónleikum Tónlistarfélags Akureyrar í Ketilhúsinu þar í bæ. Á efnisskránni eru fjórar aríur eftir tónskáld frá barokktímanum um og eftir aldamótin 1700.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tveir heimar og þræðir

Á sýningu Kristínar Þorkelsdóttur, sem opnuð verður í Gerðarsafni í Kópavogi á morgun, verða annars vegar sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugarins og hins vegar nýjar vatnslitamyndir.

Sýningu sína nefnir Kristín „Tveir heimar" og verður hún staðsett á efri hæð safnsins, hönnunin í vestursalnum en vatnslitamyndirnar í austursalnum.

Á ferli sínum hannaði Kristín fjölmörg merki ásamt umbúðum sem enn eru í notkun og við berjum augum daglega. Merkasta hönnun Kristínar er án efa núverandi peningaseðlarnir sem geyma menningarsögu þjóðarinnar. Á sýningunni eru bókakápur,



merki, peningaseðlar, umbúðir og margt fleira. Í rúmlega tvo áratugi hefur Kristín einnig ferðast um landið og túlkað íslenska náttúru með vatnslitum, og afrakstur þess gefur að líta í austursalnum.

Á neðri hæði safnsins verður síðan einnig opnuð á morgun sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um tuttugu kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Flíkur Guðrúnar eru oft í sauðalitum og hönnun sína byggir hún jöfnum þræði á íslenskri vefnaðarhefð og náttúru. Þótt liðin séu 40 ár frá stofnun vefstofunnar eru flíkur hennar nútímalegar og sérlega áhugaverðar vegna þess hversu vel þær falla að tíðaranda dagsins í dag.

### > Ekki missa af ...



... sýningu **Gabríelu Friðriksdóttur**, sem opnuð verður í dag klukkan 17 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Þetta er sama sýningin sem Gabríela setti upp á Feneyjatvíæringnum í ár.

... söngleiknum **Carmen** sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu annað kvöld með **Ásgerði Júníusdóttur** söngkonu í aðalhlutverki.

... nýjasta leikriti **Jóns Atla Jónassonar, Mindcamp**, sem frumsýnt verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu á sunnudag í leikstjórn **Egils Heiðars Antons Pálssonar**.

# Diddú í sveiflu

**Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur með Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar á hinum árlegu nýárstónleikum hljómsveitarinnar í Salnum í Kópavogi.**

„Það er virkilega gaman að spila þessa tónlist, sérstaklega þegar allt er farið að svinga," segir Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, sem kemur fram á hinum árlegu nýárstónleikum Salonhljómsveitar Sigurðar Ingva Snorrasonar í Salnum núna um helgina.

„Af einhverjum ástæðum hefur þessi tónlist tengst áramótunum, og mér finnst það bara fínt. Það passar bara vel eftir jólin að setja sveiflu í þetta."

Salonhljómsveitin hefur haldið þeim sið í mörg ár að efna til tónleika á nýárinu og flytja Vínartónlist. Á efnisskránni eru að vanda ljúfustu söngvar, svellandi valsar, spriklandi polkar og önnur gleðitónlist úr gnægtabrunni Vínartónlistarinnar í flutningi framúrskarandi tónlistarmanna.

Hljómsveitin er skipuð átta tónlistarmönnum úr fremstu röð, fiðlaranum snjalla Sigrúnu Eðvaldsdóttur, sem leikur einleik og er jafnframt konsertmeistari salonhljómsveitarinnar, Pálínu Árnadóttur fiðluleikara, Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Hávarði Tryggvasyni kontrabassaleikara, Martial Nardeau flautuleikara, Sigurði Ingva Snorrasyni klarínettuleikara, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara og Pétri Grétarssyni sem leikur á slagverkshljóðfæri.

Söngvari með hljómsveitinni í ár er engin önnur en Sigrún Hjálmtýsdóttir sópransöngkona, en í gegnum árin hefur hljómsveitin fengið ýmsa söngvara til liðs við sig.

„Hanna Dóra var með okkur í hittifyrra og Guðrún Ingimundardóttir í fyrra, en núna er það Diddú," segir Anna Guðný.

Hljómsveitarstjórinn, Sigurður Ingvi Snorrason, er menntaður í Vínarborg og þekkir því Vínartónlistina út í æsar.

„Þessi tónlist er sérgrein hans," segir Anna Guðný, sem er eiginkona Sigurðar.

„Þótt fólk haldi að þetta sé eitthvert léttmeti þá er krefjandi að spila þessa Vínartónlist svo að hún virki rétt. Þú tekur ekki einn vals og spilar hann bara í gegn, því það er svo mikið af smáatriðum sem þarf að huga að svo að þetta hljómi af glæsileika eins og það á að gera."

Tónleikarnir í Salnum á morgun verða tvennir, þeir fyrri klukkan 16 en þeir síðari klukkan 20. Á sunnudaginn gefst síðan tækifæri til að heyra í hljómsveitinní í Reykjanesbæ, því þá heldur hún samskonar tónleika með Diddú í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum klukkan 17.



**DIDDÚ MEÐ SALONHLJÓMSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR** Vínarsveiflan ræður ríkjum í Salnum í Kópavogi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HALLGRÍMUR HELGASON** Sýnir verk frá Parísartímabili sínu í Gallery Turpentine. Fæst verkanna hafa áður komið fyrir sjónir landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

# Myndlistin er eins og notaleg gömul kærasta

Í dag opnar rithöfundurinn og myndlistamaðurinn Hallgrímur Helgason málverkasýningu í Gallery Turpentine. Verkin eru frá Parísarárum listamannsins, máluð á tímabilinu 1992 til 1996 og hafa fæst verið sýnd hérlendis áður.

Árið 1994 sagði Hallgrímur að mála mynd væri enginn vandi. „Maður tekur bara smá olíulit og dreifir úr honum á strigann, rétt eins og þegar konur maka framan í sig andlitskremi." Rithöfundurinn var ekki alveg jafn borubrattur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta var í gamla daga," sagði rithöfundurinn. „Þetta var tilfinning sem ég hafði upp úr 1990," heldur hann áfram. „Þegar ég byrjaði að mála aftur komst ég að því að maður ætti ekki að vera hræddur við strigann," útskýrir Hallgrímur. Hann segir að í kringum 1980 hafi hann tekið málaralistina mjög alvarlega, vandað sig við hverja penslastroku og eytt löngum tíma í sama málverkið, gert landslagsmyndir og fleira í þeim dúr. „Svo vildi ég hafa þær meira lifandi," segir listamaðurinn. Hann hefur sagt að hvert verk á þesum tíma hafi verið algjör óvissuferð. Þau hafi orðið til á mjög stuttum tíma en sálrænu átökin verið þeim mun meiri.

Parísartímabil Hallgríms var langt frá því að vera dans á rósum í lífi listamannsins. „Ég hef oft sagt frá þessu en ég skil ekki alveg Frakka og ég var aldrei alveg sáttur við París," segir hann. Þegar hann hafi verið að taka fram gömlu málverkin komu góðar og slæmar minningar fram. „París var bæði skemmtilegur og ekki skemmtilegur tími. Það voru erfiðleikar í einkalífinu og mér gekk illa að mála," segir hann af sinni alkunnu einlægni. „Því er oft haldið fram að myndlistarmenn séu hamingjusamir en skáld séu það ekki. Hjá mér er þetta þveröfugt," bætir Hallgrímur við og segir sögu af sér frá New York snemma á níunda áratugnum. „Ég var spurður að því hverju ég myndi svara ef einhver brytist inn hjá mér með byssu, setti hana upp við hausinn á mér og spyrði: Hvort ætlarðu að mála eða skrifa?," og svarið stóð ekki á sér hjá Hallgrími. „Ég svaraði því til að ég myndi að skrifa."

Þrátt fyrir að pensillinn hafi að einhverju leyti verið lagður á hilluna getur Hallgrímur ekki neitað því að það sé gaman að endurnýja kynnin við myndlistina. Nú sé hann hins vegar að einbeita sér að því sem honum finnist hann hafa meiri hæfileika til. „Myndlistin er eins og gömul kærasta sem maður átti voðalega notalegar stundir með en er nú flutt til útlanda og sést voðalega sjaldan," segir Hallgrímur sem er feginn yfir því að þurfa ekki sjálfur að selja myndir sínar. „Ég er svo lítill sölumaður í mér."

freyrgigja@frettabladid.is



**NOKKURRA KLUKKUSTUNDA FÆÐING** Verkin urðu til á mjög stuttum tíma, jafnvel aðeins nokkrum klukkustundum.



**ÓVISSUFERÐ** Hallgrímur segir að hvert verk hafi á þessum tíma verið algjör óvissuferð.




ÚTSALA
Plankaparket · Stafaparket
Fljótandi parket · Gólfflísar
Náttúrusteinn · Innihurðir
Flott fyrir þig!
15-50%
Parki INTERIORS
www.parki.is Dalvegi 18 Kópavogi, sími 564 3500




Leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson. Nick Cave samdi tónlist og söng sérstaklega fyrir sýninguna.

Viðskiptavinir Landsbankans
fá sérkjör á Woyzeck.
Sjá nánar á www.landsbanki.is

Landsbankinn VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

www.vesturport.com

Miðasala í síma 568 8000 og á www.borgarleikhus.is

# Kannski er ég bara hissa

**Fiskidrama heitir sýning Ólafs Gíslasonar myndlistarmanns, sem opnuð var í gallerí i8 í gær. Ólafur hefur búið í Þýskalandi í rúma tvo áratugi og lítið sýnt hér á landi síðustu árin.**



ÓLAFUR GÍSLASON MYNDLISTARMAÐUR Setur á svið alþjóðlegt fiskidrama á sýningu sinni í i8. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðtalið snýst um fiskvinnslu og markaðsmál, en Ólafur hefur fengið unga leikara til þess að lesa texta sem unninn er upp úr þessu viðtali.

„Þetta er raunveruleikatengt efni, þetta er veruleiki sem við þekkjum og erum að fást við,“ segir Ólafur, sem bregður á það ráð að ræða beint við mann sem gegnir lykilhlutverki í þeim miklu breytingum sem nú eiga sér stað í veruleika fiskvinnslunnar og viðskipta með fisk.

Viðtalið við forstjórann er uppistaðan í sýningunni, klippt niður í stutta búta og hljómar um salinn í túlkun ungu leikaranna á myndbandinu eins og bútar úr fréttaviðtölum. Við gerð myndbandsins var notað eins konar leiksvið með götum fyrir hausa, þar sem leikararnir skjóta upp kollinum sitt á hvað hver með sinn textabút.

„Ég tek á þessum málum sem myndlistarmaður og er alveg frjáls með það. Það eina sem ég get gert er að velta þessu upp og setja þessa hluti í annað samhengi. Þessi sýning er ákveðin sviðsetning á því sem maður heyrir á hverjum degi.“

Ólafur hefur búið og starfað í Hamborg í Þýskalandi frá því árið 1983. Hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða um heim. Hér á landi sýndi hann síðast í gallerí Fugli fyrr á þessu ári, en annars hefur hann lítið gert af því að halda sýningar hér á landi undanfarin ár.

Á sýningu sem Ólafur hélt fyrr á þessu ári í Cuxhaven í Þýskalandi tók hann fyrir þennan sama veruleika fisks og viðskipta, sem er uppistaðan í sýningunni í i8, en þó frá allt annarri hlið því þar skoðaði hann þau miklu áhrif sem breytingar í íslenskum sjávarútvegi hafa haft á atvinnulífið í norðurhluta Þýskalands.

„Sjávarútvegurinn þar er að leggjast niður og varð fyrir miklu áfalli strax þegar landhelgin var færð út hér.“

Enn aðra hlið á þessum sama veruleika skoðaði Ólafur síðan á sýningu sem hann hélt í Osló á árinu, þannig að ljóst er að sjávarútvegurinn og efnahagslífið almennt er honum mjög hugleikið um þessar mundir.

„Kannski er ég bara hissa á þessu því ég hef ekki skilið þetta alveg, sérstaklega þá hlið sem snýr að atvinnumarkaðnum og hvernig einstaklingurinn, manneskjan er bara lítið hjól í þessum mekanisma.“ ■

ÖSKUBUSKA
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
Námskeið um Öskubusku og Rossini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 - endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

KRINGLUKRÁIN
Karma ásamt Labba úr Mánum í kvöld
Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
Borðapantanir í síma 568 0878
www.kringlukrain.is

Nína og Geiri
söngbók Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
28. jan. Örfá sæti laus
4. feb. Nokkur sæti laus
18. feb.
25. feb.
4. mars
17. mars
28. mars
Aðeins þessar sýningar
Gjafakort á Nínu og Geira fást í miðasölunni
BROADWAY ☎ 5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddir miðar seldir hálfummánuði fyrir viðburð.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Í kvöld fös. 13/1 örfá sæti laus, lau. 14/1 örfá sæti laus, fös. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 21/1 nokkur sæti laus, fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1 nokkur sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2, lau. 4/2 örfá sæti laus. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fös. 13/1 örfá sæti laus, lau. 14/1 nokkur sæti laus, sun. 15/1, fös. 20/1, lau. 21/1, sun. 22/1, mið. 25/1 **uppselt**, fös. 27/1, lau. 28/1, sun. 29/1, fös. 3/2, lau. 4/2, sun. 5/2, mið. 8/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2, sun. 12/2 örfá sæti laus. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Aðeins þessar sýningar!**
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 15/1 kl. 18:00, sun. 22/1 kl. 18:00, sun. 29/1 kl. 18:00, sun. 5/2 kl. 18:00, sun. 12/2 kl. 18:00 örfá sæti laus. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

Stóra svið
SALKA VALKA
Su 22/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!
WOYZECK
Su 15/1 kl. 20 Lau 21/1 kl. 20
Su 29/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR!
KALLI Á ÞAKINU
Su 15/1 kl. 14 UPPSELT Lau 21/1 kl. 14
Su 22/1 kl. 14 SÍÐUSTU SÝNINGAR!
CARMEN
Í kvöld kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Gul kort
Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort
Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort

Nýja svið/Litla svið
MANNTAFL
Lau 14/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20
BELGÍSKA KONGÓ
Su 15/1 kl. 20 UPPS. Fö 20/1 kl. 20 UPPS.
Lau 21/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20
Lau 4/2 kl. 20 Su 5/2 kl. 20
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Í kvöld kl. 20 Fö 13/1 kl. 20
Fi 19/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20
Fö 27/1 kl. 20 Fi 2/2 kl. 20
Naglinn
Fö 20/1 kl. 20 FRUMS. UPPS.
Lau 21 /1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20 UPPSELT
Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Le' Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Himnaríki
Föstud. 20.
Laugard. 21.
Laugard. 28
Mind Kamp
Forsýning föstud. 13. uppselt
Hátíðaropnun sunnud. 15. uppselt
Fimmtud. 19.
sunnud. 22.
föstud. 27.
sunnud. 29.
Ef
Mánud. 16. kl. 9 og 11 Uppselt
Þriðjud. 17. kl. 9 og 11 uppselt
Þriðjud. 24. kl. 9 og 11 Uppselt
Miðvikud. 25 kl. 9 og 11 Uppselt
10 ÁRA HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

NASA
FÖSTUD. 13. JAN. 2005
IDOL STJÖRNULEIT
HÚSIÐ OPNAR KL. 20
FÖSTUD. 13. JAN. 2005
sceme KVÖLD
FORSALA MIÐA Í SMEKKLEYSU OG ÞRUMUNNI KR. 1000 – Í HURÐ KR. 1500
HÚSIÐ OPNAR KL. 01
LAUGARD. 14. JAN. 2005
SKÍTA MÓRALL
MIÐAVERÐ KR. 1000
HÚSIÐ OPNAR KL. 23
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

10 11 12 **13** 14 15 16

### Föstudagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 12.00 **Guðný Erla Guðmundsdóttir** píanóleikari, **Helena Guðlaug Bjarnadóttir** sópransöngkona, **Una Björg Hjartardóttir** þverflautuleikari og **Ülle Hahndorf** sellóleikari flytja tónlist frá Ítalíu, Englandi og Frakklandi á hádegistónleikum Tónlistarfélags Akureyrar í Ketilhúsinu.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Úlpa** og **Retron** spila á Bar 11. Einnig **Dj 9 sec**.

**OPNANIR**

☐ 17.00 Sýningar á verkum **Gabríelu Friðriksdóttur** og **Kristínar Eyfells** verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Gabríela var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum síðastliðið sumar og sýndi þar verkið Versations / Tetralógía sem nú verður sett upp í Hafnarhúsinu.

**SKEMMTANIR**

☐ 21.00 Útvarpsstöðin X-FM 91.91 fagnar eins árs afmæli sínu á Dillon.

☐ Hljómsveitin **Karma**, með **Labba í Mánum** í fararbroddi, verður með dansleik á Kringlukránni.

☐ **Rockabillý-partý** verður á Bar 11 undir styrkri stjórn rockabillýboltans **Curvers**, sem hefur ekki þeytt skífum opinberlega í nokkurn tíma.

☐ Hljómsveit **Geirmundar Valtýssonar** heldur uppi syngjandi sveiflu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Dj Gunni** skemmta í Yello, Keflavík.

☐ **Hermann Ingi jr.** spilar og syngur á Catalinu.

**FYRIRLESTRAR**

☐ 17.15 **Wallace S. Broecker**, einn fremsti vísindamaður heims í rannsóknum á umhverfis- og loftslagsbreytingum jarðarinnar, flytur fyrirlestur í Öskju, Náttúruvísindahúsi Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn heitir „Glíman við loftslagsbreytingarnar“ og er sá fyrsti í nýrri fyrirlestraröð sem forseti Íslands stendur fyrir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## METSÖLULISTAR

HEILDARLISTI

1. **ALMANAK HÁSKÓLA ÍSLANDS** HÁSKÓLAÚTGÁFAN
2. **ENDALAUS ORKA** JUDITH MILLIDGE
3. **SKUGGA BALDUR - KILJA** SJÓN
4. **ÍSLANDSKLUKKAN - KILJA** HALLDÓR LAXNESS
5. **GRAFARÞÖGN - KILJA** ARNALDUR INDRIÐASON
6. **LOVESTAR - KILJA** ANDRI SNÆR MAGNASON
7. **ALMANAK ÞJÓÐVINAFÉLAGSINS** SÖGUFÉLAGIÐ
8. **ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORÐAR** GILLIAN MCKEITH
9. **SJÁLFSTÆTT FÓLK - KILJA** HALLDÓR LAXNESS
10. **SKÍTADJOBB - KILJA** ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON




## SKÁLDVERK

INNBUNDNAR BÆKUR

1. **BARN NÁTTÚRUNNAR** HALLDÓR LAXNESS
2. **LÍFSLOGINN** BJÖRN ÞORLÁKSSON
3. **BÆJARINS VERSTU** HREINN VILHJÁLMSSON
4. **HÆTTIR OG MÖRK** HREINN VILHJÁLMSSON
5. **DJÖFLATERTAN** MARTA MARÍA JÓNSD. OG ÞÓRA SIGURÐARD.
6. **GLAPRÆÐI - SKEMMTISAGA** EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON
7. **SEBASTÍANSHÚS** ODDVØR JOHANSEN
8. **FLUGDREKAHLAUPARINN** KHALED HOSSEINI
9. **DA VINCI LYKILLINN** DAN BROWN
10. **HRAFNINN** VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR

# Ungir sem aldnir tefla

Skákskóli Hróksins er kominn í fullan gang og býður nú upp á námskeið alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Hrókurinn hefur lagt mikla áherslu á skákkennslu grunnskólabarna undanfarin ár en stórmeistarinn Henrik Danielsen hefur stjórnað skólanum um nokkurt skeið.

„Henrik er sjálfsagt einn besti skákkennari landsins,“ segir Máni Hrafnsson, sem hefur haft yfirumsjón með grunnskólaheimsóknum Hróksins sem eru orðnar um eitt þúsund. „Máni segir það mikinn feng fyrir krakka sem eru að ná fótfestu í skákinni að njóta leiðsagnar Henriks. „Hann er alltaf hress og kátur og tekur vel á móti öllum.“ Krakkanámskeiðin eru ókeypis og opin öllum grunnskólabörnum en einnig er boðið upp á sérstök stelpnanámskeið sem njóta vaxandi vinsælda.

Skákskólinn býður nú eldri borgurum einnig upp á vikuleg námskeið með Danielsen. „Öldungarnir koma og tefla á þriðjudögum,“ segir Máni. „Það er fínn hópur sem mætir reglulega og æfingarnar eru mjög fjörugar. Það er auðvitað alltaf heitt á könnunni og mikið líf í mannskapnum.“ ■



**MÁNI HRAFNSSON** Hefur heimsótt grunnskóla út um allt land og kennt börnum undirstöðuatriði skáklistarinnar. Hann tekur einnig virkan þátt í kennslu hjá Skákskóla Hróksins sem er opinn öllum grunnskólabörnum.

## Skákæfingar hjá Skákskóla Hróksins

**Þriðjudagar klukkan 15.00-16.30**
Skáknámskeið í boði Hróksins og Íslandsbanka fyrir skákmenn 60 ára og eldri. Aðalkennari er íslenski stórmeistarinn Henrik Danielsen.

**Miðvikudagar klukkan 17.15-18.45**
Æfingar fyrir stúlkur á grunnskólaaldri. Kennarar eru Máni Hrafnsson, Henrik Danielsen o.fl.

**Fimmtudagar klukkan 17.15-18.45**
Opnar æfingar og kennsla fyrir stráka og stelpur á grunnskólaaldri. Kennarar eru Máni Hrafnsson, Róbert Harðarson, Henrik Danielsen o.fl.





THE STROKES


KINGS OF HELL

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Nico:** Chelsea Girl; **Kings of Hell:** Stuttskífa, The Strokes: First Impressions of Earth og **Cocorise:** La Maison de Mon Reve.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Rokkabillí-tvenna um helgina

Rokkabillí virðist vera að fá endurnýjun lífdaga hér á landi því tveir atburðir tengdir stefnunni verða um helgina.

Fyrst verður mikið rokkabillí-partí á skemmtistaðnum Bar 11 í kvöld undir styrkri stjórn rokkabillíboltans Curvers sem hefur ekki þeytt skífum opinberlega í nokkurn tíma. Curver mun spila bragðsterka blöndu af rokkabillí, brimbrettatónlist, twang, garage og tónlist frá sjötta áratugnum. Hefjast herlegheitin upp úr miðnætti. Partíið er hálfgerð upphitun fyrir komu bandarísku rokkabillí-sveitarinnar The Kings of Hell sem heldur tvenna tónleika hér á landi um aðra helgi, fyrst á Gauknum og þá síðari á Bar 11, sem hefur gengið í gegnum þó nokkrar breytingar upp á síðkastið.

Á morgun klukkan 15.00 verða síðan tónleikar með ungri brimbretta- og rokkabillísveit sem heitir Mania Locus. Hún hefur starfað í rúmt ár og eru liðsmenn hennar þeir Axel, Einar og Stefán, allir á fimmtánda aldursári. Þeirra áhrifavaldar eru meðal annars Dick Dale, Link Wray, Man Or Astroman? og Brian Jonestown Massacre. Lagið Johnny Goes Riding er eitt af þremur lögum Mania Locos sem hægt er að sækja á heimasíðunni rokk.is og gefur það góða mynd af því sem áheyrendur í Galleri humar eða frægð? eiga í vændum. ■



## > Plata vikunnar



**Wolf Parade:** Apologize to Queen Mary

„Frumraun kanadísku sveitarinnar Wolf Parade er afbragð. Hefði líklegast endað á listanum yfir plötur ársins ef hún hefði borist til eyrna fyrr.“

**BÖS**

## > Popptextinn

*„If I should leave you, try to remember all the good times. Long days filled with sunshine and just a little bit of rain.“*



Karen Dalton syngur blúsinn í Little Bit of Rain af plötunni It´s Hard to Tell Who´s Going to Love You the Best.

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-INS 977**

1. **AVENGED SEVENFOLD** BAT COUNTRY
2. **DR. MISTER & MR. HANDSOME** KOKALOCA
3. **BC CAMPLIGHT** BLOOD AND PEANUT BUTTER
4. **COLDPLAY** TALK
5. **AMPOP** MY DELUSIONS
6. **BLINK 182** NOT NOW
7. **MY CHEMICAL ROMANCE** THE GHOST OF YOU
8. **SYSTEM OF A DOWN** HYPNOTIZE
9. **PRODIGY** VOODOO PEOPLE (PENDULUM MIX)
10. **FALL OUT BOY** SUGAR, WE´RE GOING DOWN


**AVENGED SEVENFOLD** Lagið Bat Country með Avenged Sevenfold er á toppi X-listans þessa vikuna.


**YEAH YEAH YEAHS** Önnur plata sveitarinnar kemur út í mars.

# Önnur platan kemur í mars

Önnur breiðskífa hljómsveitarinnar Yeah Yeah Yeahs, Show Your Bones, kemur út 27. mars næstkomandi.

„Show Your Bones er það sem gerist þegar þú setur fingurinn í rafmagnstengil,“ segir söngkonan Karen O. „Kannski er einhver rafstraumur í lögunum á plötunni sem lýsir okkur að innan þannig að þú getir hlegið og grátið eða bara grillast. Eða ekki.“

Síðasta plata sveitarinnar, Fever to Tell frá árinu 2003, vakti mikla athygli og var m.a. tilnefnd til Grammy-verðlaunanna sem besta jaðarplatan. Hafði hún m.a. að geyma hin vinsælu Maps og Y Control.

Fyrsta smáskífulag nýju plötunnar, Gold Lion, er væntanlegt á næstunni og í framhaldinu ætlar sveitin í tónleikaferð um heiminn til að fylgja gripnum eftir.






# Ný heimildarmynd um íslenskt tónlistarlíf

**Heimasíðan rokk.is og Tónlistarþróunarmiðstöðin munu í fyrsta sinn standa fyrir tónleikaröð á laugardagskvöldum í vetur. Það fyrsta af sex verður annað kvöld þegar fimm hljómsveitir troða upp.**

Meðfram tónleikaröðinni ætlar rokk.is að vinna heimildarmynd um íslenskt tónlistarlíf. „Þetta byrjaði sem lítil hugmynd en er alltaf að vinda upp á sig,“ segir Hákon Hrafn Sigurðsson einn af stofnendum rokk.is og aðalumsjónarmaður síðunnar. „Við ætlum að gera þetta eins „pro“ og við ráðum við. Það verða nokkrar myndavélar á staðnum og við munum síðan taka upp hljóðið í gegnum „protools“ og mixa það sér. Við stefnum að því að hafa góða útgáfu af einu lagi með hverju bandi. Síðan verða viðtöl við böndin og eitthvað annað. Við munum tékka á viðhorfinu til tónlistarlífsins og síðan verður líka eitthvað glens í myndinni,“ segir Hákon Hrafn, sem hefur jafnframt stundað doktorsnám í lyfjafræði meðfram rekstrinum á rokk.is.

**Rennt blint í sjóinn**

Hákon segist renna blint í sjóinn með verkefnið en ef vel gengur verður reynt að koma myndinni að einhvers staðar. „Við vitum ekki hvernig þetta kemur út á endanum. Það eru ungir strákar í þessu og þeir hafa einhverja reynslu,“ segir hann og útilokar ekki að plata verði gerð með lögum úr tónleikaröðinni. „Ef hún kemur út þá væri það alveg magnað. Konseptið á bak við þetta er að hafa þetta frítt og þá myndi platan líklega verða gefin.“

**2.800 lög á skrá**

Heimasíðan rokk.is verður fimm ára í sumar og segir Hákon það fínt ef það næst að ljúka við myndina fyrir þann tíma. Hann segir að heimasíðan hafi byrjað rólega á sínum tíma en með meiri netnotkun almennings og auðveldari upptökutækni hafi hún stækkað gríðarlega. „Núna eru flestir tónlistarmenn komnir með heimastúdíó sem hefðu verið talin góð fyrir tíu árum. Við erum með 2.800 lög þarna í dag en frá upphafi erum við búnir að setja inn um fjögur þúsund lög. Um eitt þúsund flytjendur hafa verið á síðunni og það eru um þrjú þúsund heimsóknir á dag,“ segir hann og ljóst er að tilkoma síðunnar er mikill happafengur fyrir íslenska tónlistarmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref.


**HÁKON HRAFN SIGURÐSSON** Einn af stofnendum rokk.is er að vinna að heimildarmynd um íslenskt tónlistarlíf.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


**MORÐINGJARNIR** Pönksveitin Morðingjarnir spilar í Hellinum í kvöld.

**Ólíkum böndum blandað saman**

Á fyrstu tónleikum rokk.is og Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar í Hellinum á morgun koma fram Dikta, Bertel, Morðingjarnir, Japanese Super Shift og Innvortis. Að sögn Hákonar verður mestmegnis boðið upp á rokk og ról þó svo að harðkjarni komi líka við sögu. „Tilgangurinn er að reyna að blanda saman ólíkum böndum þarna,“ segir hann. „Við viljum fá mismunandi áhorfendur á hvert kvöld.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og standa yfir í þrjá klukkutíma. Frítt er inn og er aldurstakmark ekkert. **freyr@frettabladid.is**

## SMS UM NÝJSTU PLÖTURNAR

### Clap Your Hands Say Yeah: Clap Your Hands Say Yeah

**„Frumraun** Clap Your Hands Say Yeah er hin fínasta afurð. Sveitin er þó aðeins of föst í áhrifavöldum sínum til þess að ná að blómstra almennilega.“

**BÖS**

### The New Pornographers: Twin Cinema

„Þriðja breiðskífa The New Pornographers hefur fangað eyru grúskara um allan heim. Góð og vönduð plata, en stundum er eins og það vanti örlítið upp á sjarmann.“

**BÖS**

### Architecture in Helsinki: In Case We Die

**„Önnur** breiðskífa Íslandsvinanna í Architecture in Helsinki er meistaraverk. Hljómar eins og hópurinn hafi tekið allar bestu plöturnar úr heimstónlistar- og nýrokksrekkunum og brætt þær saman í eina.“

**BÖS**

### Isolée: We Are Monster

„Önnur breiðskífa Isolée er þægilegt ferðalag niður rafstrauminn. Naumhyggjulegt ambient-teknó sem framkallar myndir í huga hlustandans.“

**BÖS**

### Ladytron: Witching Hour

„Þriðja breiðskífa Ladytron er bæði tap og sigur. Hún er ekki nægilega fjölbreytt til þess að halda samningi þeirra við útgáfurisann Island, en nægilega metnaðarfull til þess að liðsmenn haldi höfði.“

**BÖS**

### Leikhópurinn Á senunni: Kabarett

„Þórunn Lárusdóttir stendur upp úr á plötu sem er ágætis minjagripur um sýninguna en hefur takmarkað gildi ein og sér.“

**VG**

### Mugison: A Little Trip

„Smekkleg plata sem stendur vel fyrir sínu ein og sér, og líklega besta kvikmyndatónlist Íslendings til þessa.“

**VG**

### Ýmsir: Úr vísnabók heimsins

„Hér er á ferðinni algjör perla sem heillar hvern mann upp úr skónum. Platan rennur ljúflega í gegn og erfitt er að brosa ekki út í annað við að heyra barnslegar raddir syngja fallegar vísurnar.“

**BG**

Birgir Örn Steinarsson, Valur Gunnarsson, Borghildur Gunnarsdóttir.

# Eminem og Kim giftast

Rapparinn Eminem og fyrrverandi eiginkona hans, Kimberly Mathers, ætla að gifta sig í annað sinn. Þau hafa þegar fengið leyfi til að ganga í hjónaband og hafa nú 33 daga til að ganga frá málunum. Eminem, sem heitir réttu nafni Marshall Mathers III, kvæntist Kimberly fyrst árið 1999 en tveimur árum seinna skildu þau með miklum látum. Deildu þau fyrir dómstólum um forræði yfir dóttur þeirra Hailie. Í desember í fyrra lýsti Eminem því síðan óvænt yfir að þau hefðu tekið saman á ný jan leik.



# ÚTSALAN ER HAFIN!




## STÆRSTA ÚTSALAN ER Í SKÍFUNNI!

TÓNLIST FRÁ 99 kr.

DVD MYNDIR FRÁ 499 kr.

TÖLVULEIKIR FRÁ 799 kr.

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Kokkur opnar gallerí

Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari hefur í nógu að snúast þessa helgi eins og reyndar flestar helgar.

Í kvöld verður hann önnum kafinn á herrakvöldi Lionsklúbbsins Njarðar sem verður haldið á Hótel Sögu. „Við höfum verið með þetta í Súlnasalnum frá 1983. Þetta verður 200 manna veisla og heljarinnar málverkauppboð líka. Þarna verða tuttugu verk boðin upp,“ segir Úlfar, hress í bragði.

Á boðstólum verða meðal annars nauta- og kálfahryggssneiðar með uxahalakjöti, gljáð sósa og reykt paprika og Úlfar fær vatn í munninn við tilhugsunina.

Á morgun opnar Úlfar síðan nýtt myndlistagallerí sem nefnist einfaldlega Gallerí Úlfar og er á horni Baldursgötu og Óðinsgötu, á móti veitingastað hans, Þrír Frakkar. Úlfar hefur verið með aðstöðu í húsinu fyrir starfsfólk og skrifstofur auk þess sem þvottahús hefur verið rekið þar. Eftir að húsnæðið var endurskipulagt kom fram sú hugmynd að opna gallerí í einu herberginu.

Sigurdís Harpa Arnardóttir vígir húsnæðið með málverkasýningu á morgun og verður galleríið opnað klukkan 16. Úlfar hefur alla tíð hafa verið myndlistaáhugamaður. „Ég lærði hjá Tolla í Síld og fiski og var að vinna á Holtinu og í Leikhúskjallaranum. Þú getur rétt ímyndað þér hvort maður hafi ekki smitast örlítið, enda yndislegt að hafa málverk á veggjunum. Ég vil leggja mitt lóð á vogarskálarnar með galleríinu og rétta fram hjálparhönd ef ég get.“ Á sunnudag verður Úlfar á vaktinni á veitingastað sínum, rétt eins og hann verður megnið af laugardeginum. - fb



**ÚLFAR EYSTEINSSON** Matreiðslumeistarinn góðkunni opnar nýtt gallerí á morgun sem nefnist einfaldlega Gallerí Úlfar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Höfuðsnúningar og mjaðmahnykkir í ræktinni

Eitt nýjasta líkamsræktaræðið í Bandaríkjunum er harla óvenjulegt og ef til vill ekki fyrir alla. Hér er átt við súludansrækt eða „strippercize“ eins og það útleggst á ensku. Ekki ganga þó æfingarnar út á að læra að fækka fötum heldur að hreyfa sig og ná að tóna líkamann eins og alvöru súludansarar og myndu sennilega einhverjir spyrja sig hvort það sé svo eftirsóknarvert.

Það virðist þó einhverjum þykja því þetta hefur slegið í gegn hið ytra og það sérstaklega eftir að frú Oprah fjallaði um þjálfunina í þætti sínum en að hennar sögn er þetta heitasta líkamsræktin hjá flottustu stjörnunum líka. Stuttu seinna lýsti leikkonan Teri Hatcher ást sinni á þjálfuninni og meira þurfti ekki. Sjálf segir Teri æfingarnar hafa góð áhrif á líkama sinn og er hæstánægð með þjálfunina. „Ég veit að þetta hljómar fyndið en þetta er gott fyrir vöðvana og er góð sjálfsstyrkingu. Þetta snýst ekki um að kveikja í manninum sínum heldur um að kveikja í sjálfri sér og að vera ánægð með líkama sinn,“ sagði Teri sem sýndi hvað hún hafði lært á námskeiðinu þegar hún kom fram hjá Jay Leno.



**OPRAH WINFREY** Var með þeim fyrstu sem kynntu þjálfunina fyrir almenningi.



**TERI HATCHER** Hún er hæstánægð með súludansræktina og segir hana gefa sér aukið sjálfstraust.




**Strandvörður sem strippar**

Aðalforsprakki súludansræktar er gamli strandvörðurinn Carmen Electra og kallar hún þjálfunina „Aerobic Striptease“ en hún hefur gefið út talsvert marga dvd-diska þar sem hún sýnir og kennir tæknina. Að sögn ungfrú Carmenar er aðalmarkmiðið með súludansræktinni að tóna líkamann eins og súludansara og þá er áherslan lögð á mjaðmir, læri og rass. Nema hvað. Einnig eru svokallaðir „headrolls“ eða höfuðsnúningar eins og súludansarar eru ekki svo óhrifnir af. Þá er kannski líka gott að vera með sítt og helst ljóst hár.

Upphitunin er dæmigerð upphitun dansara en hreyfingarnar sjálfar og rútínurnar eru heldur þokkafyllri. Einnig minnist Carmen á það að æfingarnar séu ekki einungis til að komast í þjálfun heldur einnig til að hrista upp í einkalífinu og gefa fólki meira sjálfstraust til að fara úr fötunum. Auk þess sem grunnatriði í kjöltudansi eru kennd og þá verða iðkendur „tilbúnir til að stríða innan skamms.“ („Ready to tease in no time…“)

Einhverjir hafa ef til vill velt því fyrir sér hvort við Íslendingar munum ekki gleypa við súludansræktinni eins og öllu öðru en ennþá hefur engin líkamsræktarstöð tekið upp á því að kenna þjálfunina.




**CARMEN ELECTRA** Hefur masterað tæknina og kallar hana Aerobic striptease.



**HAFDÍS JÓNSDÓTTIR** Hún segir það ólíklegt að súludansræktin myndi borga sig í World Class.

**Sennilega hin besta þjálfun**

„Þetta æði kom fyrst upp í Bandaríkjunum fyrir um fimm árum og það erum margir búnir að spyrja okkur hvort við hyggjumst taka þetta upp,“ segir Hafdís Jónsdóttir í World Class. „Ég hugsa að þetta myndi ekki ganga hjá okkur þar sem við erum einfaldlega ekki nógu mörg til þess að þetta myndi borga sig, ég held að áhuginn myndi ekki verða nógu mikill. Þetta er bara enn eitt formið af dans þolfimi og það er sko alveg nóg af því í boði.“

Aðspurð hvort hún hafi sjálf prófað súludansræktina segir hún: „Nei ég hef nú ekki farið í tíma en ég hef séð þetta. Í rauninni er þetta bara mjög líkt danstímum sem við bjóðum upp á og heita Dirty dancing en hún Unnur Pálmadóttir kennir þá. Þetta er eiginlega eins nema við erum ekki að fækka fötum í þeim tímum en mjaðmahnykkirnir og danssporin eru til staðar.“




**Í HÆL OG HNAKKA** Carmen Electra hefur gefið út DVD diska þar sem hún kennir fólki að koma sér í form á súlunni.

Að sögn Dísu gæti vel verið að súludansræktin sé hin besta þjálfun. „Allar æfingar þar sem fólk er að koma púlsinum upp í góðan æfingarpúls er er jákvætt og góð þjálfun. Ef við hefðum fullt af viðskiptavinum sem hefðu áhuga á þessu formi af líkamsrækt þá myndum við eflaust taka það til greina að bjóða upp á hana. En fyrir þá sem hafa gaman af því að dansa þá erum við með margt í boði.“



**KOLBRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR** „Ég held að ungar stúlkur hefðu alls ekki gott af því að byrja íþróttaferilinn í strippi.“

**Ekki fyrir Kramhúsið**

„Þetta er ekki eitthvað sem Kramhúsið kemur til með að gera,“ segir Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Kramhússins. „Ég sé í raun og veru ekki að nokkur alvöru líkamsræktarstöð muni vilja tengja sig við strippdans, þetta hefur það neikvæða merkingu. Það getur vel verið að þessi líkamsrækt sé góð en nafnið er þannig að fáir myndu fara að tengja heilbrigði og betra líf við þessa tegund dans. Þó svo að við séum opin fyrir nýjungum í Kramhúsinu þá sé ég okkur ekki taka þetta upp.“



**KRAMHÚSIÐ** Ráðamenn hjá Kramhúsinu hafa engan áhuga á þjálfuninni enda hefur dagskrá þeirra einkennst af mun metnaðargjarnari tímum.

**Alls ekki jákvætt**

„Ég hef séð þetta í sjónvarpinu og án efa er þetta ágætis þjálfun fyrir líkamann,“ segir Kolbrún Pálína Helgadóttir einkaþjálfari í Sporthúsinu. „En þessi strippbransi sem er tengdur við þessa þjálfun er alls ekki jákvæður. Ég held að ungar stúlkur hafi ekkert sérstaklega gott af því að byrja íþróttaferilinn í strippi,“ segir Kolbrún og er augljóslega ekkert of hrifin af þessari nýju dansgrein.

„Það er feykinóg af þróuðum íþróttagreinum og jógaíþróttun og ég veit allavega að ég myndi ekki senda dóttur mína í þetta. Líklega er verið að reyna á marga vöðva í líkamanum en ég hugsa að það sé hægt að fá þessa sömu þjálfun í ýmsum dansíþróttum. Það eru margar heldur ögrandi hreyfingar í þessari þjálfun og ég held að maður geti virkt konuna í sjálfri sér á annan og mun jákvæðari hátt. Ég held líka að þó svo að við séum mjög nýjungagjörn þjóð þá myndi þetta ekki verða vinsælt.“


Janúartilboð
Peach
Pappírstætari
Vörunúmer: 707ps500-02
Peach 1000x.
Krosstætir. 10 blöð og
22 lítra tunna.
7.990,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Peach
Plöstunarvél
Vörunúmer: 707PL702
Plöstunarvél PEACH A4
• Plastar 265 mm. breitt.
• Tvær hitarúllur.
• Sjálfvirkur hiti og hraði.
• Tilvalin fyrir heimilið eða skrifstofuna.
3.990,-
67% afsláttur!
ÓDÝRT
199,-
verð áður 595.-
Klemmubretti
Vörunúmer: 4152357
Tvöföld klemmubretti.
ÓTRÚLEGT VERÐ
Ljósritunar-pappír
Vörunúmer: 812103187
A4 - 500 blöð í pakka 80 g.
1 pakki
199,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Plastmöppur
Vörunúmer: 4051463
Kwik Clip með
glærri forsíðu.
9,- stk.
Skrifmappa
Vörunúmer: 305P007A124
Svört skrifmappa með rennilás
og hólfum fyrir nafnspjöld.
990,-
Aðeins
99 kr.
Blaðabakkar
Vörunúmer: 3501027
Han blaðabakkar.
Margir litir.
ÓDÝRT
25%
afsláttur af blek- og dufthylkjum
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
Karce borðreiknivél
Vörunúmer: 492d69csm-egi
1.990,-
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
sunnudaga 13-17
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
sunnudaga 12-16
Takk!
Office1 Superstore
Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is
Verð geta lækkað án fyrirvara
Tilboðin gilda í janúar 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| CHEAPER BY THE DOZEN 2 | kl. 4, 6 og 8 |
| HOSTEL | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| HOSTEL Í LÚXUS | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| BROTHERS GRIMM | kl. 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE FAMILY STONE | kl. 4 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5,20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA
HOSTEL kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
BROTHERS GRIMM kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA

Borgarbíó Akureyri SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| JUST FRIENDS | kl. 5 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| CHEAPER BY THE DOZEN 2 | kl. 6 og 8 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6, B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað








# Léttasta strokan

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**



**THE STROKES:**

FIRST IMPRESSIONS OF EARTH

**Niðurstaða:** „Þriðja breiðskífa The Strokes er ekkert sérstök. Hljómurinn örlítið of steríll fyrir svona skítuga sveit og lögin ekki eins sterk og áður."

Það er pressa á þessum piltum. Frá því að þeir heilluðu alla upp úr skónum með skotheldri frumraun sinni og lúkki sem Julian Casablancas hefur líklegast fengið „lánað" frá starfsmönnum pabba síns hefur stjarna þeirra bara risið. Það er auðvitað bara vegna þess að Casablancas virðist vera alveg sérlega hæfileikaríkur lagahöfundur, og sveitin þétt. Því hafa margir beðið eftir þessari plötu með eftirvæntingu, til þess að sjá hvort ríku pabbastrákarnir frá New York séu mögulega nægilega svalir til þess að leika sama leikinn þrisvar.

Það lítur ekki alveg út fyrir það. Að hlusta á þessa plötu er svolítið eins og að vera réttur bjór þegar þig þyrstir í vatn. Vissulega svalandi, en áfengisbragðið er rammt og svo finnur maður hvernig áfengið rennir sér óvelkomið inn í æðakerfið. Eftir á er maður eiginlega alveg jafn þyrstur í vatn.

Allt sem var ferskt við The Strokes er runnið af þeim. Búið að slípa hljóminn aðeins um of. Það sem var mest heillandi við sveitina fyrst, var hversu sveitt og skítug hún var. Núna heyrist það óþægilega mikið að hljóðfærin eru öll hljóðrituð hvert á sínum tíma, hvert í sínu herberginu með bestu míkrafónum í heimi. Fyrir vikið dregur þetta úr krafti laganna, jafnvel frábær lög eins og Vision of Division, ná ekki að framkalla gæsahúð. Á köflum hljómar Julian Casablancas hættulega mikið eins og leiðinlegur alkohólisti í sjálfsvorkunn. Sérstaklega í laginu On the Other Side. Vonandi viljandi gert, textinn var kannski saminn í kaldhæðniskasti á einhverri meðferðarstofnuninni?

The Strokes eru þó ekkert með buxurnar á hælunum. Það sem gerir plötu góða eru á endanum auðvitað lögin, en ekki útsetningarnar, og hér er slatti af ágætis lögum. Til dæmis opnunarlagið You Only Live Once, Heart In A Cage og lagið Electriccityscape þar sem trommuleikur Fab Moretti svipar skemmtilega til Sigtryggs Baldurssonar á tímum Kuklsins. Nú fá aðrir liðsmenn að koma örlítið að lagasmíðum og það færir vonandi sveitina enn betur saman.

Þetta er ekki slæm plata, fjarri því. En hún engu að síður slakasta afurð sveitarinnar og þar af leiðandi vonbrigði.

**Birgir Örn Steinarsson**






# Tilnefndur hönnuður ársins

Jamie Hewlett, teiknari hljómsveitarinnar Gorillaz, hefur verið tilnefndur sem hönnuður ársins í Bretlandi.

Þrír aðrir eru tilnefndir til verðlaunanna sem gefa um 2,7 milljónir króna í aðra hönd. Sigurvegarinn verður tilkynntur í maí en sýning með verkum hinna tilnefndu verður opnuð í London þann 4. mars. Hewlett stofnaði Gorillaz ásamt Damon Albarn og hefur sveitin notið mikilla vinsælda undanfarin ár. ■



**GORILLAZ** Teiknimyndahljómsveitin Gorillaz hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár

HÁDEGISBÍÓ — HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL:12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI — 3 BÍÓ — 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| JARHEAD | KL. 5.30-8-10.40 | B.I. 16 |
| JARHEAD VIP | KL. 8-10.40 | |
| RUMOR HAS IT | KL. 3.50-6-8.10-10.20 | |
| DOMINO | KL. 8-10.40 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 4-5-8.10 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 6-9.30 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 3.50 | |

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| DOMINO | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | KL. 8-10 | |
| DRAUMALANDIÐ | KL. 6 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| JARHEAD | KL. 8-10.15 | |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| DOMINO | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6-9 | |
| KING KONG | KL. 8 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

SAMBÍÓIN

## HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6 | |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.05 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6-9 | B.I. 10 |

| | |
|---|---|
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 5.30-10.10 |
| SANKTI ANGE - SAINT ANGE | KL. 8 |
| LEMMING - LÆMINGI | KL. 5.30-8 |
| DRAUMAHLUTVERKIÐ - LE ROLE DE SA VIE | KL. 10.30 |

Háskólabíó


# Þýsk danshljómsveit heldur tónleika á Nasa

Þýska danshljómsveitin Modeselector heldur tónleika hér á landi í kvöld. Sveitin þykir með þeim heitari í dansgeiranum um þessar mundir og hefur síðasta plata hennar, Hello Mom, fengið fyrirtaks viðtökur. Þykir Modeselector hafa stimplað sig inn sem eitt stærsta klúbbband Evrópu með plötunni. Hefur Thom Yorke, söngvari Radiohead, meðal annars sagst vera aðdáandi sveitarinnar. Modeselector var nýverið valin næstbesta tónleikasveitin af danstímaritinu Raveline. Lenti Gus Gus þar í fjórða sæti.

Auk Modeselector koma fram á Nasa Dr. Mister & Mr. Handsome, Ozy og Dj Knob. Húsið verður opnað klukkan eitt eftir miðnætti. Forsala fer fram í Smekkleysu og



**MODESELECTOR** Þýska danssveitin heldur tónleika á Nasa í kvöld. Búist er við miklu stuði.

Þrumunni og kostar miðinn þar 1000 krónur. Við dyrnar kostar miðinn 1500 krónur. ■



**PITT** Brad Pitt heldur á ættleiddu barni Angelinu Jolie, Zahöru.

# Jolie barnshafandi

Leikkonan Angelina Jolie er sögð hafa viðurkennt að eiga von á barni í sumar með leikaranum Brad Pitt. Þetta hefur tímaritið People eftir hjálparstarfsmanni í Dóminíska lýðveldinu sem mun hafa spurt Jolie hvort hún væri barnshafandi. Jolie er stödd þar í landi við upptökur á kvikmyndinni The Good Sheperd ásamt Matt Damon. Einn mánuður er síðan Jolie og Pitt sóttu til dómstóla um að Pitt fengi að ættleiða börn Jolie, Maddox og Zahöru. ■








**ARNOLD** Ríkisstjórinn og hasarmyndaleikarinn ætlar að endurnýja ökuskírteinið.

# Ökuskírteinið útrunnið

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur lofað því að endurnýja ökuskírteini sitt, en í ljós kom að það var útrunnið er hann lenti í árekstri á Harley-mótorhjólinu sínu á dögunum.

Skírteinið er ennþá í gildi í Evrópu en ekki í Bandaríkjunum þar sem hann hefur búið síðan 1968.

Sauma þurfti 15 spor í efri vör Schwarzeneggers eftir slysið, sem hann lenti í með syni sínum Patrick. Viðurlög við broti ríkisstjórans eru á bilinu sex til fimmtán þúsund krónur. ■

# Á toppinn í Bretlandi

Rokksveitin The Strokes frá New York náði toppsæti breska breiðskífulistans í fyrsta sinn með sinni þriðju plötu, First Impressions of Earth.

Sveitin hafði áður náð öðru sætinu tvívegis með plötunum Is This It? og Room on Fire. Plata James Blunt, Back to Bedlam, sem seldist mest allra í Bretlandi á síðasta ári, er í öðru sæti á listanum. Í þriðja sæti er platan Employment



**THE STROKES** Rokksveitin The Strokes er loksins komin á toppinn í Bretlandi.

með Kaiser Chiefs á sinni 44. viku á lista. ■









## Enginn þorir í Eggert

Eggert Magnússon ætlar að gefa kost á sér til endurkjörs sem formaður KSÍ á ársþingi sambandsins sem haldið verður í febrúar. Ekki er búist við mótframboði en kosið verður fyrir næstu tvö ár.

**sport**

sport@frettabladid.is

TROÐSLUKEPPNI STJÖRNULEIKS KKÍ: HELSTU TROÐARAR LANDSINS KEPPA

# *Stjörnustemning í Vesturbænum*

Það hefur ávallt fylgt stjörnuleiknum, hvort sem um er að ræða þann bandaríska eða íslenska, að troðslukeppnin er sú keppni sem beðið er eftir með hvað mestri eftirvæntingu. Næstkomandi laugardag verður hinn árlegi stjörnuleikur KKÍ og er nú ljóst hverjir taka þátt í troðslukeppninni.

Það verða þeir Omari Westley frá KR, Mario Myles frá Þór á Akureyri, Aj Moye frá Keflavík og Njarðvíkingurinn Egill Jónasson sem er eini íslendingurinn í hópnum. Aj Moye sagði í samtali við Fréttablaðið að hann eigi við smávægileg meiðsli að stríða en verði væntanlega með. „Ég býst fastlega við að taka þátt í troðslukeppninni og leiknum líka. Það er þó ekki alveg öruggt. Mér líst hins vegar mjög vel á þá sem keppa á móti mér í troðslukeppninni, sérstaklega Njarðvíkinginn Egil. Hann er mjög hávaxinn og það er oft sagt um of hávaxna leikmenn að þeir geti ekki troðið almennilega þar sem þá vanti ákveðna leikni. Ég er ekki alveg sammála því, allavega á það ekki við um Egil.

Mér finnst hann hafa sýnt að hann hefur ákveðna mýkt í sínum leik sem stóra menn vantar oft. Hann getur orðið góður leikmaður ef hann heldur áfram á sömu braut.“



Egill er spurður um hvernig hann sé stemmdur fyrir troðslukeppnina. Hann segist ekki hafa haft mikinn tíma til að undirbúa sig. „Ég vissi ekki af þessu fyrr en fyrir nokkrum dögum að mér var sagt að ég væri í keppninni. Það var nú bara hálfgert sjokk að vera valinn í þetta.“ Egill segist ætla að nota næstu daga til þess að æfa einhverjar troðslur fyrir laugardaginn. Segir Egill að erfitt verði að sigra þessa keppni. „Það verður strembið að vinna þetta. Þetta eru auðvitað allt gormar með mikinn stökkkraft. Það verður bara gaman að taka þátt í þessu“ segir Egill að lokum.

## > Fer að öllum líkindum til AZ

Fátt getur komið í veg fyrir að miðjumaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson gangi til liðs við AZ Alkmaar í Hollandi frá Leicester, hvort sem það verður á næstu dögum eða að loknu núverandi tímabili. Marcel Brands, yfirmaður knattspyrnumála hjá Alkmaar, segir að félagið hafi lengi fylgst með Jóhannesi. „Hann er mjög áhugaverður leikmaður. Við höfum ekki ennþá gert formlegt tilboð en það verður líklega gert,“ segir Brands. Jóhannes hefur staðið sig mjög vel á tímabilinu með Leicester og skorað sjö mörk í 31 leik á tímabilinu.





**KOBE BRYANT** Búinn að vera í ótrúlegu formi á þessari leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Kobe Bryant bætti ekki við metið sitt:

# Skoraði „aðeins“ 41 stig

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant var búinn að skora 45 stig eða meira í fjórum leikjum í röð og jafnaði þar með eldgamalt met Wilts Chamberlain. Hann náði ekki að bæta við það met þegar Lakers mætti Portland. Bryant skoraði „aðeins“ 41 stig í tapleik Lakers, 113-103.

„Kobe var alltaf að bíða eftir því að hitna almennilega en það gerðist ekki. Við reyndum að troða boltanum inn á hann og það skaðaði liðið,“ sagði Phil Jackson, þjálfari Lakers.

Bryant er búinn að skora yfir 40 stig í 11 leikjum í vetur en alls hefur hann spilað 51 leik þar sem hann hefur skorað yfir 40 stig. Það er næstmest af þeim mönnum sem eru að spila í dag en aðeins Allen Iverson á fleiri leiki með yfir 40 stig eða 67. Bryant er þar að auki búinn að skora yfir 50 stig í tveim leikjum í vetur en þann leik hefur hann alls leikið sjö sinnum á ferlinum.

**- hbg**

# Miller biðst afsökunar á ummælum sínum

**Skíðakappinn Bode Miller baðst í gær afsökunar á ummælum sínum í fréttaþættinum 60 mínútur þar sem hann játaði að hafa skíðað drukkinn. Hann neitaði síðan að svara spurningum blaðamanna.**

**SKÍÐI** Bandaríski skíðakappinn Bode Miller hélt blaðamannafund í gær þar sem hann baðst afsökunar á ummælum sínum í fréttaþættinum 60 mínútur en óhætt er að segja að hann hafi gert allt brjálað þegar hann játaði að hafa skíðað fullur og mætt til leiks í vafasömu ástandi oft á tíðum. Afsökunarbeiðnin kom eftir fund Millers og Bill Maroit, formanns skíðasambands Bandaríkjanna.

„Það sem skiptir mestu máli er að ég vil koma hreint fram og biðjast afsökunar. Sérstaklega vil ég biðja fjölskyldu mína og vini forláts sem hafa mátt þola mikið vegna ummæla minna,“ sagði Miller sem neitaði að svara spurningum blaðamanna eftir að hafa gefið frá sér þessa yfirlýsingu. Talið er líklegt að hann muni yfirgefa herbúðir bandaríska skíðalandsliðsins og keppa á eigin vegum.

Formaður Alþjóðaskíðasambandsins, Gian Franco Kasper, sagði að yfirlýsing Millers hefði komið sér á óvart en hún væri afar ánægjuleg enda hneykslaði Miller ansi marga með ummælum sínum í þættinum,

„Það er ekkert smá erfitt að skíða fullur, það er meira en að segja það. Að skíða svig undir áhrifum er beinlínis hættulegt og maður er í raun að leika sér að dauðanum að gera það. Þetta er eins og að keyra fullur fyrir utan að það eru engin lög sem banna að skíða fullur,“ sagði Miller meðal annars í viðtalinu við 60 mínútur og vildi í kjölfarið ekki útiloka að hann myndi endurtaka leikinn.

Miller keppir á heimsbikarmótinu um helgina og bíða menn spenntir eftir því hvernig hann kemur til með að standa sig.

Heyra mátti óánægjuraddir á fundinum með að hann skyldi ekki svara blaðamönnum og vilja sumir meina að lítil alvara sé á bak við afsökunarbeiðnina og Miller hafi ekki átt annarra kosta völ en að koma með þessa yfirlýsingu. Annars hefði hann misst alla sína styrktaraðila sem og að almenningur myndi snúa baki við honum.



**IÐRAST HANN?** Bode Mille baðst afsökunar á umdeildum ummælum í gær en margir draga alvarleika afsökunarbeiðninnar í efa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**henry@frettabladid.is**


SIAL HITABLÁSARAR

*Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar*





Margar stærðir og gerðir – hagstætt verð

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík

Sími 544 5470 · www.murbudin.is



DV

Steinhissa bóndi á Suðurlandi ákærður

Sagður aka um á bandarískum skriðdreka



Þorir þegar aðrir þegja!




**SVEN GÖRAN ERIKSSON** Vongóður um góðan árangur á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sven Göran Eriksson um möguleikana á HM:

# Englendingar geta komist langt í sumar

**FÓTBOLTI** Sven Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, er nokkuð bjartsýnn á gengi liðsins fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fer fram í Þýskalandi næsta sumar. Eriksson, sem er fyrrum þjálfari Benfica og Sampdoria, kom Englandi í fjórðungsúrslit á heimsmeistaramótinu í Japan og Suður-Kóreu fyrir tæplega fjórum árum. Telur hann að hægt sé að ná lengra í þetta sinn. „Við höfum mun meiri reynslu, við erum tæknilega mun betri en þeir og leikmennirnir eru á réttum aldri. Margir þeirra hafa spilað áður á HM og einnig á Evrópumeistaramótum.

Sjálfstraustið er mun meira nú en áður og leikmennirnir vita að þeir geta sigrað hvaða þjóð sem er. Ég er því mjög bjartsýnn á að við náum góðum árangri á mótinu,“ segir Eriksson, sem hefur greinilega mikið sjálfstraust þessa dagana.

**- toh**



**EINN TIL VIÐBÓTAR** Ferguson opnar líklega budduna einu sinni enn í janúar

Alex Ferguson:

## Mögulega einn til viðbótar

**FÓTBOLTI** Alex Ferguson, stjóri Man. United, hefur ekki útilokað þann möguleika að bæta þriðja leikmanninum við hóp sinn í leikmannaglugganum nú í janúar. Ferguson hefur þegar eytt um 12 milljónum punda í varnarmennina Patrice Evra og Nemanja Vidic og var fastlega búist við því að ekki yrðu fleiri keyptir til félagsins nú í janúar. „Það er möguleiki að við náum í einn í viðbót. Ég er mjög ánægður með kaupin á Patrice og Nemanja. Þeir eru frábærir leikmenn og styrkja okkar hóp mikið. Kannski verður einn keyptur í viðbót, það er þó ekki alveg öruggt“ sagði Ferguson. - toh

Manuel Almunia:

## Lehmann er leiðindagaur

**FÓTBOLTI** Manuel Almunia, varamarkvörður Arsenal, hefur komið fram og sagt að aðalmarkvörður liðsins, Jens Lehmann, hugsi bara um sjálfan. „Samband mitt við Lehmann er eins og hefur verið síðan hann kom hingað, það er ekkert samband. Ég er frekar opinn og vingjarnlegur en hann er mjög kaldur og lokaður. Maður hittir alls kyns fólk í lífinu, bæði opnar og lokaðar manneskjur. Jens er svo sannarlega mjög lokaður og hleypir engum að sér.“ - toh

Michael Shumacher neitar að útiloka að hann yfirgefi Ferrari-liðið eftir næsta keppnistímabil:

# Fer Schumacher frá Ferrari eða leggur hann hreinlega stýrið á hilluna?

**FORMÚLA-1** Hinn sjöfaldi heimsmeistari í Formúlu-1, Þjóðverjinn Michael Schumacher, hefur ekki útilokað þann möguleika að keyra fyrir annað lið árið 2007. Hann mun ákveða um miðbik næsta tímabils hvort hann setjist í helgan stein eftir næsta keppnistímabil. „Ef ég held áfram eftir árið 2006 eru 99% líkur á það verði með Ferrari. Hins vegar er ekkert öruggt í þessu og það er alltaf spurning um þetta eina prósent.“ Schumacher segist ætla að byggja ákvörðun sína á því hvort að Ferrari-liðið verði samkeppnishæft við hin liðin. „Það þarf ekki að þýða að við vinnum heimsmeistaratitilinn, en við verðum hins vegar að vera í þeirri aðstöðu að eiga möguleika á annað borð.“ Eftir vonbrigði seinasta keppnistímabils er Schumacher nokkuð bjartsýnn eftir að tilraunir í Bahrein á nýja bílnum gáfu góða raun. „ Við virðumst vera á réttu róli og erum bara nokkuð hraðir miðað við aðstæður og tíma. Við höfum verið í miklum prófunum núna yfir veturinn og hlutirnir hafa batnað töluvert frá því í fyrra.“ Samningur Schumachers við Ferrari rennur út í lok þessa árs. Þegar þetta keppnistímabil hefst er hann elsti ökumaður í Formúlu-1, 37 ára gamall. Hann vann einungis eina keppni á seinasta ári, Grand-prix mótið í Bandaríkjunum, þar sem einungis voru 6 bílar á ráspól vegna deilna við dekkjaframleiðendur. Schumacher lauk tímabilinu í þriðja sæti á stigalistanum, langt á eftir meistaranum Fernando Alonso og Kimi Raikkonen sem varð í öðru sæti. Þetta var því ár vonbrigða fyrir mann sem sem hefur unnið 84 mót á ferlinum og vann fimm heimsmeistaratitla í röð á árunum 2000 til 2004. „Ég gerði mig sekan um nokkur mistök og nokkrir hlutir virkuðu ekki eins og best verður á kosið. Þessi vonbrigði gerðu að verkum að menn vöknuðu af værum blundi. Það er þó auðvitað eðlilegt að menn verði örlítið kærulausir eftir að hafa unnið fimm ár í röð.“ Mótorhjólakappinn Valentino Rossi hefur verið nefndur sem mögulegur eftirmaður Schumacher hjá Ferrari-liðinu. Hefur hann þegar reynsluekið bíl frá Ferrari þrisvar sinnum, nú nýverið í nóvember síðastliðnum, með góðum árangri. Að mati Schumacher gæti mótorhjólakappinn auðveldlega keyrt í Formúlu-1. „Ég er nokkuð viss um að hann gæti skipt yfir í formúluna ef hann vildi. Þetta er einfaldlega spurning hvort hann vill það eða ekki.“ Hins vegar er Schumacher sjálfur ákveðinn í því að standa sig á næstkomadi tímbaili. „Við ætlum okkur að reyna að gera vel í ár, allavega betur en á síðasta ári.“ - toh



**MICHAEL SCHUMACHER** Ætlar að gera betur heldur en í fyrra NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

10 11 12 **13** 14 15 16

**Föstudagur**

**SJÓNVARP**

- 10.30 **Heimsbikarkeppnin á skíðum** á Rúv. Bein útsending frá bruni kvenna í Austurríki.
- 18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn. Frábær þáttur sem á fáa sína líka.
- 19.00 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 20.00 **Motorworld** á Sýn.
- 20.30 **Supercross** á Sýn.
- 21.30 **HM í póker** á Sýn.
- 23.00 **NBA** á Sýn. Leikur LA Lakers og Cleveland Cavaliers.




Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn

GARÐHEIMAR
Söluaðili:
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is


# Eins marks sigur á Noregi

**Íslenska landsliðið í handbolta lagði það norska í æfingaleik ytra í gær, 31-30. Íslenska liðið átti á brattann að sækja allt þar til um tíu mínútur voru eftir. Þá komst liðið yfir í fyrsta sinn og náði að halda forystunni út leikinn.**

**HANDBOLTI** Leikmenn íslenska liðsins sýndu mikinn karakter með því að koma til baka þegar rúmar fimm mínútur voru eftir af leiknum og náðu að snúa honum sér í vil eftir að hafa lent mest þremur mörkum undir í upphafi síðari hálfleiks. Þá skoraði íslenska liðið þrjú mörk í röð og breytti stöðunni úr 26-25 í 26-28.

„Við vorum að elta þá nánast allan leikinn en allt í einu hrökk markvarslan í gang og það reyndist vendipunkturinn í leiknum," sagði landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson við Fréttablaðið í gærkvöld. Birkir Ívar Guðmundsson stóð vaktina í markinu í fyrri hálfleik og náði sér ekki almennilega á strik. Hreiðar Guðmundsson var lítt skárri í upphafi þess síðari og það var ekki fyrr en Birkir Ívar kom aftur inn á að hann fór að verja eins og hann á að sér og átti á endanum stóran þátt í sigrinum.

Viggó kvaðst ekki sáttur við sóknarleik íslenska liðsins í fyrri hálfleik en hann hóf leikinn með Snorra Stein Guðjónsson á miðjunni fyrir utan Ólaf Stefánsson og Arnór Atlason honum við hlið. „Það var ekki nægilega gott flæði í sókninni hjá okkur og menn virkuðu þreyttir. Það er kannski skiljanlegt þar sem æfingaálagið hefur verið mikið," sagði Viggó.

Íslenska liðið stillti upp í tvö afbrigði af 5-1 vörn allan leikinn með Guðjón Val Sigurðsson sem fremsta mann og lengst af var hún nokkuð gloppótt. Íslenska liðið réð ekkert við Frank Løke, línumann Norðmanna, en hann skoraði 11 mörk og fiskaði fimm vítaskot og snerist sóknarleikur heimamanna algjörlega í kringum hann. Íslenska liðið fékk margar brottvísanir í leiknum sem að sögn Viggó tóku sinn toll en hann kvaðst sáttur með sigur í þessum fyrsta æfingaleik íslenska liðsins síðan lokaundirbúningurinn fyrir EM hófst. „Við lékum langt undir getu en ég get ekki verið annað en ánægður með sigur á Norðmönnum á útivelli."



**ARNÓR ATLASON** Miðað við frammistöðu hans í gær á Jaliesky Garcia ekki greiða leið inn í liðið verði hann leikfær fyrir EM. Arnór skoraði sex mörk og var besti maður íslenska liðsins.

Arnór Atlason nýtti tækifærið í skyttustöðunni vinstra megin mjög vel og var besti maður íslenska liðsins. Hann skoraði skoraði sex mörk í öllum regnbogans litum auk þess að eiga fjölda línusendinga. „Arnór átti glimrandi leik," sagði Viggó. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði einnig sex mörk en Einar Hólmgeirsson kom næstur með fimm. Það átti Sigurður Eggertsson mjög góðar innkomur þegar íslenska liðið lenti manni undir, skoraði eitt mark og fiskaði tvö vítaköst á skömmum tíma.

**vignir@frettabladid.is**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Vináttuleikur í handbolta:*

| | |
|---|---|
| NOREGUR-ÍSLAND | 30-31 |

**Mörk Íslands**: Arnór Atlason 6, Guðjón Valur Sigurðsson 6, Einar Hólmgeirsson 5, Ólafur Stefánsson 4, Róbert Gunnarsson 4, Alexander Petterson 3, Snorri Steinn Guðjónsson 2, Sigurður Eggertsson 1.

*Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-HAMAR/SELFOSS | 88-77 |



**HARRY REDKNAPP** Hefur rýmri fjárráð en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Harry Redknapp:

## Kaupir þrjá frá Tottenham

**FÓTBOLTI** Harry Redknapp, þjálfari Portsmouth, hefur tekið upp veskið og fjárfest í þremur leikmönnum Tottenham. Þetta eru þeir Pedro Mendes, Sean Davis og Noe Pamarot. Kaupverðið á þeim öllum til samans er talið vera um sjö milljónir punda.

Ljóst er að þessar fjárfestingar hefðu ekki átt sér stað nema fyrir yfirtöku rússneska auðjöfursins Alexandre Gaydamak. Mendes, Davis og Pamarot hafa allir átt erfitt uppdráttar hjá Tottenham á þessu tímabili. Líklegt þykir að Martin Jol, stjóri Tottenham, noti féð sem fékkst fyrir leikmennina til að reyna að kaupa framherjann Vincenzo Iaquinta frá Udinese. **- toh**

Walter Pandiani:

## Fer til Espanyol

**FÓTBOLTI** Spænska liðið Espanyol hefur komist að samkomulagi við Bimingham um kaup á Walter Pandiani. Mun kaupverðið vera um 1 milljón punda. Hinn 29 ára gamli Urugvæi neitaði boði frá Mallorca til að geta gengið til liðs við Espanyol.

Steve Bruce, stjóri Birmingham, mun líklega nota peningana sem fást fyrir Pandiani til að kaupa framherja Charlton, Jason Euell. Pandiani lék 35 leiki fyrir Birmingham og skoraði í þeim 6 mörk. ■








**DANIEL AGGER** Getur komist í liðið fljótlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Evrópumeistara Liverpool:

## Hefur mikla trú á Agger

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez, þjálfari Liverpool, telur hinn nýja liðsmann, Daniel Agger, vel geta barist við þá Sami Hypia og Jamie Carragher um sæti í byrjunarliði Liverpool.

Agger er við það að skrifa undir samning við þá rauðu eftir að hafa gengist undir læknisskoðun í dag. „Ég get ekki sagt að hann sé mjög aggressívur leikmaður. Hann er hins vegar mjög klár og staðsetningar hans eru mjög góðar. Hann hefur mjög góða tilfinningu fyrir leiknum og les hann mjög vel. Auðvitað eru atriði sem hann þarf að bæta en hann er enn ungur og hefur tíma til þess að bæta sig. Hann verður mögulega í liðinu eftir stuttan tíma" segir Benitez. **- toh**

Glen Johnson, hinn efnilegi en gleymdi bakvörður Chelsea:

## Til athugunar hjá Lyon

**FÓTBOLTI** Frönsku meistararnir í Lyon hafa staðfest áhuga sinn á enska bakverðinum Glen Johnson sem á víst sæti í stúkunni á Stamford Bidge um þessar mundir. Johnson hefur nánast ekkert fengið að spila fyrir Chelsea á þessari leiktíð og virðist ekki vera inni í myndinni hjá Jose Mourinho, stjóra liðsins.

Fari hann til Lyon gæti það aukið líkur á því að kappinn komist í leikmannahóp Englendinga fyrir Heimsmeistaramótið í Þýskalandi næsta sumar. Forseti Lyon, Jean-Michel Aulas, sagði í vikunni að Johnson væri einn af þeim leikmönnum sem þeir væru að spá í. „Það er ekki einungis undir okkur komið, Chelsea verður líka að vera viljugt að selja hann.". ■



**GLEN JOHNSON** Gæti verið á förum frá Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



HEIMURINN Á HÚSAVÍKUR Jógúrt MARGT ÓLÆRT

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Well, what if there is no tomorrow? There wasn't one today.“**

**Svar:**
Phil úr kvikmyndinni Groundhog Day árið 1993.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteinn Sigurðsson varð dálítið stúrinn þegar sjónvarpið hans dó

# Veröld sem var

Sjónvarpið mitt dó á mánudaginn. Þetta gerðist skjótt og fyrirvaralaust; það var ýtt á takkann, það kom ljós, ljósið slokknaði og væmin reykjarlykt sem minnti dálítið á lykt af sprungnum hvellettum fylgdi í kjölfarið. Þar sem ég hef séð marga þætti af Bráðavaktinni greip ég til óspilltra mála við sjónvarpshjartahnoð, það er að segja að hamast á takkanum í von um að það tæki við sér. Allt kom fyrir ekki. „Þetta þýðir ekki, það er dautt,“ sagði brúnaþungur ungur maður við mig og dæsti.

Þar sem ég hef leyft mér að tuða ötullega yfir því sem mér finnst vera bág sjónvarpssdagskrá, játa ég með semingi að ég saknaði sjónvarpsins meira en ég átti von á til að byrja með; mér þótti heldur verra að hafa misst af seinni CSI þættinum sem Quentin Tarantino leikstýrði, mér fannst leitt að sjá ekki Extras á miðvikudagskvöld og sjálfsagt myndi ég sýta heilmargt fleira ef ég vissi að ég hefði misst af því. „Guð veit hvað ég gæti verið að horfa á núna,“ hugsaði ég stundum með mér.

En fátt er slæmt að ekki boði nokkuð gott og ég hef sem betur fer getað leitað á náðir útvarpsins til að fylla upp í tómið. Það er ágætt að geta hlustað á masið á NFS, í hófi að minnsta kosti en hið ágæta starfsfólk þar kemst þó ekki með hælana þar sem menningarspírurnar í Víðsjá hafa hælana. Það leikur enginn vafi á því að Eiríkur Guðmundsson (sem loksins er kominn aftur eftir frí), Guðni Tómasson, Jórunn Sigurðardóttir og Haukur Ingvarsson eru besta útvarpsteymi landsins; hvert um sig býr yfir eigin stíl en öll hafa þau til að bera fágæta frásagnargleði sem smitar út frá sér. Þau gætu ábyggilega látið kæfisvefn hljóma spennandi en það sem kannski meira er að þau hafa gert það verkum að mér finnst það ekki svo aðkallandi að fjárfesta í nýju sjónvarpi. ■



**SJÓNVARP** Mitt var ekki alveg svona gamalt.



▶ 20.10 *Börn*

LATIBÆR



▶ 20.30 *Raunveruleiki*

IDOL – STJÖRNULEIT 3



▶ 21.00 *Lífsstíll*

SPLASH TV 2006



▶ 22.00 *Gaman*

THE GRUBBS



▶ 20.30 *Bílar*

WORLD SUPERCROSS GP 2005-06

## SJÓNVARPIÐ

**10.30** Heimsbikarkeppnin á skíðum

**12.30** Hlé **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (20:26) **18.25** Villt dýr (16:26)

**18.30** **Dalabræður (2:12)** Norsk þáttaröð.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.10** **Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
**20.40** **Í háloftunum** (Sky High) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1990 um tvo sveitastráka sem erfa gamla tvíþekju og fá virtan flugkappa til að kenna sér að fljúga.
**22.15** **Torrente – Verkefni í Marbella** (Torrente 2: Misión en Marbella) Spænsk bíómynd frá 2001 um einkaspæjarann Torrente í Marbella. Leikstjóri er Santiago Segura og hann leikur jafnframt aðalhlutverk.

**23.50** Í hefndarhug (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The Comeback **13.30** Joey **13.55** Entourage **14.20** Curb Your Enthusiasm **14.50** Night Court **15.15** The Apprentice **16.00** Shin Chan **16.20** Beyblade **16.45** Skrímslaspilið **17.10** Simpsons **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**20.00** **Simpsons 16 (1:21)**
▶ **20.30** **Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó/NASA – Dómaraval. Seinni hópur) Hin eiginlegu 35 manna úrslit eru að baki og 10 komnir áfram í úrslitin í Smáralindinni. Glöggir vita að þar keppa jafnan 12 manns til úrslita. 14 söngvarar fá annað tækifæri til að komast áfram úr 35 manna hópnum.
**21.25** **Punk'd (7:16)**
**21.55** **Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó/NASA – Atkvæðagreiðsla um dómaraval, seinni hóp)
**22.20** **Listen Up (12:22)**
**22.45** **Blue Collar TV (21:32)** (Grínsmiðjan)(Fashion)

**23.10** Firestorm (Str. b. börnum) **0.35** The Sum of All Fears (B. börnum) **2.35** The Man Who Wasn't There (Str. b.börnum) **4.25** Simpsons 16 **4.50** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Friends 6 (6:24) (e)**
**19.30** **Idol extra 2005/2006**
**20.00** **Sirkus RVK (11:30)** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**20.30** **Party at the Palms (8:12)** Playboyfyrirsætan Jenny McCarthy fer með áhorfendur út á lífið í Las Vegas. Bönnuð börnum.
▶ **21.00** **Splash TV 2006**
**21.30** **HEX (15:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Bönnuð börnum.
**22.15** **Girls Next Door (11:15)** (Grape Expectations) .Bönnuð börnum.
**22.40** **Laguna Beach (4:17)**

**23.05** The Newlyweds (30:30) **23.30** Sirkus RVK (11:30)

## SKJÁREINN

**17.30** Cheers – 10. þáttaröð **17.55** Upphitun **18.20** Australia's Next Top Model (e)

**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **The King of Queens (e)**
**20.00** **Charmed**
**20.45** **Stargate SG-1** SG-1 skoðar plánetu sem er skipt í ljós og myrkur.
**21.30** **Complete Savages – lokaþáttur** Nick og Jimmy erfa peninga eftir frænda sinn og ákveða að nota þá til að kaupa heitan pott í garðinn.
▶ **22.00** **The Grubbs – lokaþáttur** Í Grubb-fjölskyldunni eru eintómir minnipokamenn, margar kynslóðir aftur í tímann. Faðirinn, Mike, mjólkar örorkubætur út á gömul bakmeiðsli og nýtur aðstoðar eiginkonunnar Rosie, sem óttast ekkert meira en breytingar.
**22.30** **Ripley's Believe it or not!**

**23.15** Hearts of Gold (e) **0.05** Law & Order: Trial by Jury (e) **0.50** House (e) **1.40** Sex Inspectors (e) **2.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.00** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06)
**19.00** **Gillette-sportpakkinn**
**19.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
**20.00** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.
▶ **20.30** **World Supercross GP 2005-06** (Angel Stadium Of anaheim) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum.
**21.30** **World Poker** (Heimsmeistarakeppnin í Póker)

**23.00** NBA 2005/2006 – Regular Season

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.10** Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum) **8.00** Brown Sugar **10.00** Marine Life **12.00** Fíaskó **14.00** Brown Sugar **16.00** Marine Life **18.00** Fíaskó **20.00** **Wakin' Up in Reno** (Helgarferð til Reno) Bönnuð börnum. **22.00** **The Salton Sea** (Stefnt á botninn) S. Danny Parker sér ekkert nema svartnætti eftir að elskuleg eiginkona hans er myrt. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** National Security (Bönnuð börnum) **2.00** Born Romantic (Bönnuð börnum) **4.00** The Salton Sea (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Most Shocking Moments in... **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Most Shocking Moments in... **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Supermodels Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**19.30** **Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.00** **Newcastle – Charlton frá 28.12** Leikur sem fór fram miðvikudaginn 28. desember sl.

**23.00** Upphitun (e) **23.30** Blackburn – Sunderland frá 28.12 **1.30** Dagskrárlok



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Idol stjörnuleit — Stöð 2 kl. 20.30

### *Síðari dómaravalsþátturinn*

*Sigga, Einar, Palli og Bubbi fara á kostum sem dómarar.*



Í kvöld heldur Idol-Stjörnuleitin áfram. Ellefu eru komnir í úrslit. Aðeins eitt sæti er eftir í Smáralindina og nú gefur dómnefndin 14 keppendum sem féllu úr leik í 35 manna úrslitum annað tækifæri til að sanna sig í dómaravalsþætti kvöldsins. Aðeins einn kemst áfram í kvöld og er það á valdi áhorfendanna hver það verður. Nú þegar eru þau Eiríkur Hafdal, Ragnheiður Sara, Bríet Sunna, Ingó, Tinna Björk, Angela, Ína Valgerður, Magga, Alexander Aron, Snorri og Guðrún Lára komin áfram í Smáralindina. Hver ætli standi upp úr í kvöld, heilli þjóðina upp úr skónum og hreppi síðasta sætið í Smáralindina? Næsta föstudag verður upprifjun um keppendurna sem komnir eru í úrslit sem hefjast föstudaginn 27. janúar.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Í leit að glötuðum tíma **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Gettu Betur **21.00** Tónlist að hætti hússins

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**21.10** *Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Sögur af fólki – með Helgu Völu**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Alpine Skiing: World Cup Wengen Switzerland **13.15** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **14.45** Skeleton: World Cup Königssee **15.45** Ski Jumping: FIS Ski-flying World Championships Kulm / Bad Mitterndorf **17.30** Football: Top 24 Clubs **18.00** Darts: World Championship Lakeside United Kingdom **19.00** Bobsleigh: World Cup Königssee **19.30** Bobsleigh: World Cup Königssee **20.30** TNA Wrestling: USA **21.00** TNA Wrestling: USA **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.00** Xtreme Sports: LG Action Sports **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

**BBC PRIME**

**12.00** Porridge **12.30** The Good Life **13.00** Monarch of the Glen **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** The Really Wild Show **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** Maria Callas: A Big Destiny **20.00** Little Britain **20.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.00** Red Dwarf **21.30** Blackadder Goes Forth **22.00** Earth Ride **23.00** Cutting It **0.00** Battlefield Britain **1.00** Around the World in 80 Treasures **2.00** Spanish Journey

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Hunter Hunted **14.00** Megastructures **15.00** Hunter Hunted **16.00** Predators At War **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Explorations **18.30** Storm Stories **19.00** Polar Bear Alcatraz **20.00** Megastructures **21.00** Hunter Hunted **22.00** Murder Dolls **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Hunter Hunted **1.00** Explorations **1.30** Storm Stories

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Gods and Demons **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Nightmares of Nature **19.30** Big Cat Diary **20.00** Britain's Worst Pet **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Nightmares of Nature **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Britain's Worst Pet **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** Wheeler Dealers **13.30** Wheeler Dealers **14.00** Building the Ultimate **14.30** Building the Ultimate **15.00** Massive Machines **15.30** Massive Engines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Thunder Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Firehouse USA **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Hitler's Women




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



## HRÓSIÐ

*...fær Vernharð Þorleifsson fyrir að fá styrk úr Kvikmyndasjóði en hann er að skrifa handrit að gamanþætti.*

# Helgin okkar...

**Morgunverðurinn:** Bláberjasmoothie með hörfræolíu hjá Maður Lifandi. Vítamínbomba í skammdeginu.




**Geisladiskurinn:** Rosie Kennedy með Benjamin Biolay. Þetta er hinn nýi Gainsbourg. Viðkvæmt, smart og fallegt.

**Hádegisverður:** Léttsteikt langa á 101 hotel. Algjör fullkomnun.

**Kaffihúsið:** Kaffi Babalú á Skólavörðustíg. Pínulítið og sætt, með frábærar „crépes" og þú getur valið eigin tónlist á jukeboxinu.

**Líkamsræktin:** Dragðu fram sleðann eða skíðin og finndu hvaða brekku sem er. Uppgötvaðu barnið í sjálfum þér.



**Tónleikarnir:** Rokkabillí er hressandi og loksins eru allir farnir að uppgötva það. Kíktu í Smekkleysubúðina kl. 15 á laugardag og hlustaðu.

**Kokkteillinn:** Caipiroshka á b5 klikkar ekki. Innréttingarnar eru líka mjög shaken, not stirred.

**Rétturinn:** Búðu til matarmiklar grænmetissúpur fyrir vetrarkuldann. Smá kókosmjólk út í er enn betra.

**Kvöldverðurinn:** Ostrur og kampavín á Vín og Skel, Laugavegi. Það gerist ekki unaðslegra.

**Geisladiskur 2:** Fjárfestu í jóga-dvd og gerðu æfingar á kvöldin í staðinn fyrir að glápa á drasl í sjónvarpinu.





**LÁRÉTT** **2** létu **6** kusk **8** út af fyrir sig **9** bókstafur **11** tveir eins **12** slagorð **14** urga **16** til **17** enþá **18** æðri vera **20** tveir eins **21** ögn.

**LÓÐRÉTT** **1** munnvatn **3** löng og lág hæð **4** peningagræðgi **5** sarg **7** ljótur **10** framkoma **13** gerast **15** sál **16** siða **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gáfu, **6** ló, **8** sér, **9** eff, **11** gg, **12** frasi, **14** ískra, **16** að, **17** enn, **18** guð, **20** dd, **21** arða. **LÓÐRÉTT:** **1** slef, **3** ás, **4** fégirnd, **5** urg, **7** ófriður, **10** fas, **13** ske, **15** anda, **16** aga, **19** ðð.








**BUBBI MORTHENS** Hefur samið lag um atburði síðustu daga og frumflutti það í morgunþætti Guðna Más Henningssonar á Rás 2. FRÉTTABLAÐIÐ / PÁLL

BUBBI MORTHENS: SANNLEIKURINN ER MEIRA EN HIÐ PRENTAÐA ORÐ

# Sendir DV tóninn í nýju lagi

„Tökum þennan kauða, dæmum hann til dauða, forsíðuna auða viljum ekki í dag," söng Bubbi Morthens í morgunþætti Guðna Más Henningssonar á Rás 2 í morgun. Það telst alltaf til tíðinda þegar Bubbi kveður sér hljóðs með nýju lagi og engan þarf að undra umfjöllunarefnið en það er ritstjórnarstefna DV sem hefur mikið verið til umræðu síðustu daga. Bubbi hefur aldrei legið á sínum skoðunum um menn og málefni og lagið er engin undantekning. Hann segist hafa samið það í gærnótt eftir Kastljósþátt Ríkissjónvarpsins þar sem meðal annars voru viðtöl við ritstjóra DV.

Í laginu veltir Bubbi fyrir sér atburðum síðustu daga og notar sömu hugmyndafræði og á bak við lagið vinsæla Lög & regla þar sem lögreglustjórinn vísar frá sér ábyrgð þar sem hann hafi verið að æfa lögreglukórinn. „Þetta er mín leið til að láta rödd mína heyrast," sagði Bubbi þegar Fréttablaðið hafði tali af honum. „Þetta er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem ég syng um hvernig megi misnota frelsi fjölmiðla," bætir hann við. Bubbi kveður sterkt að orði í þessu nýja lagi og telur meðal annars að hvorki lesendur, eigendur, auglýsendur né ritstjórar geti skotið sér undan ábyrgð. „Ekki benda á mig, segir ritstjórinn. Ég skrifa bara sannleikann, það er það eina sem ég kann," söng Bubbi í gærmorgun og augljóst var að honum lá mikið á hjarta. „Þegar menn eru farnir að boða að þeir hafi fundið upp sannleikann gætum við þess vegna farið að brenna fólk á báli í nafni hans," útskýrir Bubbi en hann segist ekki lesa blaðið eftir að hafa lent upp á kant við menn þar að eigin sögn. Bubbi áréttar hins vegar að hann sé ekki andsnúinn „gulu pressunni". „Ég er hins vegar á móti þessari stefnu sem er orðin að fjölmiðlaútgáfu af spænska rannsóknarréttinum," segir hann. „Ég vil ekki að það sé kveikt í blaðinu heldur að það sé tekið til gagngerrar endurskoðunar."

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sjálfstæðismenn í Garðabæ halda prófkjör vegna komandi bæjarstjórnarkosninga á laugardaginn. Þetta er í fyrsta skipti frá árinu 1978 sem sjálfstæðismenn í bænum nota prófkjör til uppstillingar á lista og að þessu sinni bítast þrír frambjóðendur um fyrsta sætið. Erling Ásgeirsson þykir þeirra sigurstranglegastur en hann er formaður bæjarráðs og skipaði 2. sætið fyrir síðustu kosningar. Páll Hilmarsson bæjarfulltrúi og Ingibjörg Hauksdóttir gera þó einnig tilkall til leiðtogasætisins en Ingibjörg þykir ekki líkleg til þess að blanda sér af alvöru í baráttuna um efsta sætið.



Staða Erlings þykir ekki síst sterk þar sem hann býr yfir langri reynslu af bæjarmálum í Garðabæ en Páll hefur aðeins verið bæjarfulltrúi í þrjú ár. Þá er Erling eindreginn stuðningsmaður Gunnars Einarssonar bæjarstjóra sem tók við af Ásdísi Höllu Bragadóttur þegar hún varð forstjóri Byko. Staða sjálfstæðismanna í bænum þykir blómleg en þeir eru með fjóra bæjarfulltrúa af sjö og hafa stjórnað bænum frá upphafi. Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin hafa sameiginlegt framboð en flokkarnir hafa nú fyrir þremur bæjarfulltrúum að ráða. Það er þó óvíst að sameiginlegt framboð dugi til að snúa stöðunni við og kunnugir telja að það komi í hlut Erlings að leiða Sjálfstæðisflokkinn til sigurs í vor og að Gunnar Einarsson verði áfram við stjórnvölinn sem bæjarstjóri.



Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu var óvíst um framhald Spurningakeppni Grand Rokks, Drekktu betur, eftir eigendaskipti barsins nú í mánuðinum. Keppnin er fastur punktur í tilveru margra, sem voru að vonum uggandi yfir þróun mála. Þeir geta hins vegar varpað öndinni léttar því á föstudag tilkynnti Kristinn Kristjánsson, einn af umsjónarmönnum keppninnar, að samkomulag hefði náðst við nýja eigendur um að halda keppninni áfram á sama stað. Kristinn, sem sjálfur var spyrill þetta kvöld, var að vonum kampakátur yfir að framtíð keppninnar væri borgið og fór ekki á milli mála að þungu fargi var af honum létt.


SÚR HVALUR
OG RENGI
HARÐFISKUR
OG HÁKARL




Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.


# Vaknaðir af værum blundi

Hið meinta „rokkabilliband" Langi Seli og Skuggarnir hafa að undanförnu verið sveittir við æfingar en hljómsveitin var mjög vinsæl í lok níunda áratugarins og í upphafi þess tíunda. Fyrir rúmum tólf árum lagðist sveitin þó í dvala en hefur nú sagt vaknað af værum blundi og hyggur á plötuútgáfu.

Kormákur Geirharðsson, trommuleikari sveitarinnar, staðfesti að sveitin væri á leið í hljóðver. „Við erum að æfa á fullu núna og ætlum í hljóðver í næstu viku," sagði hann og sagði þá hljómplötu verða mjög hráa, tekna upp yfir eina helgi. Ástæðan fyrir endurkomunni segir hann vera að þeir hafi átt töluverðan fjölda af lögum sem hljómsveitameðlimir hafi viljað taka upp. „Við reyndum fyrir ári að koma saman en þá voru allir uppteknir. Nú gengu öll tímaplön upp."



**LANGI SELI OG SKUGGARNIR** Eftir rúmlegan áratug í dvala hefur sveitin loksins hafið æfingar og hyggur á plötuútgáfu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ / RS

Langi Seli og Skuggarnir gáfu á sínum tíma út tvær tólf tommur og síðar einn geisladisk sem innihélt þær tvær auk nokkura annarra laga en sveitin lagði síðan niður störf eftir mikið puð í nokkur ár. „Við ætluðum á sínum tíma að gefa út mjög einfalda og hráa hljómplötu en duttum niður í ársverkefni. Við neyddumst til að spila mjög mikið svo hægt yrði að borga brúsann en hún drap allan sköpunarkraftinn. Pásan var því kærkomin á sínum tíma," segir Kormákur og bætir því jafnframt við að það sé algengur misskilningur að Langi Seli og Skuggarni hafi verið rokkabillý band. „Við náðum því aldrei þeim hæðum en á nýju plötunni verður eitt rokkabillilag og það verður fínt að létta þeirri ábyrgð af herðum sér." -fgg

# Takk



*Kæru landsmenn,*

*við viljum þakka ykkur hjartanlega fyrir frábærar móttökur á geisladiskunum "Ár og Öld Söngbók Björgvins Halldórssonar 1970-2005" og aldeilis frábæra aðsókn á söngkabarettinn "Nína og Geiri" Söngbók Björgvins Halldórssonar á Broadway.*

## Næstu Sýningar

28. janúar (örfá sæti laus), 4. febrúar (örfá sæti laus)
18. febrúar, 25. febrúar og 4. mars




Björgvin Halldórsson

*Fáanleg um land allt*




BROADWAY
Borðapantanir 533-1100
www.broadway.is

TÓNALJÓS

98.9 BYLGJAN
www.bylgjan.is

sena

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

# Sakbendingar

Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann? Svo spyr Jón Hreggviðsson Arnam Arnæum í Íslandsklukkunni, seytjánda kafla. Er nokkur furða að þessi orð rifjist upp fyrir manni í nýársæðinu sem hefur gripið þjóðina.

**LUKKURIDDARAR** þings og fjölmiðla fnæsa af hneykslan yfir frétt í DV um að maður „væri sagður“ hafa brotið kynferðislega gegn börnum og hefði verið kærður. Þann örlagaríka fréttadag svipti maðurinn sig lífi. Pótintátar allskyns nota tækifærið til þess að upphefja sig af vandvirknislegri vandlætingu og dæma ritstjórana morðingja, jafnvel þótt enginn hafi einu sinni kært þá fyrir röfl. Lesendur blaðsins meira að segja dregnir að gálganum fyrir þá sök eina að kaupa blaðið. Aðrir berjandi sér á brjóst fyrir að vera svo dyggðugir að hafa sagt upp áskriftinni í árdaga. Og hver stingur vandlega japlaðri tuggunni upp í sig á eftir öðrum. Hún er látin ganga.

**HVAÐ** er skakkt við þessa mynd? Hver drap mann og hver drap ekki mann? Viðbrögðin í fjölmiðlum hafa verið eins og að hlusta á útúrdrukkinn alka sem kennir öðrum um ófarir sínar, jafnvel þótt hann einn og sjálfur hafi séð um að hella upp á sig. Allir sem hlusta á ramakvein hans, taka undir með honum eins og heilalaus kór og fúnkera á æðibunulegu viðbragðastiginu einu. En það er svo sem ekkert nýtt að bakari sé hengdur fyrir smið, eða sendiboði válegra tíðinda sé gerður höfðinu styttri. Sá kækur tíðkaðist á tímum forn-Grikkja og á sér örugglega lengri sögu. Hefur eflaust fylgt mannkyninu frá því fyrir upphaf annálaritunar. Við höfum lítið lært. Hluti af tregðulögmálinu.

**EN** hvað ábyrgð á sjálfsvígum varðar, þá væri kannski skynsamlegt að skoða hana í víðara samhengi. Spyrja, til dæmis, hversu margir ungir fíklar svipta sig lífi á ári hverju vegna úrræðaleysis í meðferðamálum, almennu skeytingarleysi og skorti á fjármagni til að hjálpa þeim. Hver er morðinginn þar? Og hvers vegna hefur ekkert fár orðið í fjölmiðlum vegna þeirra sjálfsvíga? Er það vegna þess að þeir dóu hljóðlega og bentu ekki á neinn? ■

Ofkeyrðu þig

Leiðindaveður og strætó aldrei á réttum tíma. Væri ekki munur að vera í → upphituðum bíl með i-Podinn þinn tengdan í góðar græjur.
Í Aygo getur þú notið þess að keyra um bæinn. Kemst léttilega í öll stæði og skýst framhjá stærri bensínhákum. →
Að ganga er ofmetið. Það gengur ekki lengur. → Ofkeyrðu þig á Aygo.

Engin útborgun & tryggingar innifaldar
Aðeins 22.852 kr. á mánuði*
*Sértilboð TM og AYGO. M.v. 84. mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

AYGO
Það er gaman að keyra




Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000



Skráning á heimasíðu skólans
4. - 17. janúar

FJARNÁM
ÖFLUGT OG ÓDÝRT

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS